

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1358****2023/EES/45/07****frá 2. júní 2022****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar framkvæmd hóflegri krafna fyrir loftför sem notuð eru í sport- og tómstundaflugi. (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 19. gr. og 13. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur um lofthæfi- og umhverfisvottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar almenningsoftfara, sem og hreyfla, loftskrúfna og hluta sem á að setja þar upp.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 140. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skulu einfaldar og hóflegar reglur gilda um sport- og tómstundaflug til að komast hjá því að leggja óþarfa stjórnsýslulegar og fjárhagslegar byrðar á þau fyrirtæki sem taka þátt í hönnun og framleiðslu slíkra loftfara. Þessar reglur eiga að vera hóflegar, kostnaðarhagkvæmar og sveigjanlegar en tryggja jafnframt nauðsynlegt öryggisstig.
- 3) Fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun og framleiðslu á tilteknum vöruflokkum sem notaðir eru í sport- og tómstundaflugi, ættu að eiga kost á því í stað þess að fá hönnunarovottun að lýsa því yfir að hönnun loftfars og, ef við á, hreyfls og loftskrúfu uppfylli viðeigandi staðla iðnaðarins ef talið er að þetta tryggi viðunandi öryggisstig.
- 4) Fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun og framleiðslu á vörum sem eru notaðar í sport- og tómstundaflugi, ættu einnig að eiga þess kost að nota hóflegra ferli við vottun á slíkum vörum.
- 5) Fyrirtæki, sem koma að hönnun og framleiðslu á vörum sem eru notaðar í sport- og tómstundaflugi, ættu að eiga þess kost í stað samþykkis fyrir fyrirtækinu að lýsa því yfir að þau geti hannað og framleitt framleiðsluvörur og hluta. Þessi fyrirtæki ættu að geta notað fyrirliggjandi samþykki til að sýna fram á getu sína við framkvæmd hönnunar- og framleiðslustarfsemi.
- 6) Einnig skal mæla fyrir um umhverfisverndarkröfur fyrir þær framleiðsluvörur þar sem hönnunin fellur undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar. Slíkar kröfur um umhverfisvernd skulu byggjast á kröfunum í I., II. og III. bindi 16. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál ⁽³⁾ í því skyni að tryggja sömu samræmdu umhverfisvernd án tillits til þess hvort framleiðsluvaran sé háð tegundarovottun eða yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 205, 5.8.2022, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(²) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

(³) Chicago-samningurinn um alþjóðlegt almenningflug, undirritaður í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn).

- 8) Kveða ætti á um nægilegt umbreytingartímabil fyrir fyrirtæki sem koma að hönnun og framleiðslu loftfara sem eru aðallega notuð í sport- og tómstundaflugi til að tryggja að farið sé að þeim nýju reglum og verklagsreglum sem innleiddar eru með þessari reglugerð.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nr. 05/2021 ⁽⁴⁾ sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyriragnarinnar kemur eftirfarandi:

„REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 748/2012

frá 3. ágúst 2012

um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara eða yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi kröfur um getu hönnunar- og framleiðslufyrirtækja

(endurútgefin)“,

- 2) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um, í samræmi við 19. og 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferðir fyrir lofthæfi- og umhverfisvottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar sem tilgreina:

- a) útgáfu tegundarvottorða, takmarkaðra tegundarvottorða, viðbótartegundarvottorða og breytinga á þessum vottorðum,
- b) útgáfu lofthæfivottorða, takmarkaðra lofthæfivottorða, flugleyfa og opinberra viðhaldsvottorða,
- c) útgáfu samþykkis fyrir hönnun viðgerðar,
- d) staðfestingu á að farið sé að umhverfisverndarkröfum,
- e) útgáfu hljóðstigsvottorða og takmarkaðra hljóðstigsvottorða,
- f) auðkenningu framleiðsluvara, hluta og búnaðar,
- g) vottun tiltekinna hluta og búnaðar,
- h) vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja,
- i) útgáfu lofthæfifyrirmæla,

⁽⁴⁾ Álit Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins nr. 05/2021 frá 22. október 2021, 21. hluti Light - Certification and declaration of design compliance of aircraft used for sport and recreational aviation and related products and parts, and declaration of design and production capability of organisations, <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions/opinion-052021>.

- j) gerð yfirlýsinga um að hönnunarkröfur séu uppfylltar og breytingar á þessum yfirlýsingum,
- k) gerð yfirlýsinga um hönnunar- og framleiðslugetu.
2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „JAA“ (e. *Joint Aviation Authorities*): „Flugöryggissamtök Evrópu“,
- b) „JAR“ (e. *Joint Aviation Requirements*): kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu, JAR-kröfur,
- c) „21. hluti“: kröfur og verklagsreglur varðandi vottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, sem mælt er fyrir um í I. viðauka (21. hluta) við þessa reglugerð,
- d) „21. hluti Light“: kröfur og verklagsreglur varðandi vottun eða yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar fyrir loftför sem eru einkum ætluð til sport- og tómstundaiðkunar og tilheyrandi framleiðsluvörur og hluta, og yfirlýsingu um hönnunar- og framleiðslugetu fyrirtækja, sem mælt er fyrir um í I. viðauka b (21. hluta Light) við þessa reglugerð,
- e) „höfuðstöðvar“: aðalskrifstofa eða skráð skrifstofa fyrirtækis þar sem aðalfjármálastarfsemi og rekstrarstjórnun þeirrar starfsemi sem um getur í þessari reglugerð fer fram,
- f) „hlutur/búnaður“: sérhver hlutur og búnaður, sem er notaður í almenningsloftför,
- g) „ETSO“ (e. *European Technical Standard Order*): evrópsk tækniforskrift. Evrópsk tækniforskrift er ítarleg lofthæfiforskrift sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunin“) gefur út til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og er hún staðall um lágmarksafkastagetu fyrir tilgreinda hluti/búnað,
- h) „EPA“ (e. *European Part Approval*): evrópskt hlutasamþykki. Evrópskt hlutasamþykki sem hlut/búnaði er veitt merkir að hluturinn/búnaðurinn er framleiddur í samræmi við samþykkt hönnunargögn, sem tilheyra ekki handhafa tegundarvottorðs viðkomandi framleiðsluvöru nema þegar um er að ræða hluti/búnað sem samræmast evrópskri tækniforskrift,
- i) „ELA1-loftfar“: eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:
- flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 1200 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,
 - sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni,
 - loftbelgur sem er hannaður þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m³ í hitaloftbelg, 1050 m³ í gasbelg, 300 m³ í tjóðruðum gasbelg,
 - loftskip sem er ætlað fjórum eða færri og er hannað þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m³ fyrir hitaloftskip og 1000 m³ fyrir gasloftskip,
- j) „ELA2-loftfar“: eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:
- flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 2000 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,
 - sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 2000 kg eða minni,
 - loftbelgur,
 - hitaloftskip,
 - gasloftskip með alla eftirfarandi eiginleika:
 - þyngd í kyrrstöðu sem er að hámarki 3%,
 - enginn stefniknýr (nema vendiknýr),

- hefðbundna og einfalda hönnun á burðarvirki, stýrikerfi og loftpokakerfi,
 - stjórnækni sem ekki eru aflstýrð,
 - vi. þyrilvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er ekki yfir 600 kg, eru af einfaldri hönnun, eru hannaðar til að bera að hámarki tvo farþega og eru ekki knúðar hverfihreyfli og/eða eldflaugarhreyfli og takmarkast við sjónflug að degi til,
 - k) „gögn um örugga starfrækslu“ (OSD): gögn sem eru hluti af tegundarvottorði, takmörkuðu tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði loftfars sem samanstanda af öllu eftirfarandi:
 - i. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun til tegundarréttinda flugmanna, þ.m.t. ákvörðun um tegundaráritun,
 - ii. skilgreiningu á gildissviði gagnaheimilda um fullgildingu loftfars til að styðja við hlutlausa viðurkenningu herma eða bráðabirgðagögn sem styðja starfsréttindi þeirra til bráðabirgða,
 - iii. lágmarksnámsefni fyrir þjálfun viðhaldsvotta til tegundarréttinda, þ.m.t. ákvörðun um tegundaráritun,
 - iv. ákvörðun um tegund eða afbrigði fyrir öryggis- og þjónustuliða og tiltekin gögn fyrir öryggis- og þjónustuliða,
 - v. grunnlista yfir lágmarksbúnað.“
- 3) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:
- „2. gr.

Vottun framleiðsluvara, hluta og búnaðar

1. Gefa skal út vottorð fyrir framleiðsluvörur, hluta og búnað eins og tilgreint er í I. viðauka (21. hluta).
2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að gefa í staðinn út vottorð eins og tilgreint er í I. viðauka b (21. hluta Light) fyrir eftirfarandi vörur:
 - a) flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 2000 kg eða minni og hefur skráðan hámarksfjölda í sætafyrirkomulagi fyrir fjóra,
 - b) sviffugu eða vélsviffugu með hámarksflugtaksmassa sem er 2000 kg eða minni,
 - c) loftbelg,
 - d) hitaloftskip,
 - e) gasloftskip fyrir farþega, ekki hannað fyrir fleiri en fjóra farþega,
 - f) þyrilvængju með 1200 kg hámarksflugtaksmassa eða minni og hámarksfjölda sæta í sætafyrirkomulagi fyrir fjóra,
 - g) bulluhreyfil eða loftskrífu með föstum skurði, sem ætluð er til ísetningar í loftfar sem um getur í a- til f-lið eða
 - h) þyrilflugu.
3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar er heimilt að gefa í staðinn út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, eins og tilgreint er í I. viðauka b (21. hluta Light), fyrir eftirfarandi vörur:
 - a) flugvél með 1200 kg hámarksflugtaksmassa eða minni, sem er ekki knúin þotuhreyflum, með hámarksfjölda farþegasæta í sætafyrirkomulagi við starfrækslu fyrir tvo,
 - b) sviffugu eða vélsviffugu með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni,
 - c) loftbelg sem er ekki hannaður fyrir fleiri en fjóra farþega,
 - d) hitaloftskip sem er ekki hannað fyrir fleiri en fjóra farþega.

4. Þrátt fyrir 1. til 3. mgr. þessarar greinar skal veita undanþágu frá ákvæðum H- og I-kafla í A-þætti I. viðauka (21. hluta) og H- og I-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light) fyrir loftför sem eru ekki skráð í aðildarríki, þ.m.t. ísettar framleiðsluvörur, hlutar og búnaður. Einnig skal veita undanþágu frá ákvæðum P-kafla í A-þætti í I. viðauka (21. hluta) og P-kafla í A-þætti í I. viðauka b (21. hluta Light), þó ekki þegar aðildarríki mæla fyrir um skráningarkerki loftfars.“

4) Eftirfarandi 2. gr. a bætist við:

„2. gr. a

Umbreytingarfyrirkomulag vegna áður útgefinna vottorða skv. I. viðauka (21. hluta)

1. Handhafa gilds tegundarvottorðs eða viðbótartegundarvottorðs, sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út eða sem hún telst hafa gefið út samkvæmt I. viðauka (21. hluta), er heimilt, til 25. ágúst 2025, að óska eftir því við Flugöryggisstofnunina að hún viðhaldi frá og með tiltekinni dagsetningu þeirri tegundarhönnun sem samþykkt hefur verið samkvæmt vottorðinu í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light), að því tilskildu að framleiðsluvaran, sem vottorðið tekur til, falli undir gildissvið 2. mgr. 2. gr.

2. Þegar beiðni er lögð fram skv. 1. mgr. skal tegundarvottorðið eða viðbótartegundarvottorðið, frá og með þeirri dagsetningu sem um getur í 1. mgr., falla undir ákvæðin í I. viðauka b (21. hluta Light) að því er varðar tegundarvottorðin eða viðbótartegundarvottorðin, eftir því sem við á. Flugöryggisstofnunin skal breyta gagnablaði tegundarvottorðs eða viðbótargagnablaði tegundarvottorðs til samræmis við það.“

5) Í stað 3. og 4. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar framleiðsluvörur, sem voru í tegundarvottun hjá Flugöryggissamtökum Evrópu eða í aðildarríki 28. september 2003, gildir eftirfarandi:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef vottun framleiðsluvörunnar er hafin í nokkrum aðildarríkjum,

b) ákvæði a-, b- og c-liðar 21.A.15 í I. viðauka (21. hluta) skulu ekki gilda,

c) þrátt fyrir 21.B.80 í I. viðauka (21. hluta), skal tegundarvottunargrunnurinn vera sá sami og grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki,

d) staðfesting á hlítni, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, telst vera komin frá Flugöryggisstofnuninni í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði a- og d-liðar 21.A.20 í I. viðauka (21. hluta).

4. Ef samþykkisferli vegna breytinga á framleiðsluvörum með landsbundin tegundarvottorð eða jafngildi þess, sem fram fer hjá aðildarríki, er ekki lokið þegar ákvarðað er að tegundarvottorðið sé samþykkt í samræmi við þessa reglugerð skulu eftirfarandi skilyrði gilda:

a) taka skal mið af því verki sem lengst er komið ef samþykkisferli er hafið í nokkrum aðildarríkjum,

b) ákvæði 21.A.93 í I. viðauka (21. hluta) skulu ekki gilda,

c) gildandi tegundarvottunargrunnur skal vera grunnur Flugöryggissamtaka Evrópu eða, eftir atvikum, aðildarríkisins á þeim tíma þegar sótt er um samþykki fyrir breytingu,

d) staðfesting á hlítni, samkvæmt verklagsreglum Flugöryggissamtaka Evrópu eða aðildarríkis, telst vera komin frá Flugöryggisstofnuninni í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði 21.B.107 í I. viðauka (21. hluta).“

6) Í stað 2. og 3. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er einstaklingi eða lögaðila, sem ber ábyrgð á hönnun framleiðsluvara og er með höfuðstöðvar í aðildarríki og sækir um eða hefur undir höndum vottorð fyrir hönnun framleiðsluvara eða breytingar eða viðgerðir á þeim í samræmi við 2. mgr. 2. gr. að öðrum kosti heimilt að sýna fram á hæfni sína í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light).

3. Einstaklingar eða lögaðilar sem taka þátt í hönnun loftfars sem fellur undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem um getur í 3. mgr. 2. gr., þurfa ekki að sýna fram á getu sína.“

7) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við í 8. gr.:

„5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar getur fyrirtæki, sem hefur höfuðstöðvar í ríki sem ekki er aðildarríki, sýnt fram á getu sína ef það er handhafi vottorðs sem útgefið er af framleiðsluríki framleiðsluvörunnar, hlutans og búnaðarins sem vottorðið varðar í samræmi við I. viðauka (21. hluta), að því tilskildu:

a) að það ríki sé hönnunarríkið,

b) að Flugöryggisstofnunin hafi ákvarðað að kerfi þess ríkis feli í sér jafnóháða athugun á hlítni og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, annaðhvort sé þar sambærilegt kerfi varðandi samþykki fyrirtækja eða bein þátttaka af hálfu lögbærs yfirvalds ríkisins.“

8) Í stað 2. og 3. mgr. 9. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er einstaklingi eða lögaðila sem er með höfuðstöðvar í aðildarríki og ber ábyrgð á framleiðslu framleiðsluvara, hluta þeirra og búnaði í samræmi við 2. mgr. 2. gr. heimilt að sýna í staðinn fram á hæfni sína í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light).

3. Ekki skal gerð krafa um að sýnt sé fram á getu, í samræmi við 1. eða 2. mgr., þegar framleiðslufyrirtækið eða einstaklingurinn eða lögaðilinn tekur þátt í eftirfarandi framleiðslustarfsemi:

a) framleiðslu hluta eða búnaðar sem, í samræmi við ákvæði I. viðauka (21. hluta), er hæfur til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru, án þess að opinbert viðhaldsvottorð fylgi (þ.e.a.s. EASA-eyðublað nr. 1),

b) framleiðslu hluta sem, í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light), eru hæfir til ísetningar í loftfar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, án þess að fylgja þurfi opinbert viðhaldsvottorð (þ.e. EASA-eyðublað nr. 1),

c) framleiðslu loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. og hluta sem eru hæfir til ísetningar í slík loftför. Í slíkum tilvikum skal framleiðslustarfsemin fara fram í samræmi við R-kafla A-þáttar I. viðauka b (21. hluta Light).“

9) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Ráðstafanir Flugöryggisstofnunar

1. Flugöryggisstofnun skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur sem lögbær yfirvöld, stofnanir og starfsfólk geta nýtt til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum I. viðauka (21. hluta) og I. viðauka b (21. hluta Light).

2. Þær viðurkenndu aðferðir til að uppfylla kröfur sem Flugöryggisstofnun gefur út skulu hvorki innleiða nýjar kröfur né veita tilslakanir á kröfum I. viðauka (21. hluta) og I. viðauka b (21. hluta Light).“

10) Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

11) Ákvæðum I. viðauka b (21. hluta Light) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

1) G-kafla í A-þætti er breytt sem hér segir:

a) Í stað 21.A.133 kemur eftirfarandi:

„21.A.133 **Gjaldgengi**

Sérhver einstaklingur eða lögaðili („fyrirtæki“) telst gjaldgengur sem umsækjandi um samþykki samkvæmt þessum kafla. Umsækjandi skal:

- a) rökstyðja að fyrir tilgreint verksvið sé samþykki samkvæmt þessum kafla viðeigandi til að sýna samræmi við tiltekna hönnun og
- b) vera handhafi samþykkis eða hafa sótt um samþykki fyrir þeirri tilteknu hönnun eða
- c) hafa lýst því yfir eða hyggjast lýsa yfir að þessi tiltekna hönnun uppfylli kröfur C-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light) eða
- d) hafa tryggt fullnægjandi samræmingu milli framleiðslu og hönnunar með viðeigandi samkomulagi við:
 - 1) umsækjanda um eða handhafa samþykkis fyrir þeirri tilteknu hönnun sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð eða
 - 2) einstakling eða lögaðila sem gaf út yfirlýsingu um að þessi tiltekna hönnun uppfylli kröfur í samræmi við C-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light).“

b) Í stað d-liðar 21.A.139 kemur eftirfarandi:

„d) sem hluti af gæðastjórnunarþætti framleiðslustjórnunarkerfisins skal framleiðslufyrirtækið:

1. tryggja að hver framleiðsluvara, hluti eða búnaður, sem fyrirtækið eða samstarfsaðilar þess framleiða eða utanaðkomandi aðili útvegar eða er framleiddur hjá undirverktökum, samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi, sem gerir kleift að neyta réttindanna sem sett eru fram í 21.A.163,
2. koma á fót, framkvæma og viðhalda, innan gildissviðs samþykkisins, verklagsreglum um eftirlit að því er varðar:
 - i. útgáfu, samþykki eða breytingu skjala,
 - ii. úttekt á og eftirlit með mati á seljanda og undirverktaka,
 - iii. sannprófun á því að framleiðsluvörur, hlutar, efni og búnaður sem kemur inn, þ.m.t. einingar sem koma nýjar eða notaðar frá kaupendum framleiðsluvara, séu eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum,
 - iv. auðkenningu og rekjanleika,
 - v. framleiðsluferli,
 - vi. skoðun og prófun, þ.m.t. reynsluflug á framleiðslustigi,
 - vii. kvörðun verkfæra, sniðmáta og prófunarbúnaðar,
 - viii. eftirlit með einingum sem samræmast ekki ákvæðum,
 - ix. samræmingu lofthæfis við:
 - A) umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir hönnun,
 - B) einstakling eða lögaðila sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við C-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light),
 - x. vinnslu og varðveislu á skránni,
 - xi. hæfni og starfsréttindi starfsfólks,
 - xii. útgáfu lofthæfiskjala (e. *airworthiness release documents*),

- xiii. meðhöndlun, geymslu og pökkun,
- xiv. innri gæðaúttektir og úrbætur sem þær leiða til,
- xv. vinnu samkvæmt skilmálum samþykkis sem fer ekki fram í samþyktri aðstöðu,
- xvi. vinnu eftir að framleiðsla er lokið en áður en afhending fer fram til að halda loftfarinu í öruggu rekstrarástandi.
- xvii. útgáfu flugleyfa og samþykki tengdra skilyrða til flugs.

3. innihalda sértæk ákvæði um eftirlitsaðferðir fyrir alla þýðingarmikla hluta.“

c) Í stað b-liðar í 21.A.145 kemur eftirfarandi:

„b) að því er varðar öll nauðsynleg gögn um lofthæfi og umhverfisvernd:

1. að framleiðslufyrirtækið hafi móttengið slík gögn frá Flugöryggisstofnuninni og frá handhafa eða umsækjanda um tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð eða samþykki fyrir hönnun, sem gefið er út í samræmi við þessa reglugerð, eða frá einstaklingi eða lögaðila sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar samkvæmt C-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light), þ.m.t. allar undanþágur sem veittar eru frá kröfum um umhverfisvernd, til að ákvarða samræmi við viðeigandi hönnunargögn,
2. að tekin hafi verið upp tiltekin verklagsregla hjá framleiðslufyrirtækinu til að tryggja að gögn um lofthæfi og umhverfismál séu felld inn með réttum hætti í framleiðslugögn þess,
3. að slík gögn séu jafnan uppfærð og tiltæk öllu starfsfólki sem þarf aðgang að slíkum gögnum til að sinna skyldustörfum sínum.“

d) Í stað 21.A.163 kemur eftirfarandi:

„21.A.163 **Réttindi**

Samkvæmt skilmálum fyrir samþykki, sem gefnir eru út skv. 21.A.135, er handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki heimilt:

- a) að annast framleiðslustarfsemi samkvæmt þessum viðauka eða I. viðauka b (21. hluta Light),
- b) að því er varðar fullgerð tegundarvottuð loftför og eftir að hafa lagt fram samræmisyfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52) sem gefin er út skv. 21.A.174 og 21.A.204 í þessum viðauka eða skv. c-lið 21L.A.143 og 21L.A.163 í I. viðauka b (21. hluta Light), að afla lofthæfivottorðs fyrir loftfar og hljóðstigsvottorðs án þess að leggja fram frekari gögn,
- c) að því er varðar aðrar framleiðsluvörur, hluta eða búnað, að gefa út opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) samkvæmt þessum viðauka (21. hluta) eða skv. I. viðauka b (21. hluta Light) án þess að leggja fram frekari gögn,
- d) að því er varðar loftfar sem fellur undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skv. 21L.A.43 í I. viðauka b (21. hluta Light) og við framvísun samræmisyfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B), sem er gefin út samkvæmt d-lið 21L.A.143 og 21L.A.163 í I. viðauka b (21. hluta Light), að fá takmarkað lofthæfivottorð og takmarkað hljóðstigsvottorð án þess að leggja fram frekari gögn,
- e) ef um er að ræða framleiðsluvörur eða hluti sem á að setja í loftfar, sem fellur undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skv. 21L.A.43 í I. viðauka b (21. hluta Light), að gefa út opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) samkvæmt I. viðauka b (21. hluta Light) án þess að leggja fram frekari gögn,
- f) að viðhalda nýju loftfari, sem hann hefur framleitt, og gefa út afhendingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 53) að því er varðar það viðhald,
- g) að gefa út flugleyfi í samræmi við c-lið 21.A.711, þ.m.t. samþykki fyrir skilyrðum til flugs í samræmi við b-lið 21.A.710, samkvæmt þeim verklagsreglum, sem lögbært yfirvald samþykkir fyrir framleiðslu, vegna loftfars sem það hefur framleitt og þegar framleiðslufyrirtækið sjálft stýrir útfærslu loftfarsins og staðfestir samræmi við samþykkt hönnunarskilyrði flugsins samkvæmt samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki.“

e) Í stað 21.A.165 kemur eftirfarandi:

„21.A.165 **Skýldur handhafa**

Samkvæmt skilmálum fyrir samþykki, sem gefnir eru út skv. 21.A.135, skal handhafi samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki:

- a) tryggja að starfsemislýsing framleiðslufyrirtækisins, sem lögð er fram í samræmi við 21.A.143, og skjölin, sem hún vísar í, séu notuð sem grundvallarvinnuskjöl innan fyrirtækisins,
- b) viðhalda framleiðslufyrirtækinu í samræmi við þau gögn og verklagsreglur sem voru samþykkt í tengslum við samþykkið fyrir framleiðslufyrirtækinu,
- c)
 1. staðfesta að sérhvert fullgert loftfar samræmist tegundarhönnun og sé í öruggu rekstrarástandi áður en hann leggur samræmisyfirlýsingar fyrir lögbæra yfirvaldið eða
 2. staðfesta að aðrar framleiðsluvörur, hlutar eða búnaður séu fullgerð og samræmist samþykktum hönnunargögnum eða yfirlýstum hönnunargögnum og séu í öruggu rekstrarástandi, áður en hann gefur út EASA-eyðublað nr. 1 til að votta samræmi við samþykkt eða yfirlýst hönnunargögn og öruggt rekstrarástand,
 3. þar að auki, þegar um er að ræða umhverfiskröfur, staðfesta:
 - i. að fullgerður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur varðandi losun með útblæstri frá hreyflum sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins og
 - ii. að fullgerð flugvél uppfylli viðeigandi kröfur um koltvísýringslosun sem eru í gildi þann dag sem lofthæfivottorðið var fyrst gefið út,
 4. að aðrar framleiðsluvörur, hlutar eða búnaður samræmist viðeigandi gögnum áður en hann gefur út EASA-eyðublað nr. 1 sem samræmisvottorð,
- d) að veita handhafa tegundarvottorðs eða annars hönnunarsamþykkis eða einstaklingi eða lögaðila, sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar samkvæmt C-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light), aðstoð við aðgerðir vegna áframhaldandi lofthæfis í tengslum við framleiðsluvörurnar, hlutana eða búnaðinn sem hefur verið framleiddur,
- e) þegar handhafi ætlar að gefa út afhendingarvottorð samkvæmt skilmálum samþykkis síns, skal, áður en vottorðið er gefið út, ganga úr skugga um að nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á viðkomandi fullgerðu loftfari og að það sé í öruggu rekstrarástandi,
- f) skal, þar sem við á, samkvæmt réttindum e-liðar 21.A.163, ákvarða skilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa,
- g) skal, þar sem við á, samkvæmt réttindum e-liðar 21.A.163, tryggja samræmi við c- og e-lið 21.A.711 áður en flugleyfi er gefið út fyrir loftfar,
- h) uppfylla ákvæði A-kafla þessa þáttar.“

2) H-kafla í A-þætti er breytt sem hér segir:

a) Í stað 21.A.171 kemur eftirfarandi:

„21.A.171 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um útgáfu lofthæfivottorða fyrir loftför sem samræmast tegundarvottorði sem hefur verið gefið út í samræmi við þennan viðauka.“

b) Í stað b-liðar í 21.A.174 kemur eftirfarandi:

„b) sérhver umsókn um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal innihalda:

1. flokk lofthæfivottorðs sem sótt er um,

2. að því er varðar ný loftför:

i. samræmisýfirlýsingu:

— sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða

— sem gefin er út skv. 21.A.130 og fullgilt af lögbæra yfirvaldinu eða

— fyrir innflutt loftför: samræmisýfirlýsingu, sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða, ef um er að ræða loftfar sem er flutt inn í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, yfirlýsingu sem útflutningsyfirvaldið undirritar um að loftfarið samræmist hönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkir,

ii. massa- og jafnvægissskýrslu með hleðsluáætlun og

iii. flughandbók þegar þess er krafist í viðeigandi vottunarforskriftum fyrir tiltekið loftfar.

3. að því er varðar notuð loftför sem eru upprunnin:

i. í aðildarríki, lofthæfistaðfestingarvottorð sem er gefið út í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽¹⁾,

ii. í ríki sem ekki er aðildarríki:

— yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, þar sem loftfarið er eða var skráð, sem endurspeglar lofthæfistöðu loftfarsins í loftfaraskrá þess við yfirfærslu,

— massa- og jafnvægissskýrslu með hleðsluáætlun,

— flughandbók þegar slíkrar handbókar er krafist í lofthæfireglum fyrir loftfarið,

— fyrri skrár til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldskröfur í tengslum við loftfarið, þ.m.t. allar takmarkanir sem tengjast takmörkuðu lofthæfivottorði sem er gefið út í samræmi við 21.B.327,

— tilmæli um að gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð og lofthæfistaðfestingarvottorð eftir staðfestingu á lofthæfi í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,

— dagsetninguna þegar fyrsta lofthæfivottorðið var gefið út og, ef kröfurnar í III. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn gilda, gögnin um mæligildi koltvísýrings.“

3) Í A-þætti er I-kafla breytt sem hér segir:

a) Í stað 21.A.201 kemur eftirfarandi:

„21.A.201 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um útgáfu hljóðstigsvottorða til loftfara sem samræmast tegundarvottorði sem hefur verið gefið út í samræmi við þennan viðauka.“

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

b) Í stað b-liðar í 21.A.204 kemur eftirfarandi:

„b) sérhver umsókn skal innihalda:

1. að því er varðar ný loftför:

i. samræmisýfirlýsingu:

- sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða
- sem gefin er út skv. 21.A.130 og fullgilt af lögbæra yfirvaldinu eða
- fyrir innflutt loftför: samræmisýfirlýsingu sem gefin er út samkvæmt b-lið 21.A.163 eða, ef um er að ræða loftfar sem er flutt inn í samræmi við 4. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, yfirlýsingu sem útflutningsyfirlýsing undirritar um að loftfarið samræmist hönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkir og

ii. hljóðstigsupplýsingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig,

2. að því er varðar notuð loftför:

- i. hljóðstigsupplýsingar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur varðandi hljóðstig og
- ii. fyrri skrár, til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldsstaðla loftfarsins.“

4) Í A-þætti er J-kafla breytt sem hér segir:

a) Í stað 21.A.233 kemur eftirfarandi:

„21.A.233 **Gjaldgengi**

Sérhver einstaklingur eða lögaðili („fyrirtæki“) telst gjaldgengur sem umsækjandi um samþykki samkvæmt þessum kafla:

- a) til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum 21.A.14, 21.A.112B, 21.A.432B eða 21.A.602B í þessum viðauka eða
- b) til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum 21L.A.23, 21L.A.83 eða 21L.A.204 í I. viðauka b (21. hluta Light) eða
- c) í þeim tilgangi að öðlast réttindi skv. 21.A.263 varðandi samþykki fyrir minni háttar breytingum eða hönnun minni háttar viðgerðar eða útgáfu yfirlýsinga um að hönnunarkröfur séu uppfylltar varðandi minni háttar breytingar eða hönnun minni háttar viðgerðar á loftförum sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla A-þáttar I. viðauka b (21. hluta Light).“

b) Í stað d-liðar 21.A.239 kemur eftirfarandi:

„d) Sem hluti af hönnunartryggingarþætti hönnunarstjórnunarkerfisins skal hönnunarfyrirtækið:

- 1. koma á fót, innleiða og viðhalda kerfi fyrir eftirlit og umsjón með hönnun sem og hönnunarbreytingum og viðgerðum á framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem falla undir skilmála samþykkisins; kerfið skal:
 - i. ná yfir lofthæfiaðgerð sem felur í sér að tryggja að hönnun framleiðsluvara, hluta og búnaðar, eða hönnunarbreytingar og viðgerðir á þeim, sé í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, viðeigandi vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur varðandi umhverfisvernd,
 - ii. tryggja að hönnunarfyrirtækið ræki skyldur sínar á tilhlýðilegan hátt í samræmi við þennan viðauka og skilmála samþykkis sem eru gefnir út skv. 21.A.251,
- 2. koma á fót, framkvæma og viðhalda óháðri sannprófun, sem liggur til grundvallar því að hönnunarfyrirtækið sýni fram á samræmi við gildandi kröfur varðandi lofthæfi, gögn um örugga starfrækslu og umhverfisvernd,

3. tilgreina á hvern hátt hönnunarstjórnunarkerfið tryggir að unnt sé að samþykkja þá hluta eða búnað, sem hannaður er, eða þau verkefni, sem samstarfsaðilar eða undirverktakar vinna, og skulu um það gilda aðferðir sem byggjast á skriflegum verklagsreglum.“

c) Í stað 21.A.263 kemur eftirfarandi:

„21.A.263 **Réttindi**

- a) (Frátekið til notkunar síðar)
- b) (Frátekið til notkunar síðar)
- c) Handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki skal, innan gildissviðs skilmála samþykkisins, sem er gefið út í samræmi við 21.A.251, og samkvæmt viðeigandi verklagsreglum hönnunarstjórnunarkerfisins, hafa rétt til:
 1. að flokka breytingar á tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði og hönnun viðgerðar sem „meiri háttar“ eða „minni háttar“,
 2. að samþykkja minni háttar breytingar á tegundarvottorði eða viðbótartegundarvottorði og hönnun minni háttar viðgerðar samkvæmt þessum viðauka (21. hluta) eða skv. I. viðauka b (21. hluta Light),
 3. að lýsa því yfir að kröfur séu uppfylltar að því er varðar minni háttar breytingu eða minni háttar viðgerð á hönnun loftfars sem skýrslugjafi hefur lýst yfir að uppfylli hönnunarkröfur samkvæmt 21L.A.43 í C-kafla A-þáttar I. viðauka b (21. hluta Light),
 4. að lýsa yfir að breytt hönnun loftfars uppfylli kröfur í samræmi við 21L.A.43 í I. viðauka b (21. hluta Light) ef einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem upphaflega gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar umrætt loftfar skv. 21L.A.43 í I. viðauka b (21. hluta Light) er ekki lengur virkur eða svarar ekki beiðnum um yfirlýsingu um að breytingar á hönnun uppfylli kröfur,
 5. að samþykkja tiltekna hönnun meiri háttar viðgerðar, samkvæmt M-kafla í þessum viðauka, á framleiðsluvörum eða aukaafstöðvum,
 6. að samþykkja, fyrir tiltekin loftför, flugskilyrðin fyrir útgáfu flugleyfa, í samræmi við 2. lið a-liðar 21.A.710, þó ekki fyrir flugleyfi sem á að gefa út að því er varðar 15. lið a-liðar 21.A.701,
 7. að gefa út flugleyfi, í samræmi við b-lið 21.A.711, fyrir loftför sem hann hefur hannað eða breytt, eða þar sem hann hefur samþykkt flugskilyrðin fyrir útgáfu flugleyfis, í samræmi við 6. lið c-liðar 21.A.263, og ef handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki:
 - i. stýrir útfærslu loftfarsins og
 - ii. staðfestir samræmi við hönnunarskilyrði sem eru samþykkt fyrir flugið,
 8. samþykkir tilteknar meiri háttar breytingar á tegundarvottorði samkvæmt D-kafla þessa viðauka eða D-kafla A-þáttar I. viðauka b (21. hluta Light) og
 9. samþykkir tilteknar meiri háttar breytingar á tegundarvottorði samkvæmt E-kafla þessa viðauka eða E-kafla A-þáttar I. viðauka b (21. hluta Light) og samþykkir meiri háttar breytingar á þessum vottorðum.“

d) Í stað c-liðar 21.A.265 kemur eftirfarandi:

- „c) ákvarða hvort hönnun framleiðsluvara eða breytingar eða viðgerðir á þeim uppfylli viðeigandi tegundarvottunargrunn, tækniforskriftir varðandi gerð yfirlýsinga, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd og séu á engan hátt óruggar,“

- 5) Eftirfarandi 7. liður b-liðar bætist við í K-kafla A-þáttar í 21.A.307:

„7. hluta eða búnað sem einstaklingur eða stofnun, sem um getur í 4. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, framleiðir,“

- 6) Í stað textans í titlinum „Notkunarleiðbeiningar fyrir EASA-eyðublað nr. 1“ í I. viðbæti kemur eftirfarandi:

Þessar leiðbeiningar eiga aðeins við um notkun EASA-eyðublaðs nr. 1 vegna framleiðslu. Athygli er vakin á II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 sem tekur til notkunar EASA-eyðublað nr. 1 vegna viðhalds.

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

- 1.1. Meginmarkmiðið með vottorðinu er að lýsa yfir lofthæfi nýrra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til notkunar í flugi (hér á eftir nefnt „eining“ eða „einingar“).
- 1.2. Samsvörun skal vera á milli vottorðsins og einingarinnar eða eininganna. Sá sem útbýr vottorðið skal geyma vottorðið á formi sem gerir kleift að sannreyna upphaflegu gögnin.
- 1.3. Mörg lofthæfifirvöld viðurkenna vottorðið, en það kann að vera háð tvíhliða samningum og/eða stefnu lofthæfifyfirvaldsins.
- 1.4. Vottorðið er ekki afhendingarseðill eða fylgiseðill.
- 1.5. Vottorðið skal ekki notast sem viðhaldsvottorð fyrir loftfar.
- 1.6. Þetta vottorð jafngildir ekki heimild til ísetningar einingarinnar í tiltekið loftfar, hreyfil eða loftskrúfu en hjálpar notanda að ákvarða stöðu samþykkis á lofthæfi hennar.
- 1.7. Ekki er heimilt að setja einingar með framleiðsluvottorð og viðhaldsvottorð á sama vottorð.
- 1.8. Ekki er heimilt að setja einingar, sem eru vottaðar í samræmi við „samþykkt gögn“ og einingar, sem eru vottaðar í samræmi við „ósamþykkt gögn“, á sama vottorðið.

2. ALMENNT SNIÐ

- 2.1. Vottorðið skal vera í samræmi við meðfylgjandi eyðublað, þ.m.t. númer reitanna og staðsetning. Þó má breyta stærð hvers reits eftir því sem hentar fyrir viðkomandi umsókn en ekki að því marki að vottorðið verði óþekkjanlegt.
- 2.2. Vottorðið skal vera með langsniði en heimilt er að stækka eða minnka vottorðið töluvert svo fremi að það sé áfram þekkjanlegt og læsilegt. Hafa skal samráð við lögbæra yfirvaldið í vafatilvikum.
- 2.3. Yfirlýsing um ábyrgð notanda/þess sem annast ísetningu má vera á hvorri hlið eyðublaðsins sem er.
- 2.4. Allur texti skal prentaður skýrt og læsilega til að auðvelt sé að lesa hann.
- 2.5. Vottorðið skal annaðhvort vera forprentað eða tölvugert en hvort heldur er skal prentun lína og stafa vera skýr og læsileg og í samræmi við skilgreinda sniðið.
- 2.6. Vottorðið skal vera á ensku og, ef við á, á einu eða fleiri tungumálum til viðbótar.
- 2.7. Upplýsingarnar, sem færa skal á vottorðið, skulu prentaðar í vél eða tölvu eða handskrifaðar með hástöfum og vera auðlæsilegar.
- 2.8. Fyrir skýrleika sakir skal nota sem minnst af skammstöfunum.
- 2.9. Sá sem útbýr vottorðið getur notað auða svæðið á bakhlið vottorðsins undir viðbótarupplýsingar en ekki undir vottunaryfirlýsingar. Vísa verður til notkunar á bakhlið vottorðsins í viðeigandi reit á framhlið þess.

3. AFRIT

- 3.1. Engin takmörk eru sett á fjölda vottorðsafrita sem send eru til viðskiptavina eða varðveitt hjá þeim sem útbýr vottorðið.

4. SKEKKJA EÐA SKEKKJUR Á VOTTORÐI

- 4.1. Ef notandi finnur skekkju eða skekkjur á vottorði verður hann að tilkynna hana eða þær skriflega til þess sem útbjó vottorðið. Sá sem útbýr vottorðið má gefa út nýtt vottorð ef unnt er að staðfesta og leiðrétta skekkjuna eða skekkjurnar.

- 4.2. Nýja vottorðið verður að hafa nýtt rakningarnúmer, undirskrift og dagsetningu.

- 4.3. Uppfylla má beiðni um nýtt vottorð án þess að sannprófa á ný ástand einingarinnar eða eininganna. Nýja vottorðið er ekki yfirlýsing um núverandi ástand og skal vísa til fyrra vottorðsins í 12. reit með eftirfarandi yfirlýsingu: „Þetta vottorð leiðréttir skekkjuna/skekkjurnar í reit/reitum [númer reita sem hafa verið leiðréttir] í vottorði [upphaflegt rakningarnúmer] dagsettu [upphaflegur útgáfudagur] og tekur ekki til samræmis/ástands/afhendingar.“ Bæði vottorðin skulu geymd í samræmi við þann varðveislutíma sem tengdur er fyrra vottorðinu.

5. HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR VOTTORÐIÐ BER AÐ FYLLA ÞAÐ ÚT

1. reitur Lögbært yfirvald/land sem veitir samþykki

Hér skal tilgreina heiti og land lögbæra yfirvaldsins sem veitti samþykki fyrir útgáfu vottorðsins. Þegar lögbæra yfirvaldið er Flugöryggisstofnunin skal aðeins standa „EASA“.

2. reitur EASA-eyðublað nr. 1 yfirskrift

„OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ — EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1“

3. reitur Rakningarnúmer eyðublaðs

Hér skal færa inn einkvæmt númer sem myndað er samkvæmt númerakerfi/verklagsreglu fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit. Þetta númer má innihalda bæði tölustafi og bókstafi.

4. reitur Heiti og heimilisfang fyrirtækis

Hér skal færa fullt heiti og heimilisfang framleiðslufyrirtækisins (sjá EASA-eyðublað nr. 55, blað A) eða einstaklingsins eða lögaðilans sem gefur út afhendingarvottorð fyrir eininguna eða einingarnar sem falla undir þetta vottorð. Kennimerki fyrirtækisins/stofnunarinnar o.s.frv. ef hægt er að halda því innan reitsins.

5. reitur Verkbeiðni/verksamningur/reikningur

Hér skal færa númer verkbeiðni, samnings, reiknings eða annað tilvísunarnúmer til að auðvelda viðskiptavini að rekja eininguna eða einingarnar.

6. reitur Eining

Hér skal færa inn eininganúmer ef um fleiri en eina einingu er að ræða. Þessi reitur auðveldar millivísun í liðinn „Athugasemdir“ í 12. reit.

7. reitur Lýsing

Tilgreina skal heiti einingar eða lýsa henni. Helst skal nota hugtakið sem notað er í leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi eða viðhaldsgögnum (t.d. myndskýrðu hlutaskránni, viðhaldshandbók loftfarsins, þjónustuleiðbeiningum, viðhaldshandbók íhlutar).

8. reitur Hlutarnúmer

Hér skal tilgreina hlutanúmer eins og það birtist á einingunni eða merki og umbúðum. Ef um er að ræða hreyfil eða loftskrúfu má nota tegundarheiti.

9. reitur Magn

Hér skal tilgreina fjölda eininga.

10. reitur

Raðnúmer

Hér skal tilgreina raðnúmer ef þess er krafist, samkvæmt reglugerð, að einingin sé auðkennd með raðnúmeri. Hér má að auki tilgreina raðnúmer sem ekki er krafist samkvæmt reglugerð. Ef ekkert raðnúmer er að finna á einingunni skal skrifa „Á ekki við“.

11. reitur

Staða/unnin verk

Hér skal færa annaðhvort „FRUMGERÐ“ eða „NÝ“.

Færa skal „FRUMGERÐ“:

- i. fyrir framleiðslu nýrrar einingar í samræmi við ósamþykkt hönnunargögn,
- ii. framleiðslu nýrrar einingar í samræmi við hönnunargögn sem skýrslugjafi hefur ekki enn gefið yfirlýsingu um í samræmi við C-, F- eða N-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light),
- iii. fyrir endurvottun fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit á fyrra vottorði eftir breytingu eða lagfæringu einingar áður en hún er tekin í notkun (t.d. eftir aðlögun að hönnunarbreytingu, lagfæringu galla, skoðun, prófun eða endurnýjun geymslupols). Upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið sem og breytingar og lagfæringar skulu færðar í 12. reit,

Færa skal „NÝ“:

- i. fyrir framleiðslu nýrrar einingar í samræmi við samþykkt hönnunargögn,
- ii. framleiðslu nýrrar einingar í samræmi við hönnunargögn sem skýrslugjafi hefur gefið yfirlýsingu um í samræmi við C-, F- eða N-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light),
- iii. fyrir endurvottun fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit á fyrra vottorði eftir breytingu eða lagfæringu einingar áður en hún er tekin í notkun (t.d. eftir aðlögun að hönnunarbreytingu, lagfæringu galla, skoðun, prófun eða endurnýjun geymslupols). Upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið sem og breytingar og lagfæringar skulu færðar í 12. reit,
- iv. fyrir endurvottun vöruframleiðandans eða fyrirtækisins sem tilgreint er í 4. reit á fyrra vottorði eininga frá „frumgerð“ (aðeins í samræmi við ósamþykkt gögn) og í „ný“ (í samræmi við samþykkt gögn og í öruggu rekstrarástandi) að fengnu samþykki fyrir viðeigandi hönnunargögnum og að því tilskildu að hönnunargögnin hafi ekki breyst.

Eftirfarandi yfirlýsingu skal færa í 12. reit varðandi vottaðar vörur:

„ENDURVOTTUNEININGA FRÁ „FRUMGERÐ“ OG Í „NÝ“: ÞETTA SKJAL VOTTAR SAMÞYKKI HÖNNUNARGAGNA [HÉR SKAL FÆRA INN NÚMER TEGUNDAVOTTORÐS/VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐS, ENDURSKOÐUNARSTIG], DAGSETT [HÉR SKAL FÆRA INN DAGSETNINGU EF NAUÐSYN KREFUR TIL AÐ AUÐKENNA STÖÐU ENDURSKOÐUNARINNAR], SEM ÞESSI EINING EÐA EININGAR VORU FRAMLEIDDAR SAMKVÆMT.“

Haka skal í rammann „samþykkt hönnunargögn og eru í öruggu rekstrarástandi“ í reit 13a,

Að því er varðar loftför, sem falla undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við C-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light), skal færa eftirfarandi yfirlýsingu inn í 12. reit:

„ENDURVOTTUNEININGA FRÁ „FRUMGERÐ“ OG Í „NÝ“: ÞETTA SKJAL VOTTAR YFIRLÝSINGUNA UM HÖNNUNARGÖGN [HÉR SKAL FÆRA INN TILVÍSUN YFIRLÝSINGAR, ENDURSKOÐUNARSTIG], DAGSETT [HÉR SKAL FÆRA INN DAGSETNINGU EF NAUÐSYN KREFUR TIL AÐ AUÐKENNA STÖÐU ENDURSKOÐUNARINNAR], SEM ÞESSI EINING EÐA EININGAR VORU FRAMLEIDDAR SAMKVÆMT.“

- v) fyrir skoðun nýrrar einingar sem afhendingarvottorð hefur verið gefið út fyrir áður en hún er tekin í notkun í samræmi við staðal eða forskrift sem tilgreind er af viðskiptavini (þær upplýsingar og upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið skulu færðar í 12. reit) eða til að ákvarða lofthæfi (skýringu á grundvelli afhendingarvottorðsins og upplýsingar um upphaflega afhendingarvottorðið skal færa í 12. reit).

12. reitur Athugasemdir

Hér skal lýsa því verki sem tilgreint er í 11. reit, annaðhvort beint eða með tilvísun til fylgiskjala, enda þurfi notandinn eða sá sem annast ísetningu á þessum upplýsingum að halda til að geta tekið lokaákvörðun um lofthæfi einingarinnar að því er varðar það verk sem verið er að votta. Ef nauðsyn krefur má nota sérstakt blað og vísa í það á EASA-eyðublaði nr. 1. Í hverri yfirlýsingu skal koma skýrt fram til hvaða einingar eða eininga í 6. reit hún vísar. Ef engin yfirlýsing er gefin skal rita „Ekkert“.

Hér skal færa inn rökstuðning fyrir útgáfu afhendingarvottorðs í samræmi við ósamþykkt hönnunargögn í 12. reit (t.d. tegundarvottorðs beðið, aðeins til prófunar, samþykkis gagna beðið).

Ef einingin hefur verið framleidd í samræmi við hönnunargögn sem skýrslugjafi hefur ekki enn gefið yfirlýsingu um í samræmi við C-, F- eða N-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light), þá skal eftirfarandi yfirlýsingu bætt við í 12. reit:

„BÍÐUR YFIRLÝSINGAR UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR Í SAMRÆMI VIÐ C-, F- EÐA N-KAFLA A-ÞÁTTAR Í I. VIÐAUKA b (21. hluta Light)“

Ef einingin hefur verið framleidd í samræmi við hönnunargögn sem skýrslugjafi hefur gefið yfirlýsingu um í samræmi við C-, F- eða N-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light), þá skal eftirfarandi yfirlýsingu bætt við í 12. reit:

„FRAMLEITT Í SAMRÆMI VIÐ HÖNNUNARGÖGN YFIRLÝSINGAR UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR Í SAMRÆMI VIÐ C-, F- EÐA N-KAFLA A-ÞÁTTAR Í I. VIÐAUKA b (21. hluta Light)“

Ef upplýsingarnar eru prentaðar úr rafrænni útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1 skal færa allar upplýsingar í þennan reit sem eiga ekki heima í öðrum reitum.

Reitur 13a Aðeins skal haka í annan rammann:

1. Haka skal við rammann „samþykkt hönnunargögn og eru í öruggu rekstrarástandi“ ef einingin eða einingarnar var/voru framleiddar samkvæmt samþykktum hönnunargögnum og eru í öruggu rekstrarástandi.
2. Haka skal við „ósamþykkt hönnunargögn sem eru tilgreind í 12. reit“ ef einingin eða einingarnar var/voru framleiddar samkvæmt viðeigandi ósamþykktum hönnunargögnum.

Einnig skal haka í rammann þegar ný eining hefur verið framleidd í samræmi við hönnunargögn sem gefin hefur verið yfirlýsing um í samræmi við C-, F- eða N-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light).

Hér skal tilgreina gögnin í 12. reit (t.d. tegundarvottorðs beðið, aðeins til prófunar, samþykkis gagna beðið, samræmis gætt við hönnunargögn í yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við C-, F- eða N-kafla í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light).

Ekki er heimilt að setja einingar sem gefnar eru út á grundvelli samþykktra og ósamþykktra hönnunargagna á sama vottorðið.

Reitur 13b Viðurkennd undirskrift

Í þennan reit skal koma undirskrift viðurkennds aðila. Aðeins aðilar, sem hafa til þess sérstaka heimild samkvæmt reglum og stefnu lögbæra yfirvaldsins, hafa leyfi til að færa nafn sitt í þennan reit. Til að auðvelda auðkenningu má bæta við einkvæmu númeri sem staðfestir deili á viðurkennda aðilanum.

Reitur 13c Númer samþykkis/heimildar

Hér skal færa inn samþykki/leyfisnúmer/tilvísun. Númerið eða tilvísunin er gefin út af lögbæra yfirvaldinu fyrir samþykkt eða yfirlýst framleiðslufyrirtæki (fyrir hluta sem eru framleiddir skv. I. viðauka b (21. hluta Light). Ef fyrirtækið hefur framleitt hluta, sem er í samræmi við hönnunargögn sem skýrslugjafi hefur lýst yfir að sé í samræmi við C-, F- eða N-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta) og fyrirtækið er ekki samþykkt eða er yfirlýst framleiðslufyrirtæki, ætti það að færa inn eftirfarandi yfirlýsingu:

„FRAMLEITT SAMKVÆMT R-KAFLA Í A-þætti I. viðauka b (21. hluta Light)“

Reitur 13d Heiti

Hér skal færa inn nafn aðilans, sem undirritar í reit 13b, á læsilegan hátt.

Reitur 13e Dagsetning

Hér skal færa inn þá dagsetningu sem reitur 13b er undirritaður og verður dagsetningin að vera á forminu dd = dagsetning tilgreind með tveim tölustöfum, mmm = mánuður tilgreindur með fyrstu þremur bókstöfum mánaðar, áááá = ár tilgreint með fjórum tölustöfum.

Reitir 14a-14e Almennar kröfur varðandi reiti 14a-14e:

EKKI notaðir fyrir afhendingu framleiðslu. Skyggja skal, dekkja eða merkja reitina á annan hátt til að koma í veg fyrir notkun fyrir slysi eða óheimilaða notkun.

Ábyrgð notanda/þess sem annast ísetningu

Eftirfarandi yfirlýsingu skal koma fyrir á vottorðinu til að tilkynna endanlegum notendum að vottorðið leysi þá ekki undan ábyrgð þegar kemur að ísetningu og notkun þeirra eininga sem fylgja vottorðinu:

„ÞETTA VOTTORÐ JAFNGILDIR EKKI SJÁLFKRAFA HEIMILD TIL ÍSETNINGAR.

VINNI NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU SAMKVÆMT REGLUM ANNARS LOFT-HÆFIYFIRVALDS EN TILGREINT ER Í 1. REIT ER NAUÐSYNLEGT AÐ NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU GANGI ÚR SKUGGA UM AÐ ÞAÐ LOFTHÆFIYFIRVALD VIÐURKENNI EININGAR FRÁ LOFTHÆFIYFIRVALDINU SEM ER TILGREINT Í 1. REIT.

YFIRLÝSINGARNAR Í REITUM 13A OG 14A JAFNGILDA EKKI ÍSETNINGARVOTTORÐI. Í ÖLLUM TILVIKUM ER ÓHEIMILT AÐ FLJÚGA LOFTFARINU NEMA VIÐHALDSGÖGNUNUM FYLGI ÍSETNINGARVOTTORÐ SEM NOTANDINN EÐA SÁ SEM ANNAST ÍSETNINGU HEFUR GEFID ÚT Í SAMRÆMI VIÐ LANDSBUNÐNAR REGLUR. “

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi I. viðauki b (21. hluti Light) bætist við:

„Efnisyfirlit

21L.1 Gildissvið

21L.2 Lögbært yfirvald

A– ÞÁTTUR – TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21L.A.1 Gildissvið

21L.A.2 Skyldur og aðgerðir sem aðili annar en umsækjandi um vottorð eða handhafi vottorðs eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar framkvæmir

21L.A.3 Tilkynningarkerfi

21L.A.4 Lofthæfifyrirmæli

21L.A.5 Samstarf hönnunar og framleiðslu

21L.A.6 Merking

21L.A.7 Skráahald

21L.A.8 Handbækur

21L.A.9 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

21L.A.10 Aðgangur og rannsókn

21L.A.11 Frávik og athugasemdir

21L.A.12 Aðferðir til að uppfylla kröfur

B-KAFLI – TEGUNDARVOTTORÐ

21L.A.21 Gildissvið

21L.A.22 Gjaldgengi

21L.A.23 Sýnt fram á hönnunargetu

21L.A.24 Umsókn um tegundarvottorð

21L.A.25 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

21L.A.26 Tegundarhönnun

21L.A.27 Kröfur um útgáfu tegundarvottorðs

21L.A.28 Skyldur handhafa tegundarvottorðs

21L.A.29 Framsalshæfi tegundarvottorðs

21L.A.30 Áframhaldandi gildi tegundarvottorðs

C-KAFLI – YFIRLÝSINGAR UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR LOFTFARS SÉU UPPFYLTLAR

21L.A.41 Gildissvið

21L.A.42 Gjaldgengi

21L.A.43 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

21L.A.44 Hlítiaðgerðir vegna yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

21L.A.45 Ítarlegar tækniforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd sem gilda um loftför sem falla undir yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

21L.A.46 Hönnunargögn loftfars

21L.A.47 Skyldur skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

21L.A.48 Framsal yfirlýsingar um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar er ekki heimilt

D-KAFLI – BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM

21L.A.61 Gildissvið

21L.A.62 Staðlaðar breytingar

21L.A.63 Flokkun breytinga á tegundarvottorði

21L.A.64 Gjaldgengi

21L.A.65 Umsókn um breytingu á tegundarvottorði

21L.A.66 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

21L.A.67 Kröfur um samþykki á minni háttar breytingu á tegundarvottorði

21L.A.68 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21L.A.69 Samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði samkvæmt réttindum

21L.A.70 Skyldur að því er varðar minni háttar breytingu á tegundarvottorði

E-KAFLI – VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21L.A.81 Gildissvið

21L.A.82 Gjaldgengi

21L.A.83 Sýnt fram á hönnunargetu

21L.A.84 Umsókn um viðbótar tegundarvottorð

21L.A.85 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

21L.A.86 Kröfur vegna samþykkis á viðbótar tegundarvottorði

21L.A.87 Samþykki á viðbótar tegundarvottorði samkvæmt réttindum

21L.A.88 Skyldur handhafa viðbótar tegundarvottorðs

21L.A.89 Framsalshæfi viðbótar tegundarvottorðs

21L.A.90 Áframhaldandi gildi viðbótar tegundarvottorðs

21L.A.91 Breytingar á hluta framleiðsluvöru sem viðbótar tegundarvottorð nær til

F-KAFLI – BREYTINGAR Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.A.101 Gildissvið

21L.A.102 Staðlaðar breytingar

21L.A.103 Flokkun breytinga á hönnun loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

21L.A.104 Gjaldgengi

21L.A.105 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar minni háttar breytingar

21L.A.106 Skyldur aðila sem gefur út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun minni háttar breytingar

21L.A.107 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingu

21L.A.108 Hlítinaðgerðir til að lýsa yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingu

G-KAFLI – YFIRLÝST FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21L.A.121 Gildissvið

21L.A.122 Gjaldgengi

21L.A.123 Yfirlýsing um framleiðslugetu

21L.A.124 Framleiðslustjórnunarkerfi

21L.A.125 Tilföng yfirlýsts framleiðslufyrirtækis

21L.A.126 Verksvið

21L.A.127 Skyldur yfirlýsta framleiðslufyrirtækisins

21L.A.128 Tilkynning um breytingar og stöðvun starfsemi

H-KAFLI – LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21L.A.141 Gildissvið

21L.A.142 Gjaldgengi

21L.A.143 Umsókn um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð

21L.A.144 Skyldur umsækjanda um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð

21L.A.145 Framsalshæfi og endurútgáfa lofthæfivottorðs og takmarkaðs lofthæfivottorðs innan aðildarríkja

21L.A.146 Áframhaldandi gildi lofthæfivottorðs og takmarkaðs lofthæfivottorðs

I-KAFLI – HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21L.A.161 Gildissvið

21L.A.162 Gjaldgengi

21L.A.163 Umsókn

21L.A.164 Framsalshæfi og endurútgáfa hljóðstigsvottorða og takmarkaðra hljóðstigsvottorða innan aðildarríkja

21L.A.165 Áframhaldandi gildi hljóðstigsvottorða og takmarkaðra hljóðstigsvottorða

J-KAFLI – YFIRLÝST HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21L.A.171 Gildissvið

21L.A.172 Gjaldgengi

21L.A.173 Yfirlýsing um hönnunargetu

21L.A.174 Hönnunarstjórnunarkerfi

21L.A.175 Tilföng yfirlýsts hönnunarfyrirtækis

21L.A.176 Verksvið

21L.A.177 Skyldur yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins

21L.A.178 Tilkynning um breytingar og stöðvun starfsemi

K-KAFLI – HLUTAR

21L.A.191 Gildissvið

21L.A.192 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

21L.A.193 Afhending hluta til ísetningar

M-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á TEGUNDARVOTTUÐUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM

21L.A.201 Gildissvið

21L.A.202 Staðlaðar viðgerðir

21L.A.203 Flokkun hönnunar viðgerða á tegundarvottuðum framleiðsluvörum

21L.A.204 Gjaldgengi

21L.A.205 Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerða á tegundarvottuðum framleiðsluvörum

21L.A.206 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

21L.A.207 Kröfur um samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerða

21L.A.208 Kröfur um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerða

21L.A.209 Samþykki fyrir hönnun viðgerðar samkvæmt réttindum

21L.A.210 Skyldur handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar

21L.A.211 Óviðgerðar skemmdir

N-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.A.221 Gildissvið

21L.A.222 Staðlaðar viðgerðir

21L.A.223 Flokkun hönnunar viðgerða á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

21L.A.224 Gjaldgengi

21L.A.225 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun minni háttar viðgerða

21L.A.226 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerða

21L.A.227 Hlítiaðgerðir til að lýsa yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerðar

21L.A.228 Skyldur skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun viðgerðar

21L.A.229 Óviðgerðar skemmdir

O-KAFLI – EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

P-KAFLI – FLUGLEYFI

21L.A.241 Flugleyfi og flugskeyrði

Q-KAFLI – AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA OG HLUTA

21L.A.251 Gildissvið

21L.A.252 Hönnun merkinga

21L.A.253 Auðkenning framleiðsluvara

21L.A.254 Meðferð auðkennisgagna

21L.A.255 Auðkenning hluta

R-KAFLI – SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR OG OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ (EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1) FYRIR HREYFLA OG LOFTSKRÚFUR EÐA HLUTA ÞEIRRA SEM SAMRÆMAST YFIRLÝSINGU UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR

21L.A.271 Gildissvið

21L.A.272 Gjaldgengi

21L.A.273 Framleiðslustýringarkerfi

21L.A.274 Útgáfa samræmisýfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbers viðhaldsvottorðs (EASA-eyðublað nr. 1)

21L.A.275 Skyldur einstaklings eða lögaðila sem gefur út samræmisýfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1)

B-ÞÁTTUR – VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

21L.B.11 Eftirlitsgögn

21L.B.12 Upplýsingaskipti

21L.B.13 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

21L.B.14 Lofthæfifyrirmæli sem berast frá ríkjum sem ekki eru aðildarríki

21L.B.15 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

21L.B.16 Stjórnunarkerfi

21L.B.17 Úthlutun verkefna til hæfra aðila

21L.B.18 Breytingar á stjórnunarkerfinu

21L.B.19 Lausn deilumála

21L.B.20 Skráahald

21L.B.21 Frávik og athugasemdir

21L.B.22 Framfylgdarráðstafanir

21L.B.23 Lofthæfifyrirmæli

21L.B.24 Aðferðir til að uppfylla kröfur

B-KAFLI – TEGUNDARVOTTORÐ

21L.B.41 Vottunarforskriftir

21L.B.42 Fyrsta rannsókn

21L.B.43 Tegundarvottunargrunnur fyrir tegundarvottorð

21L.B.44 Sérstök skilyrði

21L.B.45 Tilgreining viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd fyrir tegundarvottorð

21L.B.46 Rannsókn

21L.B.47 Útgáfa tegundarvottorðs

21L.B.48 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara sem hafa fengið útgefið tegundarvottorð

21L.B.49 Framsal tegundarvottorðs

C-KAFLI – YFIRLÝSINGAR UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR

21L.B.61 Ítarlegar tækniforskriftir og gildandi kröfur um umhverfisvernd að því er varðar yfirlýsingar um að hönnunarkröfur vöru séu uppfylltar

21L.B.62 Fyrsta eftirlitsrannsókn

21L.B.63 Skráning yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

21L.B.64 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

D-KAFLI – BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM

21L.B.81 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um gildandi umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21L.B.82 Rannsókn og útgáfa samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði

21L.B.83 Rannsókn á meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21L.B.84 Útgáfa samþykkis fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

21L.B.85 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi breyttra framleiðsluvara sem hafa fengið útgefið tegundarvottorð

E-KAFLI – VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21L.B.101 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um gildandi umhverfisvernd fyrir viðbórtategundarvottorð

21L.B.102 Rannsókn

21L.B.103 Útgáfa viðbórtategundarvottorðs

21L.B.104 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara sem hafa fengið útgefið viðbórtategundarvottorð

F-KAFLI – BREYTINGAR Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.B.121 Fyrsta eftirlitsrannsókn á yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingu á hönnun loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

21L.B.122 Skráning yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingar á hönnun loftfars

21L.B.123 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi breytts loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

G-KAFLI – YFIRLÝST FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21L.B.141 Fyrsta eftirlitsrannsókn

21L.B.142 Skráning yfirlýsingar um framleiðslugetu

21L.B.143 Eftirlit

21L.B.144 Eftirlitsáætlun

21L.B.145 Eftirlitsstarfsemi

21L.B.146 Breytingar á yfirlýsingum

H-KAFLI – LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21L.B.161 Rannsókn

21L.B.162 Útgáfa eða breyting á lofthæfivottorði og takmörkuðu lofthæfivottorði

21L.B.163 Eftirlit

I-KAFLI – HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21L.B.171 Rannsókn

21L.B.172 Útgáfa eða breyting á hljóðstigsvottorðum

21L.B.173 Eftirlit

J-KAFLI – YFIRLÝST HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21L.B.181 Fyrsta eftirlitsrannsókn

21L.B.182 Skráning yfirlýsingar um hönnunargetu

21L.B.183 Eftirlit

21L.B.184 Eftirlitsáætlun

21L.B.185 Eftirlitsstarfsemi

21L.B.186 Breytingar á yfirlýsingum

K-KAFLI – HLUTAR

M-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á TEGUNDARVOTTUÐUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM

21L.B.201 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um gildandi umhverfisvernd fyrir samþykki á hönnun viðgerðar

21L.B.202 Rannsókn og útgáfa samþykkis fyrir hönnun minni háttar viðgerðar

21L.B.203 Rannsókn á umsókn um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

21L.B.204 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

21L.B.205 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara sem hönnun viðgerðar hefur verið samþykkt fyrir

21L.B.206 Óviðgerðar skemmdir

N-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.B.221 Fyrsta eftirlitsrannsókn yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

21L.B.222 Skráning yfirlýsingar um hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

21L.B.223 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi hönnunar viðgerðar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

O-KAFLI – EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

P-KAFLI – FLUGLEYFI

21L.B.241 Rannsókn áður en flugleyfi er gefið út

21L.B.242 Rannsókn áður en flugskilyrði eru gefin út

Q-KAFLI – AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA OG HLUTA

R-KAFLI – SAMRÆMISYFIRLÝSINGFYRIR LOFTFAR OG OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ (EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1) FYRIR HREYFLA OG LOFTSKRÚFUR OG HLUTA ÞEIRRA SEM SAMRÆMAST YFIRLÝSINGU UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLTAR

21L.B.251 Eftirlit

21L.B.252 Eftirlitsáætlun

21L.B.253 Eftirlitsstarfsemi

Viðbætur við I. viðauka b

21L.1 Gildissvið**(frátekið)****21L.2 Lögbært yfirvald****(frátekið)****A-ÞÁTTUR****TÆKNILEGAR KRÖFUR****A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI****21L.A.1 Gildissvið**

Í þessum þætti eru sett fram almenn réttindi og skyldur sem gilda um:

- a) umsækjanda um vottorð og handhafa vottorðs sem gefið er út eða mun verða gefið út í samræmi við þennan viðauka,
- b) sérhvern skýrslugjafa yfirlýsingar um hönnunar- eða framleiðslugetu eða að hönnunarkröfur séu uppfylltar og
- c) alla einstaklinga eða lögaðila sem gefa út samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir hreyfil, loftskráfu eða hluta sem er framleiddur.

21L.A.2 Skyldur og aðgerðir sem aðili annar en umsækjandi um vottorð eða handhafi vottorðs eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar framkvæmir

Öllum einstaklingum eða lögaðilum er heimilt, fyrir hönd umsækjanda um vottorð eða handhafa vottorðs fyrir framleiðsluvöru eða hluta eða fyrir hönd skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar samkvæmt þessum þætti, að framkvæma þau verk og uppfylla þær skyldur sem umsækjanda, handhafa vottorðs eða skýrslugjafa ber að inna af hendi.

21L.A.3 Tilkynningarkerfi

- a) Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 ⁽¹⁾ og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem hefur undir höndum eða hefur sótt um tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi vottorð, sem telst gefið út samkvæmt þessum viðauka, eða sem hefur lýst því yfir að hönnun loftfars eða hönnun á breytingu eða viðgerð uppfylli kröfur samkvæmt þessum viðauka:
 1. koma á fót og viðhalda kerfi til að safna saman, rannsaka og greina tilkynningar um atvik til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr annmörkum og til að vinna úr upplýsingum um atvik, sem skylt er að tilkynna um í samræmi við 3. lið, og um atvik, sem valfrjálst er að tilkynna um. Tilkynningarkerfið skal innihalda:
 - i. skýrslur og upplýsingar sem tengjast bilunum, ólagi, göllum eða öðrum atvikum sem valda eða gætu valdið skaðlegum áhrifum á áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar eða hlutans sem fellur undir tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi vottorð, sem telst gefið út samkvæmt þessum viðauka, eða undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem gefin er út samkvæmt þessum viðauka,
 - ii. skýrslur um mistök, atvik þar sem liggur við slysi og hættur sem falla ekki undir i. lið,

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningssflugum og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).

2. gera upplýsingarnar um kerfið, sem komið er á fót í samræmi við 1. lið a-liðar, og um hvernig eigi að leggja fram slíkar tilkynningar og upplýsingar sem tengjast bilunum, ólagi, göllum eða öðrum atburðum, sem um getur í 1. lið a-liðar, aðgengilegar þekktum notendum framleiðsluvörunnar eða hlutans og, samkvæmt beiðni, öllum einstaklingum sem hafa heimild til þess samkvæmt öðrum tengdum framkvæmdargerðum eða framseldum gerðum,
 3. tilkynna Flugöryggisstofnuninni um allar bilanir, ólag, galla eða önnur atvik, sem vitað er um og tengjast framleiðsluvöru eða hluta sem fellur undir tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annað viðeigandi vottorð, sem telst gefið út samkvæmt þessum viðauka, eða samkvæmt yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem gefin er út samkvæmt þessum viðauka, sem hefur haft í för með sér eða getur haft í för með sér ótryggt ástand.
- b) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal sérhver einstaklingur eða lögaðili sem hefur lýst yfir framleiðslugetu samkvæmt G-kafla í þessum viðauka eða sem framleiðir hluta eða búnað samkvæmt R-kafla í þessum viðauka:
1. koma á fót og viðhalda kerfi til að safna og meta tilkynningar um innri atvik, þ.m.t. tilkynningar um innri mistök, atvik þar sem liggur við slysi og hættur til að bæta úr annmörkum og vinna úr upplýsingum um atvik sem skylt er að tilkynna um í samræmi við 2. og 3. lið og um atvik sem valfrjálst er að tilkynna um,
 2. tilkynna ábyrgum handhafa hönnunarsamþykkis eða skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar um öll tilvik þar sem þau hafa afhent framleiðsluvöru eða hluta þar sem síðan hafa komið í ljós möguleg frávik frá viðeigandi hönnunargögnum, og rannsaka þau tilvik með handhafa hönnunarsamþykkis eða skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar til að bera kennsl á þau frávik sem gætu skapað ótryggt ástand,
 3. tilkynna Flugöryggisstofnuninni og lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, sem ber ábyrgð í samræmi við 21L.2, um frávik sem gætu skapað ótryggt ástand og hafa verið sanngreind í samræmi við 2. lið b-liðar 21L.A.3,
 4. ef um er að ræða birgi annars framleiðslufyrirtækis, tilkynna því fyrirtæki um öll tilvik þar sem hann hefur afhent framleiðsluvöru eða hluta til þess fyrirtækis og síðan hefur komið í ljós að þau víkja hugsanlega frá viðeigandi hönnunargögnum.
- Skýrslugjafarkvaðirnar í b-lið 21L.A.3A í I. viðauka fyrir einstaklinga og lögaðila sem eru handhafar eða hafa sótt um samþykki fyrir framleiðslufyrirtæki skulu innihalda atvik í tengslum við framleiðsluvörur og hluta, sem framleidd eru í samræmi við hönnunargögn sem hafa verið samþykkt eða lýst yfir í samræmi við þennan viðauka og ef lýst var yfir að hönnunarkröfur væru uppfylltar skal gefa út skýrslu til handa skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.
- c) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í a- og b-lið, í tengslum við tilkynningar í samræmi við 3. lið a-liðar, 2. lið b-liðar og 3. og 4. lið b-liðar, vernda með viðeigandi hætti trúnað þess sem tilkynnir atvik og þeirra einstaklinga sem getið er í tilkynningunni.
 - d) Með fyrirvara um reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar skal sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í a- og b-lið, tilkynna, eins og skilgreint er í 3. lið a-liðar og 3. lið b-liðar, á því sniði og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður svo fljótt sem auðið er og, hvað sem öðru líður, senda eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að einstaklingurinn eða lögaðillinn, sem um getur í a- og b-lið, hefur greint hugsanlegt ótryggt ástand nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
 - e) Ef atvik, sem tilkynnt er um skv. 3. lið a-liðar eða 3. lið b-liðar, er vegna hönnunar- eða framleiðsluannmarka, skal handhafi tegundarvottorðsins, takmarkaða tegundarvottorðsins, samþykkisins fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annars viðeigandi vottorðs, sem telst gefið út samkvæmt þessum viðauka, eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar eða framleiðslufyrirtækið sem um getur í b-lið, eftir því sem við á, rannsaka ástæðu annmarkans og senda lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem ber ábyrgð í samræmi við lið 21L.2 niðurstöður rannsóknarinnar og þær aðgerðir sem hann hyggst grípa til eða leggur til að verði gripið til í því skyni að lagfæra annmarkann, sbr. þó reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

- f) Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að aðgerðar sé þörf til að lagfæra annmarkann skal handhafi tegundarvottorðsins, viðbórtategundarvottorðsins, samþykkisins fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annars vottorðs, sem telst gefið út samkvæmt þessum viðauka eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar eða framleiðslufyrirtækið sem um getur í b-lið, eftir því sem við á, leggja viðeigandi gögn fyrir lögbæra yfirvaldið að beiðni þess.

21L.A.4 Lofthæfifyrirmæli

Þegar Flugöryggisstofnunin þarf að gefa út lofthæfifyrirmæli til að lagfæra ótryggt ástand, sem um getur í 21L.B.23, eða til að krefjast þess að skoðun sé framkvæmd skal handhafi tegundarvottorðs, viðbórtategundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar eða annars viðeigandi vottorðs sem telst gefið út samkvæmt þessum viðauka, sem og skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, eftir því sem við á:

- a) koma með tillögur um viðeigandi úrbætur eða nauðsynlegar skoðanir eða hvort tveggja og leggja nánari upplýsingar um þessar tillögur fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykktar,
- b) veita, að fengnu samþykki Flugöryggisstofnunarinnar fyrir tillögunum, sem um getur í a-lið, öllum þekktum notendum eða eigendum framleiðsluvöru eða hluta aðgang að viðeigandi, lýsandi gögnum og leiðbeiningum um framkvæmdina sem og öllum öðrum sem þess óska og þurfa að fara að lofthæfifyrirmælunum.

21L.A.5 Samstarf hönnunar og framleiðslu

Handhafi tegundarvottorðs, viðbórtategundarvottorðs, samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði eða samþykkis fyrir hönnun viðgerðar, yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar og fyrirtækið eða einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem framleiðir framleiðsluvörur eða hluta þessarar tilteknu hönnunar, skulu vinna saman til að tryggja að framleiðsluvaran eða hlutinn sé í samræmi við þessa hönnun og til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar eða hlutans.

21L.A.6 Merking

- a) Handhafi tegundarvottorðs, viðbórtategundarvottorðs, samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði eða samþykkis fyrir hönnun viðgerðar eða yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal tilgreina merkingu fyrir framleiðsluvörur eða hluta í samræmi við Q-kafla í þessum viðauka.
- b) Fyrirtækið eða einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem framleiðir framleiðsluvörur eða hluta skal merkja þessar framleiðsluvörur og hluta í samræmi við Q-kafla þessa viðauka.

21L.A.7 Skráahald

Allir einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa undir höndum eða hafa sótt um tegundarvottorð, viðbórtategundarvottorð, samþykki fyrir hönnun viðgerðar eða flugleyfi, og sem hafa lýst yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar og hafa gefið út yfirlýsingu um hönnunar- eða framleiðslugetu eða sem framleiða framleiðsluvörur eða hluta samkvæmt þessari reglugerð skulu:

- a) við hönnun framleiðsluvöru eða hluta eða breytinga eða viðgerða á framleiðsluvörum, koma á fót skráningarkerfi sem tekur til þeirra krafna sem gerðar eru til samstarfsaðila og undirvertaka og viðhalda viðeigandi hönnunarupplýsingum/-gögnum og hafa tiltækar fyrir Flugöryggisstofnunina í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi þeirra og samræmi við viðeigandi kröfur um umhverfisvernd,
- b) þegar framleiðsla á framleiðsluvöru eða hluta fer fram, koma á fót skráningarkerfi þar sem skráðar eru upplýsingar um þau verk sem viðkoma samræmi framleiðsluvaranna eða hlutanna og þær kröfur sem gerðar eru til samstarfsaðila og birgja og hafa þær tiltækar fyrir lögbært yfirvald í því skyni að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar eða hlutans,
- c) að því er varðar flugleyfi, skrá öll skjöl sem útbúin eru til að sýna fram á að viðbótarkröfurnar, sem settar eru fram í b-lið 21L.A.241, séu uppfylltar ásamt kröfunum um skráahald, sem kveðið er á um í c-lið 21L.A.5 í I. viðauka, og hafa þau tiltæk fyrir Flugöryggisstofnunina og lögbæra yfirvaldið,
- d) varðveita skrár yfir hæfni og menntun og hæfi starfsfólks sem tekur þátt í hönnun eða framleiðslu og starfsemi á sviði óháðra kerfa til að vakta að farið sé að kröfum ef þess er krafist skv. c-lið 21L.A.125, b-lið 21L.A.175 eða e-lið 21L.A.175.

21L.A.8 Handbækur

Handhafi tegundarvottorðs eða viðbótartegundarvottorðs eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal leggja fram, viðhalda og uppfæra frumeintök af öllum handbókum eða breytingum á þeim handbókum sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni, viðeigandi ítarlegum tækniforskriftum og viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd er varða framleiðsluvöruna eða hlutann og afhenda Flugöryggisstofnuninni afrit fari hún þess á leit.

21L.A.9 Leiðbeiningar varðandi áframhaldandi lofthæfi

- a) Handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnunarbreytingu eða hönnun viðgerða eða yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að lofthæfi loftfarstegundarinnar og allra tilheyrandi hluta, sem samræmast þeirri hönnun, sé viðhaldið á endingartímanum.
- b) Handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnunarbreytingu eða samþykkis fyrir hönnun viðgerðar eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal veita upplýsingarnar sem settar eru fram í a-lið áður en hönnunin er tekin í notkun.
- c) Eftirfarandi aðilar skulu láta í té leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi:
 1. handhafi tegundarvottorðs eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar til handa hverjum þekktum eiganda framleiðsluvara við afhendingu vörunnar eða við útgáfu fyrsta lofthæfivottorðs eða takmarkaðs lofthæfivottorðs, eftir því sem við á, fyrir viðkomandi loftfar, hvort sem á sér stað síðar,
 2. handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir minni háttar breytingu eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar vegna hönnunarbreytingar til handa öllum þekktum notendum framleiðsluvörunnar sem breytingin hefur áhrif á við afhendingu breyttu framleiðsluvörunnar,
 3. handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar til handa öllum þekktum notendum framleiðsluvörunnar, sem verða fyrir áhrifum af viðgerðinni, við afhendingu á framleiðsluvörunni sem viðgerð var framkvæmd á. Heimilt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir framleiðsluvöruna eða hlutann, sem gert var við, áður en viðkomandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi hafa verið fullfrágengnar, en aðeins í takmarkaðan tíma og í samráði við Flugöryggisstofnunina.

Eftir það skulu þessir handhafar vottorða eða skýrslugjafar gera þessar upplýsingar tiltækar öllum öðrum aðilum sem er skylt að fylgja þessum leiðbeiningum, sé þess farið á leit fyrir áframhaldandi lofthæfi.

- d) Þrátt fyrir b-lið er handhafa tegundarvottorðs eða skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar heimilt að biða með að gera þann hluta leiðbeininganna um áframhaldandi lofthæfi sem lýtur að langtímaáætlun fyrir framkvæmd reglubundins viðhalds tiltækan þar til framleiðsluvaran eða breytta framleiðsluvaran hefur verið tekin í notkun, en hann skal gera þessar leiðbeiningar aðgengilegar áður en notkun þessara gagna er krafist fyrir framleiðsluvöruna eða breyttu framleiðsluvöruna.
- e) Handhafi hönnunarsamþykkis eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem er skyldugur að láta í té leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi í samræmi við b-lið, skal einnig gera breytingar á þeim leiðbeiningum tiltækar öllum þekktum notendum framleiðsluvöru, sem breytingin hefur áhrif á, og, sé þess farið á leit, öllum öðrum aðilum sem er skylt að fara að þessum breytingum.

21L.A.10 Aðgangur og rannsókn

Allir einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa undir höndum eða hafa sótt um tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, flugleyfi, lofthæfivottorð, takmarkað lofthæfivottorð, hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð, sem hafa lýst yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar, og sem hafa lýst yfir hönnun- eða framleiðslugetu sinni eða sem framleiða loftför, hreyfla, loftskrúfur eða hluta samkvæmt R-kafla þessa viðauka, skulu:

- a) veita lögbæru yfirvaldi aðgang að öllum starfsstöðvum, framleiðsluvörum, hlutum, skjölum, skráum, gögnum, ferlum, verklagsreglum eða öðru efni og heimila endurskoðun á öllum skýrslum og gera sérhverja skoðun og framkvæma eða vera vitni að öllum prófunum sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að viðeigandi kröfur þessar þáttar séu áfram uppfylltar,
- b) ef einstaklingurinn eða lögaðilinn notar samstarfsaðila, birgja eða undirverktaka, gera samkomulag við þá til að tryggja að lögbæra yfirvaldið hafi aðgang og geti rannsakað eins og lýst er í a-lið.

21L.A.11 Frávik og athugasemdir

- a) Eftir móttöku tilkynningar um frávik skal sá einstaklingur eða lögaðili, sem er handhafi eða hefur sótt um tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, flugleyfi, lofthæfivottorð, takmarkað lofthæfivottorð, hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð, sem hefur lýst yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem hefur lýst yfir hönnunar- eða framleiðslugetu sinni eða sem framleiðir loftfar, hreyfla, loftskrúfur eða hluta samkvæmt R-kafla þessa viðauka, gera eftirfarandi ráðstafanir innan þess frests sem lögbæra yfirvaldið ákveður í samræmi við d- eða e-lið 21L.21B:
- greina frumorsök eða -orsakir vanefndar gagnvart kröfum og áhrifaþætti þar að lútandi,
 - útfæra áætlun um aðgerðir til úrbóta og leggja fyrir lögbæra yfirvaldið,
 - sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.
- b) Taka skal tilhlýðilegt tillit til athugasemdar sem lögbært yfirvald tilkynnti um í samræmi við f-lið 21L.B.21. Einstaklingurinn eða lögaðilinn skal skrá ákvörðunina sem er tekin vegna þessara athugasemda.

21L.A.12 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Lögaðila eða einstakling er heimilt að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur en viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.
- b) Ef einstaklingur eða lögaðili óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal hann, áður en til framkvæmda kemur, veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókum eða verklagsreglum, sem gætu skipt máli, ásamt útskýringu á því hvernig uppfylla skuli kröfur þessarar reglugerðar.
- c) Einstaklingi eða lögaðila er heimilt að beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirfram-samþykki lögbæra yfirvaldsins.

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ**21L.A.21 Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur fyrir umsókn um tegundarvottorð og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um vottorð og handhafa þessara vottorða fyrir framleiðsluvörur ef framleiðsluvaran er eitt af eftirfarandi:

- flugvél með hámarksflugtaks massa (MTOM) sem er 2000 kg eða minni með sætaskipan fyrir hámark fjóra einstaklinga,
- sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaks massa sem er 2000 kg eða minni,
- loftbelgur,
- hitaloftskip,
- gasloftskip fyrir farþega, ekki hannað fyrir fleiri en fjóra farþega,
- þyrilvængja með hámarksflugtaks massa sem er 1200 kg eða minni með sætaskipan fyrir hámark fjóra einstaklinga,
- bulluhreyfill og loftskrúfa með föstum skurði, sem ætlað er til ísetningar í loftfar sem um getur í a- til f-lið. Í slíkum tilvikum skal rita viðeigandi athugasemdir á gagnablað tegundarvottorðsins um að einungis sé heimilt að setja hreyfilinn eða loftskrúfunu í slíkt loftfar,
- þyrilflugur.

21L.A.22 Gjaldgengi

Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á hönnunargetu sína í samræmi við 21L.A.23, getur sótt um tegundarvottorð að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.23 Sýnt fram á hönnunargetu

Umsækjandi um tegundarvottorð skal sýna fram á hönnunargetu sína með því að:

- a) vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki með skilmálum samþykkis sem ná yfir viðkomandi flokk framleiðsluvörunnar sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) eða
- b) lýsa yfir hönnunargetu sinni fyrir tegund hönnunarvinnunnar og flokk vörunnar í samræmi við J-kafla þessa viðauka.

21L.A.24 Umsókn um tegundarvottorð

- a) Umsókn um tegundarvottorð skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.
- b) Umsókn um tegundarvottorð skal innihalda að lágmarki:
 1. rökstuðning fyrir því að umsóknin falli innan gildissviðsins sem ákvarðað er í 21L.A.21,
 2. lýsandi bráðabirgðagögn um framleiðsluvöruna, áætluð not og þá tegund starfrækslu framleiðsluvörunnar sem óskað er vottunar fyrir,
 3. tillögu að tegundarvottunargrunninum og viðeigandi kröfum um umhverfisvernd, sem undirbúin er í samræmi við kröfurnar og kostina sem tilgreind eru í 21L.B.43 og 21L.B.45,
 4. áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreindar eru aðferðir og leiðir til að uppfylla kröfur sem umsækjandi skal uppfæra ef breytingar verða á vottunarverkefninu sem hafa áhrif á 1.–3. lið eða einhverjar breytingar á aðferðum og leiðum sem notaðar eru til að uppfylla kröfur.
- c) Umsókn um tegundarvottorð skal halda gildi sínu í 3 ár. Ef tegundarvottorð hefur ekki verið gefið út á þessu tímabili skal leggja fram nýja umsókn í samræmi við a- og b-lið.

21L.A.25 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

- a) Umsækjandi um tegundarvottorð skal, eftir að Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og í samræmi við efni hennar:
 1. sýna fram á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum um í samræmi við 21L.B.43,
 2. sýna fram á að viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd séu uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum um í samræmi við 21L.B.45 og
 3. láta Flugöryggisstofnuninni í té þær aðferðir sem notaðar voru til að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar.
- b) Umsækjandi um tegundarvottorð skal láta Flugöryggisstofnuninni í té skráðan rökstuðning fyrir aðferðunum við að uppfylla kröfur í samræmisgögnum samkvæmt áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar.
- c) Þegar prófanir og skoðanir eru framkvæmdar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar skal umsækjandinn hafa sannprófað og skjalfest þessa sannprófun áður en prófanir eru framkvæmdar:
 1. að því er varðar hvert prófunareintak:
 - i. að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að fyrirhugaðri tegundarhönnun,
 - ii. að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í fyrirhugaðri tegundarhönnun,
 - iii. að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í fyrirhugaðri tegundarhönnun og

2. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður.
- d) Flugprófun til að afla tegundarvottorðs skal framkvæma í samræmi við aðferðirnar fyrir slíkri flugprófun sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir. Umsækjandi um tegundarvottorð skal framkvæma allar nauðsynlegar flugprófanir til að ákvarða samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn. Flugprófanirnar skulu fela í sér tímabil af hæfilegri lengd fyrir starfrækslu í endanlegri útfærslu til að tryggja að ekki komi upp nein öryggisvandamál þegar loftfarið er tekið í notkun í fyrsta sinn.
- e) Umsækjandi um tegundarvottorð skal heimila Flugöryggisstofnuninni:
 1. að endurskoða hvers konar gögn og upplýsingar í tengslum við að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar,
 2. að verða vitni að eða framkvæma hvers konar prófanir eða skoðanir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar,
 3. framkvæma ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði í endanlegri útfærslu framleiðsluvörunnar til að sannreyna samræmi hönnunarinnar við tegundarvottunargrunninn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd og allar aðrar rannsóknir sem ákvarðaðar eru í samræmi við 21L.B.46.
- f) Þegar sýnt hefur verið fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum skal umsækjandi lýsa því yfir við Flugöryggisstofnunina:
 1. að hann hafi sýnt fram á að viðeigandi kröfur varðandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd séu uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum um í samræmi við 21L.B.43 og 21L.B.45 í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og
 2. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.

21L.A.26 Tegundarhönnun

Umsækjandi um tegundarvottorð skal skilgreina tegundarhönnun framleiðsluvörunnar til að unnt sé að bera einkvæm og ótvíræð kennsl á hana, sem skal innihalda:

- a) teikningar og forskriftir og skrá yfir þessar teikningar og forskriftir sem eru nauðsynlegar til að skilgreina útfærslu og hönnunareinkenni framleiðsluvörunnar,
- b) upplýsingar um efni og ferli sem notuð eru,
- c) upplýsingar um framleiðslu- og samsetningaraðferðir,
- d) lofthæfitakmarkanir,
- e) kröfur um samrýmanleika við umhverfið og
- f) önnur gögn til að ákvarða, með samanburði, lofthæfi og, ef við á, hvort þau samræmist umhverfissjónarmiðum síðari framleiðsluvara af sömu gerð.

21L.A.27 Kröfur um útgáfu tegundarvottorðs

Til að fá útgefið tegundarvottorð skal umsækjandi:

- a) sýna fram á hönnunargetu sína í samræmi við 21L.A.23,
- b) sýna fram á hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við lið 21L.A.25,
- c) sýna fram á, að því er varðar tegundarvottorð loftfars, að hreyfillinn eða loftskrúfan eða hvort tveggja, ef þau eru uppsett í loftfarinu, hafi annaðhvort:
 1. tegundarvottorð sem gefið er út eða ákvarðað í samræmi við I. viðauka (21. hluta) eða gefið út í samræmi við þennan viðauka eða
 2. verið skráð í umsóknina um tegundarvottorð loftfarsins og umsækjandinn hafi tryggt að hreyfillinn og loftskrúfan uppfylli kröfurnar þegar hann hefur sýnt fram á að farið sé að ákvæðunum í 21L.A.25,
- d) sýnt fram á að engin óleyst atriði séu eftir úr ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði í endanlegri, breyttri útfærslu framleiðsluvörunnar eða öðrum rannsóknum sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir í samræmi við c- og d-lið 21L.B.46.

21L.A.28 Skyldur handhafa tegundarvottorðs

Handhafi tegundarvottorðs skal sinna skyldum handhafa tegundarvottorðs sem settar eru fram í A-kafla þessa viðauka og skal uppfylla áfram hæfiskröfurnar í 21L.A.22.

21L.A.29 Framsalshæfi tegundarvottorðs

Heimilt er að framselja tegundarvottorð til nýs handhafa, að því tilskildu að Flugöryggisstofnunin hafi sannreynt, í samræmi við 21L.B.49, að einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem fyrirhugað er að framselja tegundarvottorðið til, uppfylli skilyrði fyrir því að hafa tegundarvottorð í samræmi við 21L.A.22 og sé fær um að sinna skyldum handhafa tegundarvottorðs skv. 21L.A.28. Handhafi tegundarvottorðsins eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem óskar eftir því að taka yfir vottorðið skal sækja um það til Flugöryggisstofnunarinnar til að sannreyna hvort þessi skilyrði séu uppfyllt, á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

21L.A.30 Áframhaldandi gildi tegundarvottorðs

a) Tegundarvottorð skal halda gildi sínu að því tilskildu:

1. að handhafi leggi tegundarvottorðið ekki inn,
2. að handhafi tegundarvottorðsins uppfylli áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í lið 21L.B.21,
3. að Flugöryggisstofnunin afturkalli ekki tegundarvottorðið í samræmi við 21L.B.22.

b) Þegar tegundarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.

C-KAFLI – YFIRLÝSINGAR UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR LOFTFARS SÉU UPPFYLLTAR**21L.A.41 Gildissvið**

- a) Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um hvernig lýsa skuli því yfir að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar og réttindi og skyldur þeirra sem gefa út slíkar yfirlýsingar.
- b) Þessi kafli gildir um eftirfarandi gerðir loftfara, að því tilskildu að hönnun loftfarsins feli ekki í sér ný eða óvenjuleg hönnunareinkenni:
1. flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 1200 kg eða minni sem er ekki knúin þotuhreyflum og hefur sætaskipan fyrir hámark tvo einstaklinga,
 2. svifflug eða vélsvifflug með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni,
 3. loftbelg sem er ekki hannaður fyrir fleiri en fjóra farþega,
 4. hitaloftskip sem er ekki hannað fyrir fleiri en fjóra farþega,
- c) Að því er varðar þennan kafla skal hönnunarpáttur teljast nýr eða óvenjulegur ef hann fellur ekki undir þær ítarlegu tækniforskriftir sem Flugöryggisstofnunin hefur innleitt og gert aðgengilegar í samræmi við 21L.B.61, á þeim tíma sem yfirlýsingin um samræmi við hönnun er gerð.

21L.A.42 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili getur lýst því yfir að hönnun loftfars uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.43 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

- a) Áður en loftfar er framleitt eða samkomulag hefur náðst við framleiðslufyrirtæki um að framleiða loftfar skal einstaklingur eða lögaðili, sem hannar viðkomandi loftfar, lýsa því yfir að hönnun þess sé í samræmi við viðeigandi, nákvæmar tækniforskriftir og við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem um getur í 21L.A.45.

b) Yfirlýsingin skal gerð á því formi og með þeim hætti sem Flugöryggisstofnunin ákveður og skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn aðilans sem leggur fram yfirlýsinguna og heimilisfang/starfsstöð hans,
2. einkvæma tilvísun til að auðkenna loftfarið,
3. upplýsingar um viðeigandi ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd í samræmi við 21L.A.45 sem skýrslugjafinn lýsir yfir að séu uppfylltar,
4. undirritaða yfirlýsingu, sem er einungis á ábyrgð þess aðila sem gefur út yfirlýsinguna um að hönnun loftfarsins og, ef við á, hreyfillinn eða loftskrúfan, uppfylli viðeigandi ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem um getur í 3. lið, í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sem um getur í 3. lið c-liðar,
5. undirritaða yfirlýsingu, sem er alfarið á ábyrgð þess sem gefur út yfirlýsinguna, um að sá aðili hafi ekki borið kennsl á nein einkenni eða eiginleika sem gætu gert loftfarið ótryggt eða þannig að það samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er,
6. undirritaða skuldbindingu um að aðilinn sem gefur út yfirlýsinguna muni takast á hendur skyldurnar sem um getur í 21L.A.47,
7. ef hönnun loftfarsins, sem yfirlýsingin nær til, tekur til hreyfils eða loftskrúfu:
 - i. tilvísun í tegundarvottorð fyrir hreyfil eða loftskrúfu sem gefið er út eða ákvarðað í samræmi við I. viðauka (21. hluta) eða gefið út í samræmi við þennan viðauka eða
 - ii. yfirlýsingu, ef um er að ræða strokkhreyfla og loftskrúfur með föstum skurði, um að yfirlýsingin um að hönnunarkröfur loftfarsins séu uppfylltar taki til þess að hreyfillinn eða loftskrúfan uppfylli viðeigandi tækniforskriftir fyrir hreyfilinn eða loftskrúfunna,
8. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi,
9. starfrækslumörk,
10. gagnablað fyrir lofthæfi og, ef við á, losun,
11. gagnablað fyrir hljóðstig, ef við á,
12. öll önnur skilyrði eða takmörk sem mælt er fyrir um fyrir loftfarið og, ef við á, hreyfilinn eða loftskrúfunna, í viðeigandi, ítarlegum tækniforskriftum og viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd sem skýrslugjafinn lýsir yfir að séu uppfylltar.

c) Skýrslugjafinn skal leggja fram yfirlýsinguna um samræmi við hönnun, sem um getur í b-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina. Ásamt þessari yfirlýsingu skal skýrslugjafinn afhenda Flugöryggisstofnuninni:

1. teikningu af loftfarinu,
2. ítarlega lýsingu á hönnun loftfarsins, þ.m.t. allar útfærslur sem falla undir yfirlýsinguna, starfrækslueiginleika, hönnunareinkenni og allar takmarkanir,
3. áætlun til að sýna fram á kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreint er hvernig sýnt hefur verið fram á samræmi við viðeigandi, ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd þegar sýnt er fram á samræmi,
4. skráð rök fyrir því að farið sé að tilskildum kröfum sem fengin eru úr hlítiaðgerðum sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,

5. Þar sem sýnt er fram á samræmi með prófunum, skráð rök fyrir samræmi prófunarhluta og -búnaðar, sem sýna fram á:
- i. að því er varðar prófunareintakið:
 - A) að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að hönnun,
 - B) að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í hönnuninni og
 - C) að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í hönnuninni,
 - ii. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður,
6. skýrslur, niðurstöður skoðana eða prófana sem skýrslugjafinn taldi nauðsynlegar til að ákvarða að loftfarið og, ef við á, hreyfillinn eða loftskrúfan samrýmist gildandi ítarlegum tækniforskriftum og gildandi kröfum varðandi umhverfisvernd.

21L.A.44 Hlítiaðgerðir vegna yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

Áður en yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, í samræmi við 21L.A.43, er gerð skal skýrslugjafinn sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins að því er varðar þessa tilteknu hönnun loftfars:

- a) koma á áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreindar eru aðferðirnar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sem fylgja skal þegar sýnt er fram á kröfur séu uppfylltar. Þetta skjal skal uppfæra eftir þörfum,
- b) skrá rök fyrir því að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmisgögnum samkvæmt áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- c) framkvæma prófanir og skoðanir eins og þörf krefur í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- d) tryggja og skrá samræmi prófunarhlutans og -búnaðarins og sjá til þess að prófunarsýnið sé í samræmi við forskriftir, teikningar, framleiðsluferli, smíði og samsetningu hönnunarinnar,
- e) tryggja að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem nota á við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður,
- f) gera Flugöryggisstofnuninni kleift að framkvæma eða taka þátt í öllum skoðunum eða prófunum á loftförum í endanlegri eða hæfilega þróaðri útfærslu hönnunar og framleiðslu sem eru nauðsynlegar til að ákvarða að framleiðsluvaran hafi ekki einkenni eða eiginleika sem gera loftfarið ótryggt eða þannig að það samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er,
- g) framkvæma flugprófanir í samræmi við aðferðirnar fyrir slíkar flugprófanir, sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir til að ákvarða hvort loftfarið uppfylli viðeigandi, ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd. Flugprófanirnar skulu fela í sér tímabil af hæfilegri lengd fyrir starfrækslu í endanlegri útfærslu til að tryggja að ekki komi upp nein öryggisvandamál þegar loftfarið er tekið í notkun í fyrsta sinn.

21L.A.45 Ítarlegar tækniforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd sem gilda um loftför sem falla undir yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

Skýrslugjafinn skal sýna fram á að hönnun loftfarsins uppfylli ítarlegu tækniforskriftirnar og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem um getur í 21L.B.61, sem gilda um það loftfar og sem eru í gildi á þeim degi sem hönnunarsamræmisyfirlýsingin er gerð aðgengileg Flugöryggisstofnuninni.

21L.A.46 Hönnunargögn loftfars

- a) Skýrslugjafinn skal skilgreina hönnun loftfarsins með skýrum hætti til að unnt sé að bera einkvæm og ótvíræð kennsl á það.

- b) Hönnunargögn loftfars, sem skýrslugjafinn notast við til að skilgreina hönnun loftfarsins á einkvæman hátt, skulu innihalda:
1. teikningar og forskriftir og skrá yfir þessar teikningar og forskriftir sem eru nauðsynlegar til að skilgreina útfærslu- og hönnunareinkenni framleiðsluvörunnar,
 2. upplýsingar um efni og ferli sem notuð eru,
 3. upplýsingar um framleiðslu- og samsetningaraðferðir,
 4. lofthæfitakmarkanir,
 5. allar kröfur um samrýmanleika við umhverfið og
 6. önnur gögn til að ákvarða, með samanburði, lofthæfi og, ef við á, samrýmanleika síðari framleiðsluvara af sömu gerð við umhverfið.

21L.A.47 Skyldur skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

Skýrslugjafinn, sem gaf út yfirlýsingu til Flugöryggisstofnunarinnar um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við 21L.A.43, skal:

- a) láta Flugöryggisstofnunina framkvæma ástandsskoðun og flugprófanir á fyrsta hlut/búnaði loftfarsins í endanlegri útfærslu eða hæfilega útfærðri útfærslu, þegar yfirlýsingin er lögð fram, til að tryggja að loftfarið nái viðunandi öryggisstigi og sé samrýmanlegt með tilliti til umhverfisins,
- b) varðveita öll fylgiskjöl fyrir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar og gera þau aðgengileg Flugöryggisstofnuninni fari hún þess á leit,
- c) fara að öllum öðrum skyldum sem gilda um skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem settar eru fram í A-kafla þessa viðauka.

21L.A.48 Framsal yfirlýsingar um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar er ekki heimilt

- a) Ekki er hægt að framselja yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar.
- b) Einstaklingur eða lögaðili sem tekur við hönnun loftfars sem áður hefur verið lýst yfir að uppfylli hönnunarkröfur skal:
 1. leggja fram nýja yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við þennan kafla,
 2. sýna fram á að skýrslugjafi, sem hefur áður lagt fram yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar, sé ekki lengur virkur eða hafi samþykkt flutning hönnunargagnanna,
 3. skuldbinda sig til að uppfylla allar skyldur sem gilda um einstaklinga sem gefa út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar, sem sett er fram í þessum kafla í samræmi við 21L.A.47.

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM

21L.A.61 Gildissvið

Þessi kafli tilgreinir:

- a) verklagsreglur við umsókn um samþykki á breytingum á tegundarvottorðum framleiðsluvara sem eru vottaðar í samræmi við þennan viðauka að því tilskildu að breytta framleiðsluvaran falli enn innan gildissviðs liðar 21L.A.21,
- b) réttindi og skyldur umsækjenda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis sem um getur í a-lið,
- c) ákvæði að því er varðar staðlaðar breytingar sem ekki þarfnast samþykkis.

21L.A.62 Staðlaðar breytingar

- a) Staðlaðar breytingar eru þær breytingar á tegundarvottorði framleiðsluvöru sem er samþykkt í samræmi við B-kafla B-þáttar þessa viðauka:
1. sem fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum breytingum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og
 2. sem stangast ekki á við gögn handhafa tegundarvottorðsins.
- b) Liðir 21L.A.63 til 21L.A.70 eiga ekki við um staðlaðar breytingar.

21L.A.63 Flokkun breytinga á tegundarvottorði

- a) Breytingar á tegundarvottorði skulu flokkaðar sem minni háttar eða meiri háttar.
- b) „Minni háttar breyting“: breyting sem hefur engin veruleg áhrif á massa, jafnvægi, burðarþol, áreiðanleika, rekstrareiginleika, hljóðstig eða losunartig, starfræna rekstrareiginleika eða aðra eiginleika sem hafa áhrif á lofthæfi framleiðsluvörunnar eða samræmi hennar við umhverfissjónarmið.
- c) Allar aðrar breytingar eru „meiri háttar breytingar“, nema breytingin á hönnun, afli, kný eða massa sé svo mikil að þörf sé á heildarrannsókn á samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn eða við viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd eða við viðeigandi ítarlegar tækniforskriftir, en í því tilviki skal hönnunin vottuð í samræmi við B-kafla þessa viðauka.
- d) Kröfurnar um samþykki fyrir minni háttar breytingum eru þær sem settar eru fram í 21L.A.67.
- e) Kröfurnar um samþykki fyrir meiri háttar breytingum eru þær sem settar eru fram í 21L.A.68.

21L.A.64 Gjaldgengi

- a) Aðeins handhafi tegundarvottorðs má sækja um samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði samkvæmt þessum kafla en allir aðrir umsækjendur um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skulu sækja um samkvæmt E-kafla í þessum viðauka.
- b) Sérhver einstaklingur eða lögaðili má sækja um samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði samkvæmt þessum kafla.

21L.A.65 Umsókn um breytingu á tegundarvottorði

- a) Umsókn um samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.
- b) Þegar um er að ræða meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal umsækjandinn leggja fram með umsókninni áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar í samræmi við 21L.A.66, ásamt tillögu um tegundarvottunargrunninn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem útbúin er í samræmi við kröfurnar og valkostina sem tilgreind eru í 21L.B.81.

21L.A.66 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

- a) Umsækjandinn um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal sýna fram á að kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum í samræmi við 21L.B.81 og skal umsækjandinn láta Flugöryggisstofnuninni í té upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að sýna fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar.
- b) Umsækjandi um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal láta Flugöryggisstofnuninni í té skráð rök fyrir aðferðunum við að uppfylla kröfur í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar.

- c) Þegar prófanir og skoðanir eru framkvæmdar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar skal umsækjandinn hafa sannprófað og skjalfest þessa sannprófun áður en prófanir eru framkvæmdar:
1. að því er varðar prófunareintakið:
 - i. að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að fyrirhugaðri breytttri tegundarhönnun,
 - ii. að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í fyrirhugaðri breytttri tegundarhönnun,
 - iii. að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í fyrirhugaðri breytttri tegundarhönnun og
 2. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður.
- d) Flugprófun til að afla samþykkis á meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal framkvæma í samræmi við aðferðirnar fyrir slíkri flugprófun sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir. Umsækjandi um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal framkvæma allar flugprófanir sem nauðsynlegar eru til að ákvarða samræmi við gildandi tegundarvottunargrunn og gildandi kröfur varðandi umhverfisvernd.
- e) Umsækjandi um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal heimila Flugöryggisstofnuninni:
1. að endurskoða hvers konar gögn og upplýsingar í tengslum við að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar,
 2. að verða vitni að eða framkvæma hvers konar prófanir eða skoðanir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og
 3. að framkvæma ástandskoðun, ef það er talið nauðsynlegt, á fyrsta hlut/búnaði framleiðsluvörunnar í endanlegu breyttu útfærslunni til að sannreyna samræmi hönnunarinnar við tegundarvottunargrunninn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd.
- f) Þegar sýnt hefur verið fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum skal umsækjandi lýsa því yfir við Flugöryggisstofnunina:
1. að hann hafi sýnt fram á að viðeigandi kröfur varðandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd séu uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum um í samræmi við 21L.B.81, í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og
 2. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.

21L.A.67 Kröfur um samþykki á minni háttar breytingu á tegundarvottorði

Til að fá útgefið samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði skal umsækjandi:

- a) sýna fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli:
1. kröfur varðandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem eru felldar inn með tilvísun í tegundarvottorðið eða
 2. vottunarforskriftir sem gilda fyrir framleiðsluvöruna á þeim degi sem sótt er um breytinguna, kjósi umsækjandinn að fara að slíkum forskriftum,
- b) lýsa því yfir að samræmis sé gætt við tegundarvottunargrunninn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem gilda í samræmi við 1. lið a-liðar, eða við vottunarforskriftirnar, sem valdar eru í samræmi við 2. lið a-liðar, skrá rökstuðning fyrir því að samræmis sé gætt í samræmisgögnunum og skrá að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi komið í ljós sem gæti gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga fyrir þá notkun sem óskað er vottunar fyrir,
- c) leggja fyrir Flugöryggisstofnunina rökstuðning fyrir því að farið sé að tilskildum kröfum fyrir breytinguna og samræmisýfirlýsinguna.

21L.A.68 Kröfur um samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

Til að fá útgefið samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal umsækjandi:

- a) sýna fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum í samræmi við 21L.B.81,
- b) sýna fram á kröfur séu uppfylltar í samræmi við 21L.A.66,
- c) sýna fram á að engin óleyst atriði séu eftir úr ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði í endanlegri, breyttri útfærslu framleiðsluvörunnar sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir í samræmi við 3. lið e-liðar 21L.A.66.

21L.A.69 Samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði samkvæmt réttindum

- a) Samþykktu hönnunarfyrirtæki er heimilt að gefa út samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði, sem það hefur hannað, án þess að sótt hafi verið um það samkvæmt 21L.A.65 í samræmi við réttindi þess, sem kveðið er á um í 2. og 8. lið c-liðar 21A.263 í I. viðauka (21. hluta), í stað Flugöryggisstofnunarinnar, eins og skráð er í skilmálum samþykkisins.
- b) Þegar hönnunarfyrirtæki gefur út samþykki fyrir breytingu á tegundarvottorði í samræmi við a-lið skal það:
 1. tryggja að öll gögn og rökstuðningur liggi fyrir,
 2. sjá til þess að sýnt hafi verið fram á samræmi breytingarinnar við tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd uppfylltar skv. 1. lið a-liðar 21L.A.67 eða a-lið 21L.A.68 og að gefin sé yfirlýsing þess efnis í samræmi við 21L.A.66,
 3. staðfesta að það hafi ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd eða vottunarforskriftunum sem valdar voru,
 - ii. einkenni eða eiginleika á breytingunni sem gætu gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir,
 4. takmarka samþykkið fyrir breytingu á tegundarvottorði við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21L.A.70 Skyldur að því er varðar minni háttar breytingu á tegundarvottorði

Handhafi samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði skal tryggja að skyldum handhafa samþykkis fyrir minni háttar breytingu samkvæmt A-kafla þessa viðauka sé framfylgt.

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ**21L.A.81 Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur fyrir einstaklinga eða lögaðila, aðra en handhafa tegundarvottorðs þessarar tegundar, við að sækja um samþykki fyrir meiri háttar breytingum á tegundarvottorðum, sem gefin eru út skv. I. viðauka (21. hluta) eða þessum viðauka, fyrir framleiðsluvörur sem falla undir gildissvið liðar 21L.A.21, að því tilskildu að breytta framleiðsluvaran falli enn undir gildissvið þess liðar og að tilgreind séu réttindi og skyldur umsækjenda um þessi vottorð og handhafa þessara vottorða.

21L.A.82 Gjaldgengi

Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á hönnunargetu sína eða hefur lýst yfir hönnunargetu sinni, í samræmi við 21L.A.83, getur sótt um viðbótartegundarvottorð að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.83 Sýnt fram á hönnunargetu

Umsækjandi um viðbórtategundarvottorð skal sýna fram á hönnunargetu sína með því að:

- a) vera handhafi samþykkis fyrir hönnunarfyrirtæki með skilmálum samþykkis sem ná yfir viðkomandi flokk framleiðsluvörunnar sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við J-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) eða
- b) lýsa yfir að hann hafi hönnunargetu að því er varðar gildissvið framleiðsluvörunnar í samræmi við J-kafla þessa viðauka.

21L.A.84 Umsókn um viðbórtategundarvottorð

- a) Umsókn um viðbórtategundarvottorð skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.
- b) Þegar sótt er um viðbórtategundarvottorð skal umsækjandinn:
 1. láta upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt b-lið 21L.A.65 fylgja með umsókninni,
 2. tilgreina hvort umsækjandinn undirbúi sjálfur eða muni sjálfur undirbúa vottunargögnin eða hvort hann geri það á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun.

21L.A.85 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

- a) Umsækjandinn um viðbórtategundarvottorð skal sýna fram á að kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum í samræmi við 21L.B.101 og skal umsækjandinn sýna Flugöryggisstofnuninni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar.
- b) Umsækjandi um viðbórtategundarvottorð skal láta Flugöryggisstofnuninni í té skráð rök fyrir aðferðunum við að uppfylla kröfur í samræmisgögnum samkvæmt áætluninni til að sýna fram á kröfur séu uppfylltar.
- c) Þegar prófanir og skoðanir eru framkvæmdar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar skal umsækjandinn hafa sannprófað og skjalfest þessa sannprófun áður en prófanir eru framkvæmdar:
 1. að því er varðar prófunareintakið:
 - i. að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að fyrirhugaðri breytttri tegundarhönnun,
 - ii. að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í fyrirhugaðri breytttri tegundarhönnun,
 - iii. að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í fyrirhugaðri breytttri tegundarhönnun og
 2. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður.
- d) Flugprófun til að afla viðbórtategundarvottorðs skal framkvæma í samræmi við aðferðirnar fyrir slíkri flugprófun sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir. Umsækjandi um viðbórtategundarvottorð skal framkvæma allar nauðsynlegar flugprófanir til að ákvarða samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn.
- e) Umsækjandi um viðbórtategundarvottorð skal heimila Flugöryggisstofnuninni:
 1. að endurskoða hvers konar gögn og upplýsingar í tengslum við að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar,
 2. að verða vitni að eða framkvæma hvers konar prófanir eða skoðanir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og
 3. að framkvæma ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði í endanlegri, breytttri útfærslu framleiðsluvörunnar til að sannreyna að hönnunin farið að tegundarvottunargrunninum og uppfylli viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd.

- f) Þegar sýnt hefur verið fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum skal umsækjandi um viðbórtartegundarvottorð lýsa því yfir við Flugöryggisstofnunina:
1. að hann hafi sýnt fram á að viðeigandi kröfur varðandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd séu uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum um í samræmi við 21L.B.101, í samræmi við áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og
 2. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.

21L.A.86 Kröfur vegna samþykkis á viðbórtartegundarvottorði

- a) Til að fá útgefið viðbórtartegundarvottorð skal umsækjandinn:
1. sýna fram á hönnunargetu sína í samræmi við 21L.A.83,
 2. sýna fram á að breytingin á tegundarvottorði og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og kröfur um gildandi umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin ákvarðar í samræmi við 21L.B.101,
 3. sýna fram á farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við 21L.A.85,
 4. ef umsækjandinn hefur tilgreint að hann hafi lagt fram vottunargögn á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun í samræmi við b-lið 21L.A.84, sýna fram á að handhafi tegundarvottorðs:
 - i. hafi engin tæknileg andmæli gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 21L.A.65 og
 - ii. hafi samþykkt að starfa með umsækjanda til að tryggja, með því að uppfylla ákvæði 21L.A.28 og 21L.A.88, að allar skuldbindingar vegna áframhaldandi lofthæfis breyttu framleiðsluvörunnar séu uppfylltar,
 5. sýna fram á að engin óleyst atriði séu eftir úr ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði í endanlegri, breyttri útfærslu framleiðsluvörunnar sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir í samræmi við 3. lið e-liðar 21L.A.85.
- b) Viðbórtartegundarvottorð skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast tilheyrandi meiri háttar breytingunni.

21L.A.87 Samþykki á viðbórtartegundarvottorði samkvæmt réttindum

- a) Samþykktu hönnunarfyrirtæki er heimilt að gefa út samþykki fyrir meiri háttar breytingu á viðbórtartegundarvottorði, sem það hefur hannað, án þess að sótt hafi verið um það samkvæmt 21L.A.84 í samræmi við réttindi þess, sem kveðið er á um í 9. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta), í stað Flugöryggisstofnunarinnar, eins og skráð er í skilmálum samþykkisins.
- b) Þegar hönnunarfyrirtæki gefur út viðbórtartegundarvottorð í samræmi við a-lið skal það:
1. tryggja að öll gögn og rökstuðningur liggja fyrir,
 2. tryggja að sýnt hafi verið fram á samræmi breytingarinnar við tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd séu uppfylltar og að því hafi verið lýst yfir,
 3. staðfesta að það hafi ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd eða vottunarforskriftunum sem valdar voru,
 - ii. einkenni eða eiginleika á breytingunni sem gætu gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir;
 4. takmarka samþykkið fyrir viðbórtartegundarvottorð við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21L.A.88 Skyldur handhafa viðbótartegundarvottorðs

Sérhver handhafi viðbótartegundarvottorðs skal sinna skyldum handhafa viðbótartegundarvottorðs sem settar eru fram í A-kafla þessa viðauka og skal áfram uppfylla hæfiskröfurnar í 21L.A.82.

21L.A.89 Framsalshæfi viðbótartegundarvottorðs

Heimilt er að framselja tegundarvottorð til nýs handhafa, að því tilskildu að Flugöryggisstofnunin hafi sannreynt að einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem fyrirhugað er að framselja vottorðið til, uppfylli skilyrði fyrir því að hafa viðbótartegundarvottorð í samræmi við 21L.A.83 og sé fær um að sinna skyldum handhafa viðbótartegundarvottorðs skv. 21L.A.88.

21L.A.90 Áframhaldandi gildi viðbótartegundarvottorðs

- a) Viðbótartegundarvottorð skal halda gildi sínu að því tilskildu:
 - 1. að handhafi leggi viðbótartegundarvottorðið ekki inn,
 - 2. að handhafi viðbótartegundarvottorðs uppfylli áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í lið 21L.B.21,
 - 3. að Flugöryggisstofnunin afturkalli ekki viðbótartegundarvottorðið í samræmi við 21L.B.22.
- b) Þegar tegundarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til Flugöryggisstofnunarinnar.

21L.A.91 Breytingar á hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til

- a) Minni háttar breytingar á þeim hluta framleiðsluvöru, sem viðbótartegundarvottorð nær til, skulu samþykktar í samræmi við D-kafla þessa viðauka.
- b) Meiri háttar breyting á þeim hluta framleiðsluvöru, sem viðbótartegundarvottorð nær til, skal samþykkt sem sérstakt viðbótartegundarvottorð í samræmi við þennan kafla.
- c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar er heimilt að samþykkja meiri háttar breytingu á þeim hluta framleiðsluvöru sem viðbótartegundarvottorð nær til og handhafi viðbótartegundarvottorðsins leggur fram sem breytingu á gildandi viðbótartegundarvottorði í samræmi við liði 21L.A.63 til 21L.A.69.

F-KAFLI – BREYTINGAR Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR**21L.A.101 Gildissvið**

Þessi kafli tilgreinir:

- a) verklagsreglu til að lýsa því yfir að breytingar á hönnun loftfars, sem fellur undir yfirlýsingu sem gerð er í samræmi við C-kafla þessa viðauka, uppfylli kröfur,
- b) réttindi og skyldur skýrslugjafa sem gefur út samræmisýfirlýsingu fyrir breytinguna sem um getur í a-lið og
- c) ákvæði varðandi staðlaðar breytingar sem krefjast ekki yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.

21L.A.102 Staðlaðar breytingar

- a) Staðlaðar breytingar eru breytingar á hönnun loftfars, sem fellur undir yfirlýsingu sem gerð er í samræmi við C-kafla þessa viðauka og sem:
 - 1. fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum breytingum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og
 - 2. brjóta ekki í bága við hönnunargögnin, sem heyra undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar sem gerð er í samræmi við C-kafla þessa viðauka.

- b) Liðir 21L.A.103 til 21L.A.108 eiga ekki við um staðlaðar breytingar.

21L.A.103 Flokkun breytinga á hönnun loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

- a) Breytingar á hönnun loftfars, sem leggja skal fram yfirlýsingu um í samræmi við C-kafla þessa viðauka, skulu flokkaðar sem minni háttar eða meiri háttar breytingar með því að nota viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 21L.A.63.
- b) Lýsa skal yfir að hönnun minni háttar breytingar uppfylli kröfur í samræmi við 21L.A.105.
- c) Lýsa skal yfir að hönnun meiri háttar breytingar uppfylli kröfur í samræmi við 21L.A.107.

21L.A.104 Gjaldgengi

- a) Skýrslugjafi, sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við C-kafla þessa viðauka, getur lýst því yfir að minni háttar breyting á hönnun loftfarsins uppfylli hönnunarkröfur samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla. Til viðbótar má hönnunarfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki skv. 3. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta), einnig gefa út slíka yfirlýsingu um að kröfur séu uppfylltar samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.
- b) Aðeins skýrslugjafinn, sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við C-kafla þessa viðauka, getur lýst því yfir að meiri háttar breyting á hönnun loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.
- c) Ef skýrslugjafinn, þrátt fyrir b-lið 21L.A.104, sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við C-kafla þessa viðauka, er ekki lengur virkur eða ef hann svarar ekki beiðnum um breytingar á hönnun, getur hönnunarfyrirtæki sem hefur hlotið samþykki skv. 4. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta) innan gildissviðs skilmála samþykkis þess, eða annar einstaklingur eða lögaðili, sem getur tekist á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21L.A.47 að því er varðar breytta loftfarið, lýst því yfir, í samræmi við C-kafla þessa viðauka, að breytt hönnun loftfars uppfylli hönnunarkröfur.

21L.A.105 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar minni háttar breytingar

- a) Áður en minni háttar breyting á hönnun loftfars er sett upp eða gerð eða samið er við framleiðslufyrirtæki um að setja upp eða gera minni háttar breytingu á hönnun loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka, skal fyrirtækið, sem hannaði minni háttar breytinguna, lýsa því yfir að hönnun minni háttar breytingarinnar sé í samræmi við:
1. annað hvort ítarlegu tækniforskriftirnar, sem eru felldar inn með tilvísun í yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur loftfarsins séu uppfylltar, nema þessar ítarlegu tækniforskriftir eða hlutar þeirra eigi ekki lengur við í samræmi við 21L.B.61 vegna þess að Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað að reynsla af öðrum svipuðum framleiðsluvörum í notkun eða framleiðsluvörum, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hafi sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast og ítarlegu tækniforskriftirnar, sem vísað var til í yfirlýsingunni um að hönnunarkröfur loftfarsins séu uppfylltar, taki ekki á þessu ótrygga ástandi eða
 2. ítarlegar tækniforskriftir sem gilda á þeim degi sem yfirlýsingin er gerð í samræmi við 21L.B.61, ef skýrslugjafinn velur það og
 3. gildandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem um getur í 21L.B.61 og eru í gildi á þeim degi sem yfirlýsingin er gerð.
- b) Leggja skal fram yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur séu uppfylltar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.
- c) Skýrslugjafinn eða fyrirtækið, sem hannaði minni háttar breytinguna, skal halda skrá yfir minni háttar breytingar á hönnun loftfars, sem yfirlýsing hefur verið gefin út um að uppfylli hönnunarkröfur og veita Flugöryggisstofnuninni aðgang að sérhverri yfirlýsingu, sem gerð er í samræmi við a-lið, fari hún þess á leit.

21L.A.106 Skyldur aðila sem gefur út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun minni háttar breytingar

Sérhver einstaklingur sem hefur gefið yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar minni háttar breytingu á hönnun loftfars í samræmi við 21L.A.105 skal:

- a) halda skrá yfir þessar yfirlýsingar og gera þessar yfirlýsingar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni að beiðni hennar,
- b) varðveita öll fylgiskjöl fyrir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar og gera þau aðgengileg Flugöryggisstofnuninni fari hún þess á leit,
- c) takast á hendur allar aðrar skyldur skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem settar eru fram í A-kafla þessa viðauka.

21L.A.107 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingar

- a) Áður en meiri háttar breyting á hönnun loftfars er sett upp eða gerð eða samið er við framleiðslufyrirtæki um að setja upp eða gera meiri háttar breytingu á hönnun loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka, skal fyrirtækið, sem hannaði meiri háttar breytinguna, lýsa því yfir að hönnun meiri háttar breytingarinnar og þau svið sem verða fyrir áhrifum af breytingunum séu í samræmi við:

1. annað hvort ítarlegu tækniforskriftirnar, sem eru felldar inn með tilvísun í yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur loftfarsins séu uppfylltar, nema þessar ítarlegu tækniforskriftir eða hlutar þeirra eigi ekki lengur við í samræmi við 21L.B.61 vegna þess að Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað að reynsla af öðrum svipuðum framleiðsluvörum í notkun eða framleiðsluvörum, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hafi sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast og ítarlegu tækniforskriftirnar, sem vísað var til í yfirlýsingunni um að hönnunarkröfur loftfarsins séu uppfylltar, taki ekki á þessu ótrygga ástandi eða
2. ítarlegar tækniforskriftir sem gilda á þeim degi sem yfirlýsingin er gerð í samræmi við 21L.B.61, ef skýrslugjafinn velur það og
3. gildandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem um getur í 21L.B.61 og eru í gildi á þeim degi sem yfirlýsingin er gerð.

- b) Leggja skal fram yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur séu uppfylltar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

- c) Yfirlýsingin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn aðilans sem leggur fram yfirlýsinguna og heimilisfang/starfsstöð hans,
2. tilvísunarnúmer yfirlýsingar fyrir loftfarið sem meiri háttar breytingin á við um,
3. einkvæma tilvísun til að auðkenna meiri háttar breytinguna,
4. upplýsingar um ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem skýrslugjafinn lýsir yfir að séu uppfylltar,
5. undirritaða yfirlýsingu, sem er einungis á ábyrgð þess sem gefur út yfirlýsinguna um að hönnun meiri háttar breytingarinnar sé í samræmi við ítarlegar tækniforskriftir og kröfur varðandi umhverfisvernd, sem um getur í 4. lið, í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sem um getur í 3. lið d-liðar,
6. undirritaða yfirlýsingu, sem er alfarið á ábyrgð þess sem gefur út yfirlýsinguna, um að sá aðili hafi ekki borið kennsl á nein einkenni eða eiginleika sem gætu gert loftfarið ótryggt eða þannig að það samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er,
7. undirritaða skuldbindingu um að aðilinn sem gefur út yfirlýsinguna muni takast á hendur skyldurnar sem um getur í 21L.A.47, að því er varðar breytta hönnun loftfarsins,
8. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi,
9. takmarkanir á starfrækslu, ef þeim er breytt,

10. eyðublað fyrir lofthæfi og, ef við á, skrá yfir samræmi við kröfur varðandi losun,
 11. gagnablað fyrir hljóðstig, ef við á,
 12. öllu önnur skilyrði eða takmörk sem mælt er fyrir um fyrir loftfarið og í viðeigandi, ítarlegum tækniforskriftum og viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd sem skýrslugjafiinn lýsir yfir að séu uppfylltar.
- d) Skýrslugjafiinn sem hannar meiri háttar viðgerð skal leggja yfirlýsinguna, sem um getur í c-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina. Ásamt þessari yfirlýsingu skal skýrslugjafiinn afhenda Flugöryggisstofnuninni:
1. lýsingu á meiri háttar breytingunni,
 2. grunn gögn um meiri háttar breytinguna, þ.m.t. um starfrækslueiginleika, hönnunareinkenni og allar takmarkanir,
 3. áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreindar eru aðferðirnar sem notaðar voru til að sýna fram á samræmi við kröfur á meðan á því stóð,
 4. skráð rök fyrir því að farið sé að tilskildum kröfum í samræmisgögnunum sem fengin eru úr hlítiaðgerðum sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
 5. aðferðirnar sem notaðar hafa verið til sýna fram á slíkt samræmi við gildandi, ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd í 21L.B.61,
 6. þar sem sýnt er fram á samræmi með prófunum, skráð rök fyrir samræmi prófunarhluta og -búnaðar, sem sýna fram á:
 - i. að því er varðar prófunareintakið:
 - A) að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að hönnun,
 - B) að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í hönnuninni og
 - C) að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í hönnuninni,
 - ii. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður,
 7. skýrslur, niðurstöður skoðana eða prófana sem skýrslugjafiinn taldi nauðsynlegar til að ákvarða að loftfarið samrýmist viðeigandi, ítarlegum tækniforskriftum og viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd.
- e) Yfirlýsing um meiri háttar breytingu á yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í yfirlýsingunni um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem tengist breytingunni.

21L.A.108 Hlítiaðgerðir til að lýsa yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingu

Áður en samræmisyfirlýsing í samræmi við 21L.A.107 er gerð skal skýrslugjafi að því er varðar þessa tilteknu hönnun:

- a) koma á áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreindar eru aðferðirnar til að uppfylla kröfur sem fylgja skal þegar sýnt er fram á samræmi. Þetta skjal skal uppfæra eftir þörfum,
- b) skrá rök fyrir því að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmisgögnum samkvæmt áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- c) framkvæma prófanir og skoðanir eins og þörf krefur í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,

- d) tryggja og skrá samræmi prófunarhlutans og -búnaðarins og sjá til þess að prófunarsýnið sé í samræmi við forskriftir, teikningar, framleiðsluferli, smíði og samsetningu hönnunarinnar,
- e) tryggja að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem nota á við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður,
- f) gera Flugöryggisstofnuninni kleift að framkvæma eða taka þátt í öllum skoðunum eða prófunum á loftförum í endanlegri eða hæfilega þróaðri útfærslu hönnunar og framleiðslu sem eru nauðsynlegar til að ákvarða að breytta framleiðsluvaran hafi ekki einkenni eða eiginleika sem gera loftfarið ótryggt eða þannig að það samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er,
- g) framkvæma flugprófanir í samræmi við aðferðirnar fyrir slíkar flugprófanir, sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir, eftir því sem nauðsynlegt er til að ákvarða hvort loftfarið uppfylli viðeigandi, ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd.

G-KAFLI — YFIRLÝST FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

21L.A.121 Gildissvið

- a) Þessi kafli tilgreinir:
 - 1. aðferðir til að lýsa yfir framleiðslugetu einstaklinga og lögaðila sem sýna fram á að framleiðsluvörur og hlutar uppfylli viðeigandi hönnunarkröfur,
 - 2. réttindi og skyldur þeirra einstaklinga og lögaðila sem gefa út yfirlýsingu um framleiðslugetu sem um getur í 1. lið.
- b) Fyrirtækjum, sem hafa gefið út yfirlýsingu um framleiðslugetu, er heimilt að framleiða eftirfarandi flokka framleiðsluvara og hluta í samræmi við þennan kafla:
 - 1. framleiðsluvörur og hluta sem vottað hefur verið að séu hannaðir í samræmi við þennan viðauka,
 - 2. loftför sem eru hönnuð samkvæmt yfirlýsingu sem gerð er í samræmi við þennan viðauka og hreyfla þeirra, loftskrúfur og hluta.

21L.A.122 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili („fyrirtæki“) getur gefið yfirlýsingu um framleiðslugetu sína samkvæmt þessum kafla ef sá einstaklingur:

- a) hefur sótt um eða hyggst sækja um samþykki fyrir hönnun framleiðsluvörunnar eða hlutans í samræmi við þennan viðauka eða
- b) hefur lýst yfir eða hyggst lýsa yfir að hönnun loftfars uppfylli kröfur í samræmi við þennan viðauka eða
- c) er í samstarfi við umsækjanda um samþykki eða handhafa samþykkis fyrir hönnun framleiðsluvörunnar, sem á að gefa út eða hefur verið gefið út í samræmi við þennan viðauka eða við fyrirtækið, sem hefur lýst því yfir eða hyggst lýsa því yfir að hönnun loftfarsins uppfylli kröfur samkvæmt þessum viðauka, til að tryggja að framleidda framleiðsluvaran eða hlutinn sé í samræmi við hönnunina og til að tryggja áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar eða hlutans.

21L.A.123 Yfirlýsing um framleiðslugetu

- a) Áður en framleiðsluvörur eða hlutar eru framleiddir skal fyrirtæki sem hyggst sýna fram á að þessar framleiðsluvörur eða hlutar séu í samræmi við viðeigandi hönnunargögn gefa út yfirlýsingu um framleiðslugetu sína.
- b) Yfirlýsinguna, og allar eftirfarandi breytingar á henni, skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem lögbært yfirvald ákveður.
- c) Yfirlýsingin skal innihalda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir lögbært yfirvald til að öðlast þekkingu á fyrirtækinu og fyrirhuguðu umfangi starfseminnar og í henni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:
 - 1. skráð nafn fyrirtækisins,
 - 2. samskiptaupplýsingar um skráð heimilisfang fyrirtækisins að því er varðar höfuðstöðvar þess og, eftir atvikum, tengiliði og starfrækslusvæði fyrirtækisins,

3. nöfn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns fyrirtækisins sem tilnefndur er í samræmi við 1. lið c-liðar 21L.A.125,
 4. fyrirhugað verksvið,
 5. þá dagsetningu sem áætlað er að hefja framleiðslu,
 6. yfirlýsingu þar sem staðfest er að fyrirtækið:
 - i. hafi framleiðslustjórnunarkerfi í samræmi við a-lið 21L.A.124 og
 - ii. muni viðhalda framleiðslustjórnunarkerfinu í samræmi við þennan kafla,
 7. yfirlýsingu sem staðfestir að fyrirtækið muni fylgja þeim ferlum og verklagsreglum sem komið er á í samræmi við d-lið 21L.A.124,
 8. yfirlýsingu um að fyrirtækið samþykki að takast á hendur skyldur yfirlýsts framleiðslufyrirtækis í samræmi við 21L.A.127.
- d) Leggja skal yfirlýsinguna um framleiðslugetu fyrir lögbæra yfirvaldið.

21L.A.124 Framleiðslustjórnunarkerfi

- a) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal koma á, innleiða og viðhalda framleiðslustjórnunarkerfi með skýrri skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu sem:
1. er í samræmi við eðli starfsemi þess og hve flókin hún er og stærðar fyrirtækisins og að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem fylgir þeirri starfsemi,
 2. er komið á fót undir ábyrgð eins ábyrgðarmanns, sem tilnefndur er í samræmi við 1. lið c-liðar 21L.A.125.
- b) Framleiðslustjórnunarkerfið skal fela í sér aðferð til gæðastjórnunar með því að viðhalda gæðakerfi sem skal:
1. tryggja að hver framleiðsluvara eða hluti, sem yfirlýsta framleiðslufyrirtækið eða samstarfsaðilar þess framleiða eða utanaðkomandi aðili útvegar eða er framleiddur hjá undirverktökum, samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi,
 2. koma á fót, framkvæma og viðhalda, eftir því sem við á, innan gildissviðs starfsemi þess, eftirlitsaðferðum varðandi:
 - i. útgáfu, samþykki eða breytingu skjala,
 - ii. mat, úttekt á og eftirlit með seljanda og undirverktaka,
 - iii. sannprófun á því að framleiðsluvörur, hlutar, efni og búnaður sem kemur inn, þ.m.t. einingar sem koma nýjar eða notaðar frá kaupendum framleiðsluvara, séu eins og tilgreint er í viðeigandi hönnunargögnum,
 - iv. auðkenningu og rekjanleika,
 - v. framleiðsluferli,
 - vi. skoðun og prófun, þ.m.t. reynsluflug á framleiðslustigi,
 - vii. kvörðun verkfæra, sniðmáta og prófunarbúnaðar,
 - viii. eftirlit með einingum sem samræmast ekki ákvæðum,
 - ix. samstarf við umsækjanda um hönnunarsamþykki eða handhafa þess eða skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar,
 - x. vinnslu og varðveislu á skrá,
 - xi. tryggingu fyrir hæfni og réttindum starfsfólks,
 - xii. útgáfu lofthæfiskjala,
 - xiii. meðhöndlun, geymslu og þökkun,
 - xiv. innri gæðaúttektir og úrbætur sem þær leiða til,

- xv. vinnu sem unnin er annars staðar en á þeim starfrækslusvæðum sem yfirlýsingin tekur til,
 - xvi. vinnu eftir að framleiðslu er lokið en áður en afhending fer fram til að halda loftfarinu í öruggu rekstrarástandi,
 - xvii. beiðni um útgáfu flugleyfa og samþykki tengdra flugskeyra,
3. hafa sértæk ákvæði í eftirlitsaðferðunum fyrir alla þýðingarmikla hluta.
- c) Sem hluta af framleiðslustjórnunarkerfi þeirra skal yfirlýsta framleiðslufyrirtækið koma á fót óháðri starfsemi til að vakta að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur og að framleiðslustjórnunarkerfið sé fullnægjandi og að kröfur séu uppfylltar. Fólgið í þessu eftirliti skal vera kerfi upplýsingastreymis til baka til þess einstaklings eða hóps einstaklinga, sem um getur í 1. lið c-liðar og 2. lið 21L.A.125 til að tryggja úrbætur eins og þörf krefur.
 - d) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal koma á fót, viðhalda og uppfæra, sem hluta af framleiðslustjórnunarkerfi sínu, ferlum og verklagsreglum sem tryggja samræmi framleiðsluvara sem eru framleiddar við viðeigandi hönnunargögn. Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal gera skrifleg sönnunargögn um þessi ferli og verklagsreglur aðgengileg lögbæru yfirvald að beiðni þess.
 - e) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal hafa verklagsreglur til að tryggja að loftföllum, sem nýlega eru framleidd, sé viðhaldið í samræmi við viðeigandi viðhaldsleiðbeiningar og að þau séu geymd í lofthæfu ástandi og, ef við á, að viðhaldsvottorð sé gefið út fyrir allt viðhald sem lokið hefur verið við.
 - f) Ef yfirlýsta framleiðslufyrirtækið hefur undir höndum vottorð frá öðru fyrirtæki eða öðrum fyrirtækjum, sem gefið er út á grundvelli reglugerðar (ESB) 2018/1139, og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, er framleiðslufyrirtækinu heimilt að fella framleiðslustjórnunarkerfið inn í stjórnunarkerfið sem krafist er fyrir útgáfu annarra vottorða eða skírteina.

21L.A.125 Tilföng yfirlýsts framleiðslufyrirtækis

Framleiðslufyrirtækið skal tryggja:

- a) að aðstaða, vinnuskilyrði, búnaður og verkfæri, vinnsluferli og tilheyrandi efni, fjöldi og hæfi starfsfólks og almennt skipulag nægi til að inna af hendi skyldur skv. 21L.A.127,
- b) að því er varðar öll nauðsynleg gögn um lofthæfi og umhverfisvernd:
 - 1. að það hafi móttækið slík gögn frá Flugöryggisstofnuninni og frá skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar eða frá handhafa eða umsækjanda um tegundarvottorð eða um samþykki fyrir hönnun til að ákvarða samræmi við viðeigandi hönnunargögn,
 - 2. að tekin hafi verið upp tiltekin verklagsregla til að tryggja að gögn um lofthæfi og samrýmanleika við umhverfisverndarsjónarmið séu felld inn með réttum hætti í framleiðslugögn þess,
 - 3. að slík gögn séu jafnan uppfærð og tiltæk öllu starfsfólki sem þarf aðgang að slíkum gögnum til að sinna skyldustörfum sínum,
- c) að því er varðar stjórnendur og starfsfólk:
 - 1. að yfirlýsta framleiðslufyrirtækið hafi tilnefnt ábyrgðarmann, sem er með umboð til að tryggja að öll framleiðsla innan fyrirtækisins fari fram í samræmi við tilskildar kröfur og að yfirlýsta framleiðslufyrirtækið starfi að jafnaði í samræmi við framleiðslustjórnunarkerfið sem um getur í a-lið 21L.A.124 og þá ferla og verklagsreglur sem tilgreind eru í d-lið 21L.A.124,
 - 2. að ábyrgðarmaðurinn hafi tilnefnt einstakling eða hóp einstaklinga til að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfur þessa kafla og að einstaklingarnir séu nafngreindir og umfang heimilda þeirra tilgreint. Slíkur einstaklingur eða hópur einstaklinga skal bera ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum og hafa beinan aðgang að honum. Þeir skulu búa yfir viðeigandi kunnáttu, starfsferli og reynslu til að inna af hendi skyldustörf sín,

3. að starfsfólki á öllum stigum hafi verið gefin viðeigandi heimild til að sinna þeirri ábyrgð sem því er falið og að það sé full og skilvirk samræming innan yfirlýsta framleiðslufyrirtækisins að því er varðar mál sem tengjast samrýmanleika gagna um lofthæfi og umhverfismál,
 4. stjórnskipulag fyrirtækisins ásamt lykilstarfsmönnum, sem bera ábyrgð á að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfur þessa kafla, sé skjalfest og uppfært,
- d) að því er varðar viðhaldsvotta sem hafa heimild frá yfirlýsta framleiðslufyrirtækinu til að undirrita skjöl sem gefin eru út skv. 21L.A.126 innan gildissviðs yfirlýstu framleiðslustarfseminnar:
1. að kunnátta, starfsferill (þ.m.t. önnur hlutverk hjá fyrirtækinu) og reynsla afhendingarvottanna sé með þeim hætti að þeir geti innt af hendi skyldustörf sín,
 2. að viðhaldsvottar fái í hendur gögn sem sýna fram á gildissvið heimildar þeirra. Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal halda skrá yfir viðhaldsvotta.

21L.A.126 Verksvið

- a) Yfirlýst framleiðslufyrirtæki á rétt á að sýna fram á samræmi framleiðsluvara og hluta, sem falla undir gildissvið þessa þáttar og sem það hefur framleitt innan yfirlýsts verksviðs, við viðeigandi hönnunargögn.
- b) Yfirlýst framleiðslufyrirtæki á rétt á, að því er varðar fullgert loftfar, eftir að hafa lagt fram samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar (EASA-eyðublað nr. 52B), að sækja um:
 1. fyrir loftfar sem samræmist tegundarhönnun sem hefur verið samþykkt í samræmi við B-kafla B-þáttar í þessum viðauka, um lofthæfivottorð og hljóðstigsvottorð,
 2. fyrir loftfar, sem samræmist hönnun sem lýst hefur verið yfir að uppfylli kröfur í samræmi við C-kafla í þessum viðauka, um takmarkað lofthæfivottorð og takmarkað hljóðstigsvottorð,
- c) Yfirlýst framleiðslufyrirtæki hefur rétt á að gefa út opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir hreyfla, loftskrúfur og hluta sem annaðhvort eru í samræmi við:
 1. samþykkt hönnunargögn sem gefin eru út í samræmi við B-, D-, E- eða M-kafla í B-þætti þessa viðauka,
 2. yfirlýst hönnunargögn sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-, F- eða N-kafla þessa viðauka,
 3. framleiðslugögn sem byggjast á öllum nauðsynlegum samþykktum hönnunargögnum sem handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar leggur fram.
- d) Yfirlýst framleiðslufyrirtæki hefur rétt á að mæla með skilyrðum fyrir loftfar, sem það hefur framleitt og vottað að sé í samræmi við viðeigandi hönnunargögn, sem lögbæra yfirvaldið getur gefið út flugleyfi samkvæmt, í samræmi við P-kafla I. viðauka (21. hluta).
- e) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið hefur rétt á að annast viðhald á nýju loftfari sem það hefur framleitt eftir því sem nauðsyn krefur til að halda því í lofthæfu ástandi, nema þess sé krafist í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að viðhaldið fari fram samkvæmt þeim reglum, og að gefa út viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 53B) að því er varðar viðhaldið.

21L.A.127 Skyldur yfirlýsta framleiðslufyrirtækisins

- a) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal starfa í samræmi við skilmerkilega skilgreindar verklagsreglur, aðferðir og ferli.
- b) Ef yfirlýsta framleiðslufyrirtækið hyggst framkvæma flugprófanir skal það útbúa, viðhalda og halda uppfærðri rekstrar-handbók sem inniheldur lýsingu á stefnum og ferlum fyrirtækisins að því er varðar flugprófanir. Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal gera þessa handbók aðgengilega lögbæru yfirvald að beiðni þess.

- c) Að því er varðar fullgert loftfar skal yfirlýsta framleiðslufyrirtækið, áður en það leggur samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar (EASA-eyðublað nr. 52B) fyrir lögbæra yfirvaldið, sjá til þess að loftfarið sé í öruggu rekstrarástandi og sé í samræmi við:
1. samþykktu tegundarhönnun á tegundarvottaðri framleiðsluvöru sem er gefin út í samræmi við B-kafla B-þáttar þessa viðauka eða
 2. hönnunargögn loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka.
- d) Að því er varðar framleiðsluvörur (aðrar en fullgerð loftför) og hluta skal yfirlýst framleiðslufyrirtæki tryggja, áður en viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) er gefið út, að framleiðsluvaran eða hlutinn sé í öruggu rekstrarástandi og í samræmi við samþykktu tegundarhönnun framleiðsluvöru með tegundarvottun, sem gefin er út í samræmi við B-, D-, E- eða M-kafla B-þáttar þessa viðauka, eða samrýmist hönnunargögnum loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-, F- eða M-kafla þessa viðauka.
- e) Að því er varðar hreyfla skal yfirlýsta framleiðslufyrirtækið tryggja að fullgerður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur varðandi losun með útblæstri frá hreyflum sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins.
- f) Í öllum opinberum viðhaldsvottorðum (EASA-eyðublað nr. 1), sem yfirlýsta framleiðslufyrirtækið gefur út, skal koma fram tilvísunarnúmer, sem lögbæra yfirvaldið gefur út í samræmi við 21L.B.142, fyrir þetta yfirlýsta framleiðslufyrirtæki.
- g) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal tryggja að fyrirtækið skrái upplýsingar um öll verk sem unnin eru.
- h) Yfirlýst framleiðslufyrirtæki skal veita handhafa hönnunar eða skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, stuðning við áframhaldandi lofthæfi fyrir allar framleiðsluvörur eða hluta sem þeir hafa framleitt.
- i) Yfirlýst framleiðslufyrirtæki skal búa yfir skjalavörslukerfi þar sem skráðar eru kröfur sem gerðar hafa verið til annarra fyrirtækja, s.s. birgja og undirverktaka. Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal gera vistuð gögn aðgengileg lögbæru yfirvaldi fyrir áframhaldandi lofthæfi.
- j) Að því er varðar framleiðslu á nýjum loftförum skal yfirlýsta framleiðslufyrirtækið tryggja að loftfarið sé geymt í lofthæfu ástandi og að viðhald sé framkvæmt, þ.m.t. allar nauðsynlegar viðgerðir í samræmi við viðeigandi hönnunargögn, áður en samræmisyfirlýsing fyrir loftfar er gefin út (EASA-eyðublað nr. 52B).
- k) Þegar yfirlýst framleiðslufyrirtæki gefur út viðhaldsvottorð eftir slíkar viðgerðir skal það, áður en vottorðið er gefið út, ganga úr skugga um að nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á viðkomandi fullgerðu loftfari og að það sé í öruggu rekstrarástandi.
- l) Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal uppfylla kröfurnar í A-kafla þessa viðauka sem gilda um yfirlýst framleiðslufyrirtæki.

21L.A.128 Tilkynning um breytingar og stöðvun starfsemi

Yfirlýsta framleiðslufyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu án ótilhlýðilegrar tafar um eftirfarandi:

- a) allar breytingar á upplýsingum sem gefnar hafa verið upp skv. c-lið 21L.A.123,
- b) allar breytingar á framleiðslustjórnunarkerfinu sem eru þýðingarmiklar til að sýna fram á samræmi eða lofthæfi og samrýmanleika framleiðsluvörunnar eða hlutans við umhverfissjónarmið,
- c) stöðvun hluta eða allrar starfseminnar sem yfirlýsingin tekur til.

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

21L.A.141 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur fyrir umsókn um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð fyrir loftfar þar sem hönnunin hefur verið vottuð eða lýst yfir að hún uppfylli ákvæði þessa viðauka og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um og handhafa þessara vottorða.

21L.A.142 Gjaldgengi

Einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er eða verður skráður fyrir loftfarinu í aðildarríki („skráningsaðildarríki“) getur sótt um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð fyrir það loftfar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.143 Umsókn um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð

- a) Einstaklingur eða lögaðili skal sækja um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð á því formi og á þann hátt sem lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins ákveður.
- b) Einstaklingur eða lögaðili getur sótt um:
 1. lofthæfivottorð fyrir loftfar sem samræmist tegundarvottorði sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við B-kafla B-þáttar þessa viðauka eða
 2. takmarkað lofthæfivottorð fyrir loftför sem samræmast yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem lögð er fram í samræmi við C-kafla þessa viðauka og sem Flugöryggisstofnunin skráir í samræmi við 21L.B.63 þegar umsókn er lögð fram.
- c) Þegar um er að ræða nýtt loftfar, sem samræmist tegundarvottorði sem Flugöryggisstofnunin gefur út, skal umsækjandinn bæta eftirfarandi við í umsóknina:
 1. samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar (EASA-eyðublað nr. 52 eða EASA-eyðublað nr. 52B) sem er annaðhvort útgefin eða undirrituð af:
 - i. framleiðslufyrirtæki sem hefur gefið yfirlýsingu um framleiðslugetu sína samkvæmt G-kafla þessa viðauka og hefur verið skráð af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 21L.B.142 eða
 - ii. handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt réttindum b-liðar 21.A.163 í I. viðauka (21. hluta),
 2. massa- og jafnvægissskýrslu með hleðsluáætlun,
 3. flughandbók, ef þess er krafist í viðeigandi tegundarvottunargrunni.
- d) Þegar um er að ræða nýtt loftfar, sem samræmist yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem er skráð af Flugöryggisstofnuninni, skal umsækjandinn bæta eftirfarandi við í umsóknina:
 1. samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar (EASA-eyðublað nr. 52B) sem er annaðhvort útgefin eða undirrituð af:
 - i. einstaklingi eða lögaðila í samræmi við R-kafla þessa viðauka,
 - ii. framleiðslufyrirtæki sem hefur gefið yfirlýsingu um framleiðslugetu sína samkvæmt G-kafla þessa viðauka og hefur verið skráð af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 21L.B.142 eða
 - iii. handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt réttindum d-liðar 21.A.163 í I. viðauka (21. hluta),
 2. massa- og jafnvægissskýrslu með hleðsluáætlun,
 3. flughandbók ef þess er krafist í viðeigandi, ítarlegum tækniforskriftum fyrir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.

- e) Að því er varðar notuð loftför, sem eru upprunnin í aðildarríki, skal umsækjandinn láta fylgja umsókninni lofthæfistaðfestingarvottorð sem er gefið út í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- f) Að því er varðar notuð loftför, sem eru upprunnin í ríki sem ekki er aðildarríki, skal umsækjandinn láta eftirfarandi fylgja umsókninni:
1. yfirlýsingu frá lögbæru yfirvaldi ríkisins, þar sem loftfarið er eða var skráð, sem endurspeglar lofthæfistöðu loftfarsins við yfirfærslu,
 2. fyrri skrár, til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldsstaðla loftfarsins,
 3. massa- og jafnvægisráðgjafur með hleðsluáætlun,
 4. flughandbók,
 5. tilmæli um að gefa út lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð og lofthæfistaðfestingarvottorð eftir staðfestingu á lofthæfi í samræmi við I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eða lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014,
- g) Yfirlýsingarnar, sem um getur í 1. lið c-, d- og f-liðar, skulu gefnar út í mesta lagi 60 dögum áður en loftfarið er lagt fyrir lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins nema annað sé samþykkt.

21L.A.144 Skyldur umsækjanda um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð

Umsækjandi um lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal:

- a) leggja fram handbækur, skilti, skráningar, merkingar á mælitaekjum og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er í viðeigandi tegundarvottunargrunni eða viðeigandi ítarlegum tækniforskriftum, fyrir yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar á einu eða fleiri af opinberum tungumálum Evrópusambandsins sem lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins getur fallist á,
- b) færa sönnur á að loftfar hans sé auðkennt í samræmi við Q-kafla þessa viðauka,
- c) skipuleggja skoðanir hjá lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins til að meta hvort eitthvað ósamræmi sé í loftfarinu sem gæti haft áhrif á öryggi þess.

21L.A.145 Framsalshæfi og endurútgáfa lofthæfivottorðs og takmarkaðs lofthæfivottorðs innan aðildarríkja

Þegar eignarhald á loftfari hefur breyst:

- a) ef loftfarið er áfram í sömu loftfaraskrá skal framselja lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð sem gefið er út í samræmi við H-kafla í B-þætti þessa viðauka ásamt loftfarinu,
- b) ef fyrirhugað er að skrá loftfarið í öðru aðildarríki skal sá einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er fyrir loftfarinu, sækja um nýtt lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð hjá lögbæru yfirvaldi nýja aðildarríkisins þar sem loftfarið skal skráð og skal hann leggja fram með þessari umsókn eldra lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð, sem gefið er út í samræmi við H-kafla B-þáttar þessa viðauka og gilt lofthæfistaðfestingarvottorð, sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

21L.A.146 Áframhaldandi gildi lofthæfivottorðs og takmarkaðs lofthæfivottorðs

- a) Lofthæfivottorð eða takmarkað lofthæfivottorð skal halda gildi sínu svo lengi sem:
 1. að loftfarið er áfram á sömu skrá,
 2. að handhafinn hafi ekki lagt inn vottorðið,

3. loftfarið uppfyllir áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar og kröfur viðeigandi tegundarhönnunar eða viðeigandi hönnunargagna loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur og kröfur um áframhaldandi lofthæfi, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í 21L.B.21,
 4. að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hafi ekki afturkallað vottorðið skv. 21L.B.22.
- b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins.

I. KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

21L.A.161 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur fyrir umsókn um hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð fyrir loftfar þar sem hönnunin hefur verið vottuð eða lýst yfir að hún uppfylli ákvæði þessa viðauka og tilgreind réttindi og skyldur umsækjenda um og handhafa þessara vottorða.

21L.A.162 Gjaldgengi

Einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er eða verður skráður fyrir loftfarinu í aðildarríki, getur sótt um hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð fyrir það loftfar samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.163 Umsókn

- a) Einstaklingur eða lögaðili skal sækja um hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð á því formi og á þann hátt sem lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins ákveður.
- b) Einstaklingur eða lögaðili getur sótt um:
 1. hljóðstigsvottorð fyrir loftför sem samræmast tegundarvottorði sem Flugöryggisstofnunin hefur gefið út í samræmi við B-kafla B-þáttar þessa viðauka eða
 2. takmarkað hljóðstigsvottorð fyrir loftför sem samræmast yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem lögð er fram í samræmi við C-kafla þessa viðauka og sem Flugöryggisstofnunin skráir í samræmi við 21L.B.63 þegar umsókn er lögð fram.
- c) Umsækjandinn skal láta eftirfarandi koma fram í umsókninni:
 1. að því er varðar ný loftför:
 - i. samræmisyfirlýsingu fyrir loftfar (EASA-eyðublað nr. 52 eða EASA-eyðublað nr. 52B) sem er annaðhvort útgefin eða undirrituð af:
 - A) einstaklingi eða lögaðila í samræmi við R-kafla þessa viðauka,
 - B) framleiðslufyrirtæki sem hefur gefið yfirlýsingu um framleiðslugetu sína samkvæmt G-kafla þessa viðauka og hefur verið skráð af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 21L.B.142 eða
 - C) handhafa samþykkis fyrir framleiðslufyrirtæki samkvæmt réttindum b-liðar 21.A.163 í I. viðauka (21. hluta),
 - ii. tilvísun í hljóðstigsskrá í gagnagrunni Flugöryggisstofnunarinnar um hljóðstig sem endurspeglar hljóðstigsupplýsingarnar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur um hljóðstig
 2. að því er varðar notuð loftför:
 - i. tilvísun í hljóðstigsskrá í gagnagrunni Flugöryggisstofnunarinnar um hljóðstig sem endurspeglar hljóðstigsupplýsingarnar sem eru ákvarðaðar í samræmi við viðeigandi kröfur um hljóðstig og
 - ii. fyrri skrár, til að ákvarða framleiðslu-, breytinga- og viðhaldsstaðla loftfarsins.

- d) Yfirlýsingarnar, sem um getur í i. lið 1. liðar c-liðar, skulu gefnar út í mesta lagi 60 dögum áður en loftfarið er lagt fyrir lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins nema annað sé samþykkt.

21L.A.164 Framsalshæfi og endurútgáfa hljóðstigsvottorða og takmarkaðra hljóðstigsvottorða innan aðildarríkja

Þegar eignarhald á loftfari hefur breyst:

- a) ef loftfarið er áfram í sömu loftfaraskrá skal framselja hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð sem gefið er út í samræmi við I-kafla í B-þætti þessa viðauka ásamt loftfarinu,
- b) ef fyrirhugað er að skrá loftfarið í öðru aðildarríki skal sá einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er fyrir loftfarinu, sækja um nýtt hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð hjá lögbæru yfirvaldi nýja aðildarríkisins þar sem loftfarið skal skráð og skal hann leggja fram með þessari umsókn eldra hljóðstigsvottorðið eða takmarkaða hljóðstigsvottorðið, sem gefið er út í samræmi við H-kafla B-þáttar þessa viðauka.

21L.A.165 Áframhaldandi gildi hljóðstigsvottorða og takmarkaðra hljóðstigsvottorða

- a) Hljóðstigsvottorð eða takmarkað hljóðstigsvottorð skal halda gildi sínu að því tilskildu:
1. að loftfarið er áfram á sömu skrá,
 2. að handhafinn hafi ekki lagt inn vottorðið,
 3. að loftfarið uppfylli áfram viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 um umhverfisvernd og framseldra gerða og framkvæmdargerða sem samþykktar eru á grundvelli hennar og kröfur viðeigandi tegundarhönnunar eða viðeigandi hönnunargagna loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávika eins og tilgreint er í 21L.B.21,
 4. að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins hafi ekki afturkallað vottorðið skv. 21L.B.22.
- b) Þegar vottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins.

J-KAFLI — YFIRLÝST HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21L.A.171 Gildissvið

Þessi kafli tilgreinir:

- a) verklagsreglu við að lýsa yfir hönnunargetu af hálfu einstaklinga og lögaðila sem hanna vörur samkvæmt þessum þætti og
- b) réttindi og skyldur þeirra einstaklinga sem gefa út yfirlýsingar um hönnunargetu sem um getur í a-lið.

21L.A.172 Gjaldgengi

Til að sýna fram á hönnunargetu sína er öllum einstaklingum eða lögaðilum („fyrirtæki“ í þessum kafla) sem gerð er krafa um í 21L.A.82 eða 21L.A.204 heimilt að gefa út yfirlýsingu um getu sína samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.173 Yfirlýsing um hönnunargetu

- a) Áður eða um leið og sótt er um samþykki fyrir hönnun samkvæmt þessum lið, eða áður en umsókn um samþykki fyrir flugskilyrðum í samræmi við 21.A.710 í I. viðauka (21. hluta) fyrir vöru sem fyrirtækið hannar er lögð fram, skal það senda yfirlýsingu um hönnunargetu til Flugöryggisstofnunarinnar, eftir því hvort ber fyrir að.
- b) Yfirlýsinguna og allar síðari breytingar á henni skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

- c) Yfirlýsingin skal innihalda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir Flugöryggisstofnunina til að öðlast þekkingu á fyrirtækinu og fyrirhuguðu umfangi starfseminnar og í henni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:
1. skráð nafn fyrirtækisins,
 2. samskiptaupplýsingar um skráð heimilisfang höfuðstöðva fyrirtækisins og, eftir atvikum, starfrækslusvæði fyrirtækisins,
 3. heiti og samskiptaupplýsingar yfirmanns hönnunarfyrirtækisins,
 4. fyrirhugað verksvið,
 5. yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið:
 - i. hafi hönnunarstjórnunarkerfi í samræmi við a-lið 21L.A.174 og
 - ii. muni viðhalda hönnunarstjórnunarkerfinu í samræmi við þennan kafla,
 6. yfirlýsing sem staðfestir að fyrirtækið muni fylgja þeim ferlum og verklagsreglum sem komið er á í samræmi við d-lið 21L.A.174,
 7. yfirlýsing þar sem staðfest er að fyrirtækið samþykki að takast á hendur skyldur yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins í samræmi við 21L.A.177.
- d) Leggja skal yfirlýsinguna um hönnunargetu fyrir Flugöryggisstofnunina.

21L.A.174 Hönnunarstjórnunarkerfi

- a) Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal koma á, innleiða og viðhalda hönnunarstjórnunarkerfi með skýrri skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu sem:
1. er í samræmi við eðli starfsemi þess og hve flókin hún er og stærðar fyrirtækisins og að teknu tilliti til hættunnar og tilheyrandi áhættu sem fylgir þeirri starfsemi,
 2. er komið á fót undir ábyrgð eins stjórnanda, sem tilnefndur er sem yfirmaður hönnunarfyrirtækisins í samræmi við a-lið 21L.A.175.
- b) Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal hafa, sem hluta af stjórnunarkerfi sínu, úrræði til að veita hönnunartryggingu með því að koma á fót, innleiða og viðhalda kerfi til að stjórna og hafa eftirlit með hönnun og breytingum á hönnun framleiðsluvara og viðgerðum á þeim. Kerfið skal:
1. ná yfir lofthæfiaðgerð sem felur í sér að tryggja að hönnun framleiðsluvara eða hönnunarbreytingar og viðgerðir á þeim, sé í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd,
 2. koma á, framkvæma og viðhalda óháðri starfsemi til að sannprófa að sýnt sé fram á að kröfurnar séu uppfylltar sem liggja til grundvallar því að fyrirtækið lýsir yfir samræmi við gildandi tegundarvottunargrunn og við viðeigandi kröfur um umhverfisvernd,
 3. tilgreina á hvern hátt hönnunartryggingarkerfið tryggir að unnt sé að samþykkja þá hluti sem hannaðir eru eða þau verkefni, sem samstarfsaðilar eða undirverktakar vinna, og skulu um það gilda aðferðir sem byggjast á skriflegum verklagsreglum.
- c) Sem hluta af hönnunarstjórnunarkerfi þeirra skal yfirlýsta hönnunarfyrirtækið koma á fót óháðri starfsemi til að vakta að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur og að hönnunarstjórnunarkerfið sé fullnægjandi og að kröfur séu uppfylltar. Fólgið í þessu eftirliti skal vera kerfi upplýsingastreymis til baka til þess einstaklings eða hóps einstaklinga, sem um getur b-lið 21L.A.175, og til ábyrgðarmannsins, sem um getur í a-lið 21L.A.175, til að tryggja úrbætur eins og þörf krefur.

- d) Yfirlýst hönnunarfyrirtæki skal koma á, viðhalda og uppfæra ferli og verklagsreglur sem tryggja samræmi hönnunar framleiðsluvara við viðeigandi tegundarvottunargrunn, viðeigandi ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd. Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal gera skrifleg sönnunargögn um þessi ferli og verklagsreglur aðgengileg Flugöryggisstofnuninni að beiðni hennar.
- e) Þegar samstarfsfyrirtæki eða undirverktaki hannar hluta eða breytingar á framleiðsluvörum skal vera lýsing í ferlunum og verklagsreglunum um hvernig hönnunarfyrirtækið getur gefið þá tryggingu fyrir því að kröfur séu uppfylltar, sem krafist er í 2. lið b-liðar fyrir alla hluta og skal hún innihalda lýsingar og upplýsingar, beinar eða með millivísunum, um hönnunarstarfsemi og skipulagningu þessara samstarfsaðila eða undirverktaka.
- f) Ef yfirlýsta hönnunarfyrirtækið hefur undir höndum vottorð frá öðru fyrirtæki eða öðrum fyrirtækjum, sem gefið er út á grundvelli reglugerðar (ESB) 2018/1139, og framseldra gerða og framkvæmdargerða, sem samþykktar eru á grundvelli hennar, er yfirlýsta hönnunarfyrirtækinu heimilt að fella hönnunarstjórnunarkerfið inn í stjórnunarkerfið sem krafist er fyrir útgáfu annarra vottorða eða skírteina.

21L.A.175 Tilföng yfirlýsts hönnunarfyrirtækis

- a) Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal tilnefna yfirmann hönnunarfyrirtækisins sem hefur vald til að tryggja að öll hönnun fyrirtækisins fari fram í samræmi við tilskilda staðla og að yfirlýsta hönnunarfyrirtækið starfi að jafnaði í samræmi við hönnunina sem um getur í a- til c-lið 21L.A.174 og þá ferla og verklagsreglur sem um getur í d-lið 21L.A.174.
- b) Yfirmaður hönnunarfyrirtækisins skal tilnefna og tilgreina lykilstarfsfólk innan fyrirtækisins sem ber ábyrgð á:
 - 1. að tryggja að hönnun framleiðsluvara eða hönnunarbreytingar og viðgerðir á þeim séu í samræmi við viðeigandi tegundarvottunargrunn, viðeigandi ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd,
 - 2. óháðu eftirliti með regluvörslu og að starfsemi sé fullnægjandi og
 - 3. allt eftir stærð fyrirtækisins, öðrum einstaklingum eða hóp i einstaklinga sem er þörf á til að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfurnar í þessum þætti.
- c) Sá einstaklingur eða hópur einstaklinga sem tilgreindir eru í b-lið skal:
 - 1. vera ábyrgur gagnvart yfirmanni hönnunarfyrirtækisins og hafa beinan aðgang að honum,
 - 2. búa yfir viðeigandi kunnáttu, starfsferli og reynslu til að inna af hendi þau skyldustörf sem þeim eru falin.
- d) Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal tryggja:
 - 1. að starfsfólk í öllum tæknideildum sé nægilega margt og hafi nægilega reynslu og hafi viðeigandi heimildir til að sinna þeirri ábyrgð, sem því er falin, og að þessi skilyrði, ásamt húsnæði, aðstöðu og búnaði, geri starfsfólki kleift að tryggja að framleiðsluvörurnar sem hannaðar eru uppfylli kröfur um lofthæfi og umhverfisvernd.
 - 2. að full og skilvirk samræming sé innan yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins að því er varðar lofthæfimál og samrýmanleika við umhverfið.
- e) Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal skrá stjórnskipulag fyrirtækis síns ásamt lykilstarfsmönnum sem bera ábyrgð á að tryggja að fyrirtækið uppfylli kröfur þessa kafla, uppfæra þær og gera þær aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni óski hún eftir því.

21L.A.176 Verksvið

Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal tilgreina tegundir hönnunar, flokka framleiðsluvara sem hönnunarstarfsemi er framkvæmd fyrir og þau störf og skyldur sem fyrirtækinu er heimilt að inna af hendi að því er varðar lofthæfi framleiðsluvara og samrýmanleika við umhverfið.

21L.A.177 Skyldur yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins

Yfirlýst hönnunarfyrirtæki skal:

- a) starfa í samræmi við skilmerkilega skilgreindar verklagsreglur, aðferðir og ferli,
- b) ef yfirlýsta hönnunarfyrirtækið hyggst framkvæma flugprófanir, viðhalda og uppfæra rekstrarhandbók þar sem finna má lýsingu á stefnum og ferlum fyrirtækisins að því er varðar flugprófanir og veita Flugöryggisstofnuninni aðgang að þessari handbók, óski hún eftir því,
- c) ákvarða hvort hönnun framleiðsluvara eða breytingar eða viðgerðir á þeim uppfylli viðeigandi tegundarvottunargrunn, vottunargrunn gagna um örugga starfrækslu og kröfur um umhverfisvernd og séu á engan hátt óruggar og leggja yfirlýsingar/skjöl því til staðfestingar,
- d) veita Flugöryggisstofnuninni upplýsingar eða leiðbeiningar varðandi aðgerðir vegna áframhaldandi lofthæfis,
- e) uppfylla kröfurnar í A-kafla þessa viðauka sem gilda um yfirlýst hönnunarfyrirtæki.

21L.A.178 Tilkynning um breytingar og stöðvun starfsemi

Yfirlýsta hönnunarfyrirtækið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni án ástæðulausrar tafar um:

- a) allar breytingar á upplýsingum sem gefnar hafa verið upp skv. c-lið 21L.A.173,
- b) breytingar á hönnunarstjórnunarkerfinu sem eru þýðingarmiklar við að sýna fram á að varan sem það hannar uppfylli kröfur,
- c) stöðvun hluta eða allrar starfseminnar sem yfirlýsingin tekur til.

K-KAFLI – HLUTAR

21L.A.191 Gildissvið

Í þessum kafla er tilgreint hvernig sýna skuli fram á að hlutar uppfylli lofthæfiskröfur.

21L.A.192 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

- a) Sýna skal fram á að kröfur um lofthæfi þeirra hluta sem á að setja í tegundarvottaða framleiðsluvöru eða í loftfar, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, séu uppfylltar:
 1. í samhengi við verklagsreglur um tegundarvottun í B-, D- eða E-kafla þessa viðauka fyrir þá framleiðsluvöru, sem setja á hlutana í eða
 2. í samhengi við verklagsreglur um yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í C- eða E-kafla þessa viðauka fyrir þá framleiðsluvöru, sem setja á hlutana í eða
 3. samkvæmt verklagsreglum um evrópska tækniforskrift í O-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) eða
 4. í samræmi við opinberlega viðurkennda staðla þegar um staðlaða hluta er að ræða.
- b) Í öllum tilvikum, þar sem samþykkis hluta er sérstaklega krafist í lögum Sambandsins eða með ráðstöfunum Flugöryggisstofnunarinnar, skal hluti uppfylla ákvæði viðeigandi evrópskrar tækniforskriftar eða forskrifta sem Flugöryggisstofnunin viðurkennir sem jafngildar í hverju einstöku tilviki.

21L.A.193 Afhending hluta til ísetningar

- a) Aðeins skal setja hluta eða framleiðsluvöru í framleiðsluvöru þegar handhafi tegundarvottorðs, viðbórtategundarvottorðs, hönnunarbreytingar, samþykkis fyrir hönnun viðgerðar eða yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar hefur vottað að hún henti til ísetningar og þegar:
1. hún er í öruggu rekstrarástandi,
 2. hún hefur verið merkt í samræmi við Q-kafla þessa viðauka og
 3. henni fylgir viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) til vottunar þess að einingin hafi verið framleidd í samræmi við viðeigandi hönnunargögnum.
- b) Þrátt fyrir 3. lið a-liðar, og að því tilskildu að skilyrði c-liðar séu uppfyllt, þurfa eftirfarandi hlutar ekki opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru eða í loftfar, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur:
1. staðlaður hluti,
 2. hluti sem er:
 - i. ekki með tiltekinn endingartíma og er hvorki hluti af aðalburðarvirkinu eða stýrisbúnaðinum,
 - ii. tilgreindur til ísetningar í tiltekið loftfar af hendi handhafa tegundarvottorðs, viðbórtategundarvottorðs, hönnunarbreytingar, samþykkis fyrir hönnun viðgerðar eða yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar,
 - iii. ætlaður til ísetningar í loftfar, sem eigandinn staðfestir að uppfylli gildandi skilyrði í i. og ii. lið og tekur hann á sig ábyrgð á að farið sé að þessum skilyrðum,
 3. hluti, sem hefur óveruleg áhrif á öryggi framleiðsluvörunnar ef hann samrýmist ekki samþykktum hönnunargögnum eða yfirlýstum hönnunargögnum og sem handhafi hönnunarsamþykkisins eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar hefur auðkennt sem slíkan í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi. Til að ákvarða áhrif á öryggi vegna hluta, sem samrýmist ekki kröfum, getur handhafi hönnunarsamþykkisins eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar tilgreint í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi sértæk sannprófunarstörf, sem sá sem annast ísetningu hlutans á að inna af hendi,
 4. ef um er að ræða staðlaða breytingu, í samræmi við 21L.A.102, eða staðlaða viðgerð, í samræmi við 21L.A.202, hluti sem hefur óveruleg áhrif á öryggi framleiðsluvörunnar ef hann samrýmist ekki hönnunargögnum og hlutinn er auðkenndur þannig í vottunarforskriftunum fyrir staðlaðar breytingar og staðlaðar viðgerðir, sem gefnar eru út í samræmi við 21.B.70 í I. viðauka (21. hluta). Til að ákvarða áhrif á öryggi vegna hluta, sem samrýmist ekki kröfum, má tilgreina í vottunarforskriftunum þau sértæku sannprófunarstörf sem sá aðili sem annast ísetningu hlutans í framleiðsluvöruna á að inna af hendi,
 5. hluti sem er undanþeginn lofthæfivottun í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽²⁾ og
 6. hluti sem er hluti af samstæðu, eins og tilgreint er í 1.-5. lið b-liðar.
- c) Hlutar, sem skráðir eru í b-lið, hæfa til ísetningar í tegundarvottaða framleiðsluvöru eða loftfar, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, án þess að þeim fylgi EASA-eyðublað nr. 1, að því tilskildu að sá sem annast ísetningu sé handhafi skjals, sem gefið er út af þeim aðila eða fyrirtæki sem framleiddi hlutann, þar sem nafn, hlutanúmer og útgáfudagur hlutans kemur fram og þar sem því er lýst yfir að hlutinn eða búnaðurinn samrýmist hönnunargögnum.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

M-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á TEGUNDARVOTTUÐUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM

21L.A.201 Gildissvið

Þessi kafli tilgreinir:

- a) verklagsreglu við umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerðar á framleiðsluvörum sem eru tegundarvottaðar,
- b) réttindi og skyldur umsækjenda um slíkt samþykki og handhafa slíks samþykkis sem um getur í a-lið,
- c) ákvæði um staðlaðar viðgerðir sem ekki þarfnast samþykkis.

21L.A.202 Staðlaðar viðgerðir

- a) Staðlaðar viðgerðir eru hönnun viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru sem er samþykkt í samræmi við B-kafla B-þáttar þessa viðauka og sem:
 - 1. fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum viðgerðum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og
 - 2. stangast ekki á við gögn handhafa tegundarvottorðsins.
- b) Liðir 21L.A.203 til 21L.A.211 eiga ekki við um staðlaðar viðgerðir.

21L.A.203 Flokkun hönnunar viðgerða á tegundarvottuðum framleiðsluvörum

- a) Hönnun viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru skal flokkuð sem minni háttar eða meiri háttar.
- b) „Minni háttar viðgerð“: viðgerð sem hefur engin veruleg áhrif á massa, jafnvægi, burðarþol, áreiðanleika, vottað hljóðstig eða losunarstig, rekstrareiginleika eða aðra eiginleika sem hafa áhrif á lofthæfi eða samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfissjónarmið.
- c) Öll önnur hönnun viðgerðar er „meiri háttar viðgerð“.
- d) Kröfurnar fyrir samþykki á hönnun minni háttar viðgerða eru þær sem settar eru fram í 21L.A.207.
- e) Kröfurnar fyrir samþykki á hönnun meiri háttar viðgerða eru þær sem settar eru fram í 21L.A.208.

21L.A.204 Gjaldgengi

- a) Einstaklingur eða lögaðili, sem hefur sýnt fram á eða vinnur að því að sýna fram á getu sína, í samræmi við 21L.A.23, getur sótt um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.
- b) Einstaklingur eða lögaðili getur sótt um samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.205 Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerða á tegundarvottuðum framleiðsluvörum

- a) Umsókn um samþykki fyrir hönnun viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru skal leggja fram á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.
- b) Til að fá samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal umsækjandi hafa í umsókninni, eða leggja fram eftir fyrstu umsóknina, áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar:
 - 1. sem inniheldur lýsingu á skemmdum og hönnun viðgerðar þar sem útfærsla tegundarhönnunarinnar, sem gera skal við, er tilgreind,
 - 2. sem tilgreinir hvers konar svið tegundarhönnunarinnar og samþykktu handbókanna sem hönnun viðgerðar hefur breytt eða haft áhrif á,

3. sem tilgreinir allar rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að hönnun viðgerðar uppfylli kröfur og að þau svið, sem hönnun viðgerðar hefur áhrif á, samrýmist tegundarvottunargrunninum og viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd sem eru felldar inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðið eða viðbótartegundarvottorðið,
4. sem tilgreinir hvers konar tillögur að breytingum á tegundarvottunargrunninum, sem eru felldar inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðið eða viðbótartegundarvottorðið,
5. sem tilgreinir hvort umsækjandinn undirbúi sjálfur eða muni sjálfur undirbúa vottunargögnin eða hvort hann geri það á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun.

21L.A.206 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

- a) Umsækjandinn um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal sýna fram á að kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd hafi verið uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum í samræmi við 21L.B.201 og skal umsækjandinn sýna Flugöryggisstofnuninni fram á að slíkar kröfur hafi verið uppfylltar.
- b) Umsækjandi um hönnun meiri háttar viðgerðar skal láta Flugöryggisstofnuninni í té skráð rök fyrir aðferðunum við að uppfylla kröfur í samræmisgögnum samkvæmt áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar.
- c) Þegar prófanir og skoðanir eru framkvæmdar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum a-liðar skal umsækjandinn hafa sannprófað og skjalfest þessa sannprófun áður en prófanir eru framkvæmdar:
 1. að því er varðar prófunareintakið:
 - i. að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að fyrirhugaðri tegundarhönnun,
 - ii. að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í fyrirhugaðri tegundarhönnun,
 - iii. að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í fyrirhugaðri tegundarhönnun og
 2. að prófunar- og mælíbúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður.
- d) Flugprófun til að afla samþykkis á hönnun meiri háttar viðgerðar skal framkvæma í samræmi við aðferðir fyrir slíkra flugprófun sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir. Umsækjandi skal framkvæma allar flugprófanir sem nauðsynlegar eru til að ákvarða samræmi við gildandi tegundarvottunargrunn og gildandi kröfur varðandi umhverfisvernd.
- e) Umsækjandi um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal heimila Flugöryggisstofnuninni:
 1. að endurskoða hvers konar gögn og upplýsingar í tengslum við að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar,
 2. að verða vitni að eða framkvæma hvers konar prófanir eða skoðanir sem framkvæmdar eru í þeim tilgangi að sýna fram á að tilskildar kröfur hafi verið uppfylltar og
 3. að framkvæma ástandsskoðun, ef það er talið nauðsynlegt, á viðgerðu framleiðsluvörðunni til að sannreyna að hönnunin uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd.
- f) Þegar sýnt hefur verið fram á að farið sé að tilskildum ákvæðum skal umsækjandi lýsa því yfir við Flugöryggisstofnunina:
 1. að hann hafi sýnt fram á að viðeigandi kröfur varðandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd séu uppfylltar eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum um í samræmi við 21L.B.201, í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og
 2. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvörðuna með hönnun viðgerðarinnar ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.

21L.A.207 Kröfur um samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerða

Til að fá útgefið samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru skal umsækjandi:

- a) sýna fram á að hönnun viðgerðar og sviðin, sem hönnun viðgerðar hefur áhrif á, uppfylli:
 - 1. kröfur varðandi tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem eru felldar inn með tilvísun í tegundarvottorðið eða
 - 2. vottunarforskriftir sem gilda fyrir framleiðsluvöruna á þeim degi sem sótt er um samþykki fyrir hönnunar viðgerðar, kjósi umsækjandinn að fara að slíkum forskriftum,
- b) lýsa því yfir að samræmis sé gætt við tegundarvottunargrunninn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem gilda í samræmi við 1. lið a-liðar, eða við vottunarforskriftirnar, sem valdar eru í samræmi við 2. lið a-liðar, skrá rökstuðning fyrir því að samræmis sé gætt í samræmisgögnunum og skrá að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi komið í ljós sem gæti gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir,
- c) leggja fyrir Flugöryggisstofnunina rökstuðning fyrir því að kröfur séu uppfylltar hvað varðar viðgerðina og yfirlýsinguna um að kröfur séu uppfylltar.

21L.A.208 Kröfur um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerða

Til að fá útgefið samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru skal umsækjandi:

- a) sýna fram á að hönnun viðgerðar og sviðin, sem hönnun viðgerðarinnar hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og kröfur um gildandi umhverfisvernd eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilkynnt umsækjandanum í samræmi við 21L.B.201,
- b) sýna fram á farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við 21L.A.206,
- c) ef umsækjandinn hefur tilgreint að hann hafi lagt fram vottunargögn á grundvelli samkomulags við eiganda gagnanna um tegundarvottun í samræmi við 5. lið b-liðar 21L.A.205, sýna fram á að handhafi tegundarvottorðs:
 - 1. hafi engin tæknileg andmæli gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 21L.A.205 og
 - 2. hafi samþykkt að starfa með umsækjanda til að tryggja að allar skuldbindingar vegna áframhaldandi lofthæfis viðgerðu framleiðsluvörunnar séu uppfylltar með því að uppfylla ákvæði 21L.A.28 og 21L.A.88,
- d) sýna fram á að engin óleyst atriði séu eftir úr ástandsskoðun á fyrsta hlut/búnaði framleiðsluvörunnar með hönnun viðgerðarinnar í endanlegri, breyttri útfærslu sem Flugöryggisstofnunin framkvæmir í samræmi við 3. lið e-liðar 21L.A.206.

21L.A.209 Samþykki fyrir hönnun viðgerðar samkvæmt réttindum

- a) Samþykktu hönnunarfyrirtæki er heimilt að gefa út samþykki fyrir hönnun viðgerðar, sem það hefur hannað, án þess að sótt hafi verið um það samkvæmt 21L.A.205 í samræmi við réttindi þess, sem kveðið er á um í 2. og 5. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta), í stað Flugöryggisstofnunarinnar, eins og skráð er í skilmálum samþykkisins.
- b) Þegar hönnunarfyrirtæki gefur samþykki fyrir viðgerð í samræmi við a-lið skal það:
 - 1. tryggja að öll gögn og rökstuðningur liggi fyrir,
 - 2. sjá til þess að sýnt hafi verið fram á samræmi breytingarinnar við tegundarvottunargrunn og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd uppfylltar skv. a-lið 21L.A.207 eða a-lið 21L.A.208 og að gefin sé yfirlýsing þess efnis í samræmi við 21L.A.206,

3. staðfesta að það hafi ekki fundið:

- i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd eða vottunarforskriftunum sem valdar voru,
- ii. einkenni eða eiginleika á viðgerðinni sem gætu gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir;

4. takmarka samþykkið fyrir viðgerð á tegundarvottorði við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast viðgerðinni.

21L.A.210 Skyldur handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar

Handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar skal:

- a) ef hann er ekki handhafi tegundarvottorðs eða viðbótartegundarvottorðs og ef vottunargögn hafa verið afhent í samræmi við 5. lið b-liðar 21L.A.205, koma á samkomulagi við viðkomandi handhafa,
- b) veita fyrirtækinu, sem framkvæmir viðgerðina, allar nauðsynlegar leiðbeiningar um uppsetningu eða framkvæmd hönnunar viðgerðarinnar,
- c) styðja sérhvert framleiðslufyrirtæki sem framleiðir hluta vegna hönnunar viðgerðar og tryggja að hlutarnir séu framleiddir með því að nota framleiðslugögn sem byggjast á hönnunargögnunum sem handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar leggur fram,
- d) tryggja að hönnun viðgerðarinnar feli í sér allar nauðsynlegar leiðbeiningar og takmarkanir ef hönnun viðgerðarinnar er samþykkt með fyrirvara um takmarkanir. Handhafi samþykkis fyrir hönnun viðgerðar skal senda þessar leiðbeiningar og takmarkanir til rekstraraðilans í samræmi við verklagsreglu sem samið er um við Flugöryggisstofnunina,
- e) takast á hendur skyldur handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar í A-kafla þessa viðauka.

21L.A.211 Óviðgerðar skemmdir

Skemmdir á framleiðsluvöru, þar sem hönnunin hefur verið samþykkt í samræmi við B-þátt, þarf hugsanlega ekki hönnun viðgerðar ef mat á afleiðingunum á lofthæfi réttlætir það. Slíkt mat skal annaðhvort framkvæmt af Flugöryggisstofnuninni eða hönnunarfyrirtæki, sem er tilhlýðilega samþykkt samkvæmt J-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta), samkvæmt verklagsreglu sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt. Ef niðurstaða matsins er sú að takmarkana sé þörf vegna óviðgerðra skemmda skal vinna úr þeim í samræmi við d-lið 21L.A.210.

N-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.A.221 Gildissvið

Þessi kafli tilgreinir:

- a) verklagsreglu til að lýsa því yfir að hönnun viðgerðar á loftfari, sem fellur undir yfirlýsingu sem gerð er í samræmi við C-kafla þessa viðauka, uppfylli kröfur,
- b) réttindi og skyldur skýrslugjafa sem gefur út samræmisýfirlýsingu fyrir breytinguna sem um getur í a-lið,
- c) ákvæði varðandi staðlaðar viðgerðir sem krefjast ekki yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.

21L.A.222 Staðlaðar viðgerðir

- a) Staðlaðar viðgerðir eru hönnun viðgerða á loftfari, sem féll undir yfirlýsingu sem gerð er í samræmi við C-kafla þessa viðauka og sem:
 1. fylgja hönnunargögnum, sem tilgreind eru í vottunarforskriftum sem Flugöryggisstofnunin gefur út og innihalda samþykktar aðferðir, tækni og venjur, sem nota skal í tengslum við framkvæmd og greiningu á stöðluðum viðgerðum, þ.m.t. tilheyrandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og

2. brjóta ekki í bága við hönnunargögnin, sem heyra undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar sem gerð er í samræmi við C-kafla þessa viðauka.

- b) Liðir 21L.A.223 til 21L.A.229 eiga ekki við um staðlaðar viðgerðir.

21L.A.223 Flokkun hönnunar viðgerða á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

- a) Hönnun viðgerðar á loftfari, þar sem leggja skal fram yfirlýsingu í samræmi við C-kafla þessa viðauka, skal flokkuð sem annað hvort meiri háttar eða minni háttar með því að nota viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í b- og c-lið 21L.A.203.
- b) Lýsa skal yfir að hönnun minni háttar viðgerðar uppfylli kröfur í samræmi við 21L.A.225.
- c) Lýsa skal yfir að hönnun meiri háttar viðgerðar uppfylli kröfur í samræmi við 21L.A.226.

21L.A.224 Gjaldgengi

- a) Skýrslugjafi sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við C-kafla þessa viðauka, getur lýst því yfir að hönnun minni háttar viðgerðar á loftfarinu uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla. Til viðbótar má hönnunarfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki skv. 3. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta), einnig gefa út slíka yfirlýsingu um samræmi samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.
- b) Aðeins skýrslugjafinn, sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við C-kafla þessa viðauka, getur lýst því yfir að hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.
- c) Ef skýrslugjafinn, þrátt fyrir b-lið, sem gaf út yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar í samræmi við C-kafla þessa viðauka, er ekki lengur virkur eða ef hann svarar ekki beiðnum um hönnun viðgerðar, getur hönnunarfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki skv. 2. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta) innan gildissviðs skilmála samþykkis þess eða annar einstaklingur eða lögaðili, sem getur tekist á hendur skyldurnar sem mælt er fyrir um í 21L.A.47 að því er varðar breytta loftfarið, lýst því yfir, í samræmi við C-kafla þessa viðauka, að breytt hönnun loftfars uppfylli hönnunarkröfur.

21L.A.225 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun minni háttar viðgerða

- a) Áður en hönnun minni háttar viðgerðar er felld inn í loftfar eða framkvæmd eða samið er við framleiðslufyrirtæki um að setja upp, framkvæma eða fella inn hönnun minni háttar viðgerðar á loftfari, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka, skal skýrslugjafinn eða fyrirtækið sem hannaði minni háttar viðgerðina lýsa því yfir að hönnun minni háttar viðgerðarinnar uppfylli ítarlegu tækniforskriftirnar og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem lýst hefur verið yfir að séu í samræmi við 21L.A.43.
- b) Leggja skal fram yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur séu uppfylltar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.
- c) Skýrslugjafinn eða fyrirtækið, sem hannaði minni háttar breytinguna, skal halda skrá yfir hönnun minni háttar viðgerða á loftfari, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur og veita Flugöryggisstofnuninni aðgang að sérhverri yfirlýsingu, sem gerð er í samræmi við a-lið, fari hún þess á leit.

21L.A.226 Yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerða

- a) Áður en hönnun meiri háttar viðgerðar er felld inn í loftfar eða framkvæmd eða samið er við framleiðslufyrirtæki um að setja upp, framkvæma eða fella inn hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka, skal skýrslugjafinn lýsa því yfir að hönnun meiri háttar viðgerðarinnar sé í samræmi við þær ítarlegu tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem lýst hefur verið yfir að uppfylli kröfur í samræmi við 21L.A.43.
- b) Leggja skal fram yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur séu uppfylltar á því formi og á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin ákveður.

c) Yfirlýsingin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn aðilans sem leggur fram yfirlýsinguna og heimilisfang/starfsstöð hans,
2. tilvísunarnúmer yfirlýsingar fyrir loftfarið sem hönnun meiri háttar viðgerðarinnar á við um,
3. einkvæma tilvísun til að auðkenna hönnun meiri háttar viðgerðar,
4. upplýsingar um þær ítarlegu tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem skýrslugjafinn hefur lýst yfir að loftfarið uppfylli samkvæmt 21L.A.43,
5. undirritaða yfirlýsingu, sem er einungis á ábyrgð þess sem gefur út yfirlýsinguna um að hönnun meiri háttar viðgerðar sé í samræmi við ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem um getur í 4. lið, í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sem um getur í 3. lið d-liðar,
6. undirritaða yfirlýsingu, sem er alfarið á ábyrgð þess sem gefur út yfirlýsinguna, um að sá aðili hafi ekki borið kennsl á nein einkenni eða eiginleika sem gætu gert loftfarið ótryggt eða þannig að það samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er,
7. lýsingu á skemmdum og hönnun viðgerðar þar sem útfærsla tegundarhönnunarinnar, sem gera skal við, er tilgreind,
8. tilgreiningu hvers konar sviða tegundarhönnunarinnar og samþykktu handbókanna sem hönnun viðgerðar hefur breytt eða haft áhrif á,

d) Skýrslugjafinn sem hannar meiri háttar viðgerð skal leggja yfirlýsinguna, sem um getur í c-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina. Ásamt þessari yfirlýsingu skal skýrslugjafinn afhenda Flugöryggisstofnuninni:

1. lýsingu á meiri háttar viðgerðinni,
2. grunn gögn um meiri háttar viðgerðina, þ.m.t. um starfrækslueiginleika, hönnunareinkenni og allar takmarkanir,
3. áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreindar eru aðferðirnar sem notaðar voru til að sýna fram á samræmi við kröfur á meðan á því stóð,
4. skráð rök fyrir því að farið sé að tilskildum kröfum í samræmisgögnunum sem fengin eru úr hlítiaðgerðum sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar.
5. aðferðirnar sem notaðar hafa verið til að sýna fram á samræmi við ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem skýrslugjafinn hefur lýst yfir að loftfarið uppfylli samkvæmt 21L.A.43,
6. þar sem sýnt er fram á samræmi með prófunum, skráð rök fyrir samræmi prófunarhluta og -búnaðar, sem sýna fram á:
 - i. að því er varðar prófunareintakið:
 - A) að efnin og vinnsluferlin samrýmist á viðunandi hátt forskriftum að hönnun,
 - B) að hlutar framleiðsluvaranna samræmist á viðunandi hátt teikningunum í hönnuninni og
 - C) að framleiðsluferlin, smíðin og samsetningin samrýmist á viðunandi hátt því sem tilgreint er í hönnuninni,
 - ii. að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem notaður er við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófanirnar og sé rétt kvarðaður,

7. skýrslur, niðurstöður skoðana eða prófana sem skýrslugjafinn taldi nauðsynlegar til að ákvarða að loftfarið samrýmist ítarlegum tækniforskriftum og gildandi kröfum varðandi umhverfisvernd.

- e) Yfirlýsingin um meiri háttar viðgerð að því er varðar yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í yfirlýsingunni um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem tengjast breytingunni.

21L.A.227 Hlítiaðgerðir til að lýsa yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerðar

Áður en samræmisyfirlýsing í samræmi við 21L.A.226 er gerð skal skýrslugjafi að því er varðar þessa tilteknu hönnun:

- a) koma á áætlun til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar þar sem tilgreindar eru aðferðirnar til að uppfylla kröfur sem fylgja skal þegar sýnt er fram á samræmi. Þetta skjal skal uppfæra eftir þörfum,
- b) skrá rök fyrir því að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmisgögnum samkvæmt áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- c) framkvæma prófanir og skoðanir eins og þörf krefur í samræmi við áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- d) tryggja og skrá samræmi prófunarhlutans og -búnaðarins og sjá til þess að prófunarsýnið sé í samræmi við forskriftir, teikningar, framleiðsluferli, smíði og samsetningu hönnunarinnar,
- e) tryggja að prófunar- og mælibúnaðurinn, sem nota á við prófanirnar, sé fullnægjandi fyrir prófunina og sé rétt kvarðaður,
- f) gera Flugöryggisstofnuninni kleift að framkvæma eða taka þátt í öllum skoðunum eða prófunum á loftförum í endanlegri eða hæfilega þróaðri útfærslu hönnunar og framleiðslu sem eru nauðsynlegar til að ákvarða að framleiðsluvaran með hönnun viðgerðarinnar hafi ekki einkenni eða eiginleika sem gera loftfarið ótryggt eða þannig að það samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem fyrirhuguð er,
- g) framkvæma flugprófanir í samræmi við flugskilyrði fyrir slíkar flugprófanir, sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir, eftir því sem nauðsynlegt er til að ákvarða hvort loftfarið uppfylli viðeigandi, ítarlegar tækniforskriftir og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd.

21L.A.228 Skyldur skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun viðgerðar

Skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal:

- a) að því er varðar hönnun minni háttar viðgerða halda skrá yfir þessar yfirlýsingar og gera þessar yfirlýsingar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni að beiðni hennar,
- b) veita fyrirtækinu, sem framkvæmir viðgerðina, allar nauðsynlegar leiðbeiningar um uppsetningu eða framkvæmd hönnunar viðgerðarinnar,
- c) styðja sérhvert framleiðslufyrirtæki sem framleiðir hluta fyrir hönnun viðgerðarinnar og tryggja að þessir hlutar séu framleiddir með því að nota framleiðslugögn sem byggjast á hönnunargögnum sem skýrslugjafinn veitir,
- d) senda þær til flugrekandans, ef hönnun viðgerðar er með fyrirvara um takmarkanir, með skjalfestri aðferð sem Flugöryggisstofnunin hefur aðgang að, sé þess óskað,
- e) takast á hendur skyldur skýrslugjafa um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í A-kafla þessa viðauka.

21L.A.229 Óviðgerðar skemmdir

Skýrslugjafi yfirlýsingar um að loftfar uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við C-kafla þessa viðauka eða samþykkt hönnunarfyrirtæki með réttindi í samræmi við 3. lið c-liðar 21.A.263 í I. viðauka (21. hluta) og með viðeigandi gildissvið samþykkis, skal framkvæma mat á afleiðingum skemmda, sem ekki er búið að gera við og sem heyra ekki undir áður samþykkt gögn, á lofthæfi og samrýmanleika loftfars við umhverfið. Allar nauðsynlegar takmarkanir skulu meðhöndlaðar í samræmi við verklagsreglurnar í d-lið 21L.A.228.

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

(Frátekið til notkunar síðar)

P-KAFLI — FLUGLEYFI

21L.A.241 Flugleyfi og flugskilyrði

- a) Verklagsreglur við umsókn um útgáfu flugleyfa og tengdra flugskilyrða fyrir loftför innan gildissviðs þessa viðauka skulu vera þær sem kveðið er á um í P-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) og þær sem kveðið er á um í b- og c-lið 21L.A.241.
- b) Þegar sótt er um flugleyfi í samræmi við 21.A.707 í I. viðauka (21. hluta) skal umsækjandi gera ráðstafanir til að lögbært yfirvald framkvæmi samræmisskoðun á loftfarinu þegar umsóknin um flugleyfi tekur til:
- aðgerða þar sem sýnt er fram á hlítni eins og um getur í 21L.A.25 fyrir loftfar sem er tegundarvottað eða fyrirhugað er að verði tegundavottað,
 - aðgerða þar sem sýnt er fram á hlítni eins og um getur í 21L.A.44 fyrir loftfar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur eða fyrirhugað er að lýsa yfir að uppfylli kröfurnar.
- c) Þegar sótt er um flugskilyrði í samræmi við 21.A.709 í I. viðauka (21. hluta) skal umsækjandi sjá til þess að Flugöryggisstofnunin:
- skoði og meti loftfarið með áþreifanlegum hætti ef flugskilyrði tengjast því að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar til stuðnings yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í 21L.A.44 og ef Flugöryggisstofnunin fer þess á leit á meðan hlítiaðgerðum stendur eins og um getur í b-lið 21L.B.121 og c-lið 21L.B.203 eða
 - skoði og meti loftfarið efnislega og framkvæmi þýðingarmikla hönnunarúttekt ef flugskilyrðin tengjast því að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar í tengslum við vottun hönnunarinnar í 21L.A.25 og ef Flugöryggisstofnunin fer fram á það skv. 21L.B.83, 21L.B.102 og 21L.B.203.

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA OG HLUTA

21L.A.251 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar fram kröfur um auðkenningu framleiðsluvara og hluta sem eru hannaðir og framleiddir samkvæmt þessum viðauka.

21L.A.252 Hönnun merkinga

- a) Handhafi tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir breytingu á tegundarvottorði eða samþykkis fyrir hönnun viðgerðar eða skýrslugjafi yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal tilgreina í hönnunargögnunum merkingu á framleiðsluvörum og hlutum sem hönnuð eru í samræmi við þennan viðauka.
- b) Forskrift merkingarinnar skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
- að því er varðar framleiðsluvörur:
 - heiti fyrirtækis,
 - tilgreiningu framleiðsluvöru,
 - raðnúmer framleiðsluvörunnar,
 - allar aðrar viðeigandi upplýsingar til að auðkenna framleiðsluvöruna,

2. fyrir hluta:

- i. heiti, vörumerki eða tákn sem tilgreinir framleiðslufyrirtækið,
 - ii. hlutanúmer,
 - iii. raðnúmer, í þeim tilvikum þegar hluti sem setja á í vöru hefur verið auðkenndur sem þýðingarmikill hluti.
- c) Í forskriftum fyrir hluta í samræmi við ii. lið 2. liðar b-liðar skal bókstafurinn „(R)“ koma fram í lok hlutanúmersins þegar:
1. hlutinn er hluti af hönnun, sem fellur undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við C-kafla í þessum viðauka,
 2. hlutinn á að fá viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1 í samræmi við a-lið 21L.A.193 og
 3. hlutinn var framleiddur í samræmi við R-kafla í þessum viðauka.

21L.A.253 Auðkenning framleiðsluvara

- a) Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem framleiðir vörur samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) eða samkvæmt G- eða R-kafla í þessum viðauka, sem hönnunin hefur verið samþykkt fyrir eða lýst yfir í samræmi við þennan viðauka, skal auðkenna þá vöru eins og tilgreint er í samræmi við 21L.A.252 með eldtrausti merkingu á eldtrausti plötu.
- b) Auðkenniplötunni skal komið fyrir þannig að hún sé aðgengileg og læsileg og muni líklegast ekki vera gerð ólæsileg eða fjarlægð við venjulega notkun eða týnast eða eyðileggjast í slysi og ef um er að ræða loftskrúfu, skrúfublað eða skrúfunöf, sem er ekki sett á mikilvægan flöt.
- c) Fyrir mannaða loftbelgi skal auðkenniplatan fest á sjálfan belginn og skal staðsetja hana þar sem hún er læsileg stjórnanda loftbelgsins þegar hann er uppblásinn ef því verður við komið. Að auki skal merkja körfuna, burðargrindina og allar hitarasamstæður á varanlegan og læsilegan hátt með nafni framleiðslufyrirtækisins, hlutanúmeri eða jafngildi þess og raðnúmeri eða jafngildi þess.

21L.A.254 Meðferð auðkennisgagna

- a) Sérhverjum einstaklingi eða lögaðila sem annast viðhaldsvinnu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er heimilt, í samræmi við aðferðir, tækni og starfsvenjur Flugöryggisstofnunarinnar:
 1. að fjarlægja, breyta eða koma fyrir auðkenniuþplýsingunum sem um getur í 21L.A.253 eða
 2. að fjarlægja eða setja upp auðkenniplötuna, sem um getur í 21L.A.253, þegar nauðsyn krefur meðan á viðhaldsvinnu stendur.
- b) Enginn aðili skal flytja brott, breyta eða koma fyrir auðkenniuþplýsingunum, sem um getur í a-lið 21L.A.253, nema að því er varðar a-lið 21L.A.254.
- c) Enginn má fjarlægja eða setja upp auðkenniplötuna sem um getur í a-lið 21L.A.253 nema að því er varðar það sem tekið er fram í a-lið 21L.A.254.
- d) Enginn má setja auðkenniplötu, sem hefur verið fjarlægð í samræmi við 2. lið a-liðar, á annað loftfar, hreyfil, loftskrúfu, skrúfublað eða skrúfunöf en þá sem hún var fjarlægð af.

21L.A.255 Auðkenning hluta

Sérhver einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir hluta samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (21. hluta) eða samkvæmt G- eða R-kafla í þessum viðauka fyrir framleiðsluvöru, sem hönnunin hefur verið samþykkt fyrir eða lýst yfir í samræmi við þennan viðauka, skal merkja á varanlegan og læsilegan hátt þann hluta eins og tilgreint er í samræmi við 21L.A.252.

R-KAFLI – SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR OG OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ (EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1) FYRIR HREYFLA OG SKRÚFUR EÐA HLUTA ÞEIRRA SEM SAMRÆMAST YFIRLÝSINGU UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLLOTAR

21L.A.271 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar verklagsreglur um útgáfu samræmisyfirlýsinga fyrir loftför (EASA-eyðublað nr. 52B) og opinberra viðhaldsvottorða (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir hreyfla og loftskrúfur eða hluta þeirra, sem hafa verið framleiddir í samræmi við hönnunargögn yfirlýsingarinnar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar og um réttindi og skyldur skýrslugjafans.

21L.A.272 Gjaldgengi

Sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem fær aðgang að viðeigandi hönnunargögnum og er fær um að takast á hendur skyldurnar, sem settar eru fram í 21L.A.275, getur gefið út samræmisyfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) fyrir loftfar eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) fyrir hreyfil eða loftskrúfu eða hluta þeirra samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

21L.A.273 Framleiðslustýringarkerfi

Einstaklingur eða lögaðili, sem gefur út samræmisyfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) með viðeigandi, tilgreindum hönnunargögnum loftfars, hreyfils eða loftskrúfu, eða hluta þeirra, sem hann hefur framleitt, skal koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda kerfi til að stjórna framleiðslu sem:

- a) felur í sér ferli og verklagsreglur sem tryggja að loftfarið, hreyfillinn eða loftskrúfan og allir hlutar þeirra séu í samræmi við viðeigandi yfirlýst hönnunargögn,
- b) tryggir að sérhver samræmisyfirlýsing (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) sé aðeins undirrituð af aðilum sem til þess hafa heimild,
- c) ef flugprófanir eru nauðsynlegar innan framleiðsluviðs, að til staðar séu ferli sem tryggja að allar flugprófanir séu framkvæmdar á öruggan hátt,
- d) tryggir að einstaklingurinn eða lögaðilinn fái öll nauðsynleg gögn um lofthæfi og samrýmanleika við umhverfið til að ákvarða samræmi,
- e) hefur verklag til staðar til að tryggja að gögn um lofthæfi og samrýmanleika við umhverfið séu rétt tekin inn í framleiðslugögn þess, uppfærð reglulega og gerð aðgengileg öllu starfsfólki sem þarf aðgang að slíkum gögnum til að sinna skyldustörfum sínum,
- f) felur í sér eftirlitskerfi sem tryggir að öll loftför, hreyflar eða loftskrúfur og allir hlutar þeirra, sem eru framleiddir af einstaklingi eða lögaðila, þ.m.t. samstarfsaðilum þeirra, eða eru afhentir utanaðkomandi aðilum eða framleiddir af þeim eða undirverktökum, séu í samræmi við viðeigandi yfirlýst hönnunargögn og í öruggu rekstrarástandi,
- g) inniheldur skjalavörslukerfi þar sem skráðar eru kröfur sem gerðar hafa verið til annarra fyrirtækja, s.s. birgja og undirverktaka. Gögnin, sem eru geymd, skulu gerð aðgengileg lögbæru yfirvaldi að því er varðar áframhaldandi lofthæfi,
- h) tryggir að nýlega framleiddu loftfari sé viðhaldið í samræmi við viðeigandi viðhaldsleiðbeiningar og að það sé geymt í lofthæfu ástandi og, ef við á, að viðhaldsvottorð sé gefið út fyrir allt viðhald sem lokið hefur verið við,
- i) inniheldur innra tilkynningakerfi um atvik, í öryggisskyni, svo að unnt sé að safna slíkum tilkynningum saman í samræmi við 21L.A.3 og meta þær til að bera kennsl á óæskilega þróun eða til að bæta úr ágöllum, og vinna úr upplýsingum um atvik sem ber að tilkynna. Þetta kerfi skal taka til mats á því hvaða upplýsingar um atvik eru áriðandi og dreifingu tilheyrandi upplýsinga.

21L.A.274 Útgáfa samræmisýfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbers viðhaldsvottorðs (EASA-eyðublað nr. 1)

- a) Þegar einstaklingur eða lögaðili gefur út samræmisýfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) skal hann láta eftirfarandi fylgja með:
1. yfirlýsingu þess efnis að loftfarið, hreyfillinn eða loftskrúfan eða hlutar þeirra séu í samræmi við viðeigandi yfirlýst hönnunargögn og séu í öruggu rekstrarástandi,
 2. fyrir hvert loftfar, yfirlýsingu um að loftfarið hafi verið prófað á jörðu niðri og í flugi,
 3. fyrir hvern hreyfil eða skiptiskrúfu, yfirlýsingu um að gerð hafi verið lokaprófun á virkni hreyfilsins eða skiptiskrúfunnar,
 4. ef við á, yfirlýsingu um að fullgerður hreyfill uppfylli viðeigandi kröfur varðandi losun með útblæstri frá hreyflum sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins.
- b) Einstaklingur eða lögaðili skal gefa út samræmisýfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1):
1. við fyrstu yfirfærslu eignarhalds á loftfarinu, hreyflinum eða loftskrúfunni eða hlutum þeirra eða
 2. að því er varðar loftför, við umsókn um útgáfu á takmörkuðu lofthæfivottorði fyrir loftfarið.

21L.A.275 Skyldur einstaklings eða lögaðila sem gefur út samræmisýfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1)

Einstaklingur eða lögaðili sem gefur út samræmisýfirlýsingu (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinbert viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) skal:

- a) tilkynna lögbæru yfirvaldi að hann hafi í hyggju að framleiða loftfar, hreyfil eða loftskrúfu, eða hluta þeirra, í samræmi við hönnunargögn yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar og að þeir muni gefa út samræmisýfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) í samræmi við þennan kafla,
- b) tryggja að upplýsingar um alla þá vinnu sem lokið er séu skráðar,
- c) varðveita á framleiðslustað tæknigögn og teikningar sem nauðsynlegar eru til að ákvarða hvort loftfarið, hreyfillinn eða loftskrúfan, eða hluti þess, samræmist viðeigandi yfirlýstum hönnunargögnum,
- d) veita skýrslugjafa yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, stuðning við áframhaldandi lofthæfi fyrir öll loftför, hreyfla eða loftskrúfur eða hluta þeirra, sem þeir hafa framleitt,
- e) þegar um er að ræða ný loftför sem þeir hafa framleitt, tryggja að loftfarið sé geymt í lofthæfu ástandi og að viðhald sé framkvæmt nema þess sé krafist í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að viðhaldið sé framkvæmt samkvæmt slíkum reglum, þ.m.t. allar nauðsynlegar viðgerðir í samræmi við viðeigandi hönnunargögn áður en samræmisýfirlýsing fyrir loftfar er gefin út (EASA-eyðublað nr. 52B),
- f) þegar viðhaldsvottorð er gefið út eftir slíkar viðgerðir, áður en vottorðið er gefið út, ganga úr skugga um að nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á viðkomandi fullgerðu loftfari og að það sé í öruggu rekstrarástandi,
- g) takast á hendur skyldur einstaklings eða lögaðila sem gefur út samræmisýfirlýsingar (EASA-eyðublað nr. 52B) eða opinber viðhaldsvottorð (EASA-eyðublað nr. 1) í A-kafla þessa viðauka,
- h) tilkynna lögbæru yfirvaldi þegar starfsemi þeirra samkvæmt þessum kafla er hætt.

B-ÞÁTTUR**VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD****A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI**

(frátekið)

B-KAFLI — TEGUNDARVOTTORÐ**21L.B.41 Vottunarforskriftir**

Flugöryggisstofnunin, í samræmi við 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, skal gefa út vottunarforskriftir og aðrar ítarlegar forskriftir, þ.m.t. vottunarforskriftir fyrir lofthæfi og samrýmanleika við umhverfið sem lögbær yfirvöld, fyrirtæki og starfsfólk geta notað til að sýna fram á að framleiðsluvörur og hlutar uppfylli viðeigandi grunnkröfur, sem settar eru fram í II., IV. og V. viðauka við þá reglugerð, auk þeirra umhverfisverndarkrafna sem settar eru fram í 2. mgr. 9. gr. og III. viðauka við þá reglugerð. Slíkar forskriftir skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa umsækjendum til kynna skilyrðin fyrir útgáfu vottorðanna, breytingum á þeim eða viðbótum.

21L.B.42 Fyrsta rannsókn

- a) Við móttöku umsóknar um tegundarvottorð samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin sannreyna hvort framleiðsluvaran sé innan þess gildissviðs sem sett er fram í 21L.A.21 og hvort umsækjandinn sé hæfur í samræmi við 21L.A.22 til að sækja um tegundarvottorð fyrir framleiðsluvöruna.
- b) Ef skilyrðin í a-lið eru ekki uppfyllt skal Flugöryggisstofnunin hafna umsókninni.

21L.B.43 Tegundarvottunargrunnur fyrir tegundarvottorð

- a) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða tegundarvottunargrunninn og tilkynna umsækjanda um það. Tegundarvottunargrunnurinn skal samanstanda af:
 1. vottunarforskriftum fyrir lofthæfi sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar og gilda um framleiðsluvöruna á þeim degi sem sótt er um vottorðið nema:
 - i. umsækjandinn kjósi að uppfylla vottunarforskriftir sem öðluðust gildi eftir umsóknardaginn; ef umsækjandi kysir að uppfylla vottunarforskrift, sem öðlaðist gildi eftir umsóknardaginn, skal Flugöryggisstofnunin fella inn í tegundarvottunargrunninum hvers konar aðrar tengdar vottunarforskriftir eða
 - ii. Flugöryggisstofnunin samþykki aðra kosti við tilgreinda vottunarforskrift, sem ekki er hægt að uppfylla, þar sem fundist hafa þættir til úrbóta sem veita sambærilegt öryggi eða
 - iii. Flugöryggisstofnunin samþykki eða mæli fyrir um aðferðir til að sýna fram á að farið sé að grunnkröfum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1139,
 2. hver konar sérstökum skilyrðum sem Flugöryggisstofnunin mælir fyrir um í samræmi við a-lið 21L.B.44.
- b) Flugöryggisstofnuninni er heimilt að breyta tegundarvottunargrunninum hvenær sem er fyrir útgáfu tegundarvottorðs ef hún hefur gengið úr skugga um að reynsla af notkun annarra svipaðra framleiðsluvara eða framleiðsluvara, sem hafa svipuð hönnunareinkenni, hafi sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast og að tegundarvottunargrunnurinn, sem var ákvarðaður og sem tilkynntur er umsækjandanum, taki ekki á þessu ótrygga ástandi.

21L.B.44 Sérstök skilyrði

- a) Flugöryggisstofnunin skal mæla fyrir um sérstakar, ítarlegar tækniforskriftir, sem nefnast „sérstök skilyrði“ fyrir framleiðsluvöru ef í tilheyrandi vottunarforskriftum eru hvorki settar viðunandi né viðeigandi öryggiskröfur um framleiðsluvöruna vegna þess:
1. að framleiðsluvaran hefur hönnunareinkenni, sem eru ný eða óvenjuleg, miðað við þær hönnunarvenjur sem viðeigandi vottunarforskriftir byggjast á,
 2. að fyrirhuguð notkun framleiðsluvörunnar er óhefðbundin eða
 3. að reynsla af notkun á svipuðum framleiðsluvörum eða framleiðsluvörum, sem hafa svipuð hönnunareinkenni eða fela í sér nýgreindar hættur, hefur sýnt að ótryggt ástand kunni að skapast.
- b) Með sérstökum skilyrðum eru settar öryggiskröfur sem Flugöryggisstofnunin telur nauðsynlegar til að skapa öryggi sem er sambærilegt því sem ákvarðað er í viðeigandi vottunarforskriftum.

21L.B.45 Tilgreining viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd fyrir tegundarvottorð

Flugöryggisstofnunin skal tilgreina viðeigandi umhverfiskröfur í samræmi við 21.B.85 í I. viðauka (21. hluta) og tilkynna umsækjanda um tegundarvottorð fyrir loftfar eða hreyfil þar um.

21L.B.46 Rannsókn

Við móttöku umsóknar um tegundarvottorð samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin:

- a) framkvæma endurskoðun á upphaflegu áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og öllum síðari uppfærslum, sem umsækjandi hefur lagt fram, til að staðfesta heilleika áætlunarinnar og hvort fyrirhugaðar aðferðir og leiðir til að sýna fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins, sem kveðið er á um í samræmi við 21L.B.43, og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem tilgreindar eru í samræmi við 21L.B.45, séu uppfylltar, og ef áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar er ófullnægjandi eða aðferðirnar og leiðirnar henta ekki til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar, skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjanda um það og fara fram á breytingu á áætluninni,
- b) þegar hún hefur gengið úr skugga um að áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sé viðeigandi þannig að umsækjandi geti sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar, samþykka áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og allar síðari uppfærslur á áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- c) eftir að hafa tekið við yfirlýsingunni um að kröfur séu uppfylltar í samræmi við f-lið 21L.A.25, framkvæma ástandsskoðun og -mat á fyrsta hlut/búnaði í þeirri framleiðsluvöru í endanlegri útfærslu, að teknu tilliti til þýðingarmikillar hönnunar-úttektar sem framkvæmd er í samræmi við a-lið 21L.B.242, til að sannreyna að framleiðsluvaran uppfylli kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, skal Flugöryggisstofnunin sannreyna að framleiðsluvaran uppfylli kröfur, að teknu tilliti til þess hversu líkleg ótilgreind vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins er eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd og hugsanlega áhrifa sem vanefnd gagnvart kröfum hefur á öryggi framleiðsluvörunnar eða samrýmanleika hennar við umhverfið,
- d) ef hún ákvarðar, við ákvörðun tegundarvottunargrunnsins, við tilgreiningu viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd eða við endurskoðun áætlunarinnar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar, að vöruhönnunin innihaldi þætti þar sem ótilgreind vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd kunni að hafa neikvæð áhrif á öryggi eða samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfið, skal Flugöryggisstofnunin ákveða hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar, til viðbótar við þær rannsóknir sem lýst er í c-lið, til að sannprófa að farið sé að áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um allar viðbótarannsóknir og hvaða þættir hönnunarinnar myndu falla undir þessar rannsóknir.

21L.B.47 Útgáfa tegundarvottorðs

- a) Flugöryggisstofnunin skal gefa út tegundarvottorð fyrir loftfar, hreyfil eða loftskrúfu án ástæðulausrar tafar, að því tilskildu að:
1. umsækjandinn hafi uppfyllt 21L.A.27,
 2. Flugöryggisstofnunin hefur ekki fundið, með rannsókn sem gerð var skv. 21L.B.46, vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd,

3. að engin óleyst atriði séu eftir úr rannsókninni sem er framkvæmd skv. c-lið 21L.B.46 á þeirri framleiðsluvöru í endanlegri útfærslu,
 4. að ekkert einkenni eða eiginleiki hafi verið tilgreindur sem gæti gert framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.
- b) Tegundarvottorðið skal innihalda:
1. tegundarhönnunina,
 2. starfrækslumörk,
 3. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi,
 4. gagnablað tegundarvottorðsins vegna lofthæfis og, ef við á, skrá um að hreyfillinn uppfylli kröfur varðandi losun með útblæstri,
 5. kröfur varðandi viðeigandi tegundarvottunargrunn og umhverfisvernd sem Flugöryggisstofnunin skráir að séu uppfylltar,
 6. ef við á, gagnablað tegundarvottorðs fyrir hljóðstig og
 7. öll önnur skilyrði eða takmarkanir sem mælt er fyrir um fyrir framleiðsluvöruna í viðeigandi tegundarvottunargrunni og viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd.

21L.B.48 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara sem hafa fengið útgefið tegundarvottorð

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd, skal hún vekja máls á fráviki í samræmi við 21L.B.21 eða gefa út lofthæfifyrirmæli samkvæmt skilyrðum 21L.B.23.

21L.B.49 Framsal tegundarvottorðs

- a) Þegar Flugöryggisstofnuninni berst umsókn um sannpröfun á því hvort handhafi hennar geti framselt tegundarvottorð í samræmi við 21L.A.29 eða þegar Flugöryggisstofnunin tekur til athugunar beiðni um að taka yfir tegundarvottorð í samræmi við 21L.A.29 skal Flugöryggisstofnunin sannprófa, í samræmi við 21L.B.42 og 21L.B.46, hvort framsalshafi teljist hæfur til að vera handhafi tegundarvottorðs í samræmi við 21L.A.22 og geti tekist á hendur skyldur handhafa tegundarvottorðs samkvæmt 21L.A.28.
- b) Ef Flugöryggisstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að framsalshafi hafi uppfyllt skilyrðin, sem um getur í a-lið, skal hún tilkynna handhafa tegundarvottorðs eða einstaklingi eða lögaðila, sem óskar eftir því að taka yfir tegundarvottorð, að Flugöryggisstofnunin hafi samþykkt framsal tegundarvottorðs til þessa einstaklings eða lögaðila.

C-KAFLI – YFIRLÝSINGAR UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLTLAR

21L.B.61 Ítarlegar tækniforskriftir og gildandi kröfur um umhverfisvernd að því er varðar yfirlýsingar um að hönnunarkröfur vöru séu uppfylltar

- a) Flugöryggisstofnunin skal, í samræmi við 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, ákvarða og gera aðgengilegar ítarlegar tækniforskriftir sem einstaklingar og lögaðilar geta notað til að sýna fram á að viðkomandi grunnkröfur séu uppfylltar sem settar eru fram í II. viðauka við þá reglugerð þegar hún lýsir því yfir að hönnun loftfarsins uppfylli kröfur C-kafla A-þáttar þessa viðauka.
- b) Í ítarlegu tækniforskriftunum, sem um getur í a-lið, skal kveða á um hönnunarstaðla sem endurspeglar nýjustu tækni og bestu hönnunarvenjur og sem byggja á bestu fyrirliggjandi reynslu og vísinda- og tækniframförum og á bestu tiltæku sönnunargögnum og greiningu á hönnun loftfara fyrir loftför sem falla innan gildissviðsins sem komið er á samkvæmt 21L.A.41. Þessar ítarlegu tækniforskriftir geta innihaldið eða vísað til:
 1. vottunarforskrifta sem Flugöryggisstofnunin ákvarðar í samræmi við lið 21.B.70 í I. viðauka (21. hluta) að því er varðar lofthæfi hönnunar loftfarsins,

2. sérstakra skilyrða sem Flugöryggisstofnunin hefur mælt fyrir um í samræmi við 21.B.75 í I. viðauka (21. hluta) eða 21L.B.44 fyrir önnur loftför og sem eru almenns eðlis,
 3. ítarlegra tæknistaðla sem þróaðir hafa verið af hálfu staðlastofnana og annarra atvinnugreinastofnana.
- c) Í þeim tilgangi að tryggja samrýmanleika hönnunarinnar við umhverfið skal stofnunin setja fram og gera aðgengilegar umhverfisverndarkröfurnar sem nota skal sem grunn fyrir yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem skal innihalda:
1. kröfur varðandi umhverfisvernd fyrir viðkomandi vöruflokka, sem er að finna í I.– III. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn, með áorðnum breytingum sem um getur í 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139; í þessu skyni skal líta á tilvísanir í:
 - i. daginn þegar sótt er um tegundarvottorð, sem er að finna í þessum bindum, sem tilvísanir í daginn sem yfirlýsingin um að hönnunarkröfur séu uppfylltar er gerð af skýrslugjafanum og
 - ii. vottunarkröfurnar í þessum bindum sem kröfur varðandi yfirlýsinguna um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.
 2. [Frátekið til notkunar síðar]

21L.B.62 Fyrsta eftirlitsrannsókn

- a) Við móttöku yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar skal Flugöryggisstofnunin ganga úr skugga um að loftfarið sé innan gildissviðs C-kafla A-þáttar þessa viðauka og að í yfirlýsingunni komi fram allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 21L.A.43. Flugöryggisstofnunin skal staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar, þ.m.t. úthlutun sérstaks tilvísunarnúmers fyrir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, við skýrslugjafann fyrir viðkomandi útfærslu loftfars.
- b) Flugöryggisstofnunin skal framkvæma ástandsskoðun og mat á fyrsta hlut/búnaði loftfarsins í endanlegri útfærslu þess, að teknu tilliti til öryggismatsins sem framkvæmt er í samræmi við 2. lið a-liðar 21L.B.242. Ef Flugöryggisstofnunin finnur sönnunargögn í yfirlýsingunni eða með ástandsskoðuninni og matinu sem framkvæmt er í samræmi við fyrsta málslíð, sem gefa til kynna að loftfarið gæti verið ófært um að stunda öruggt flug eða gæti verið ósamrýmanlegt við umhverfisákvæði meðan á starfrækslu stendur, skal Flugöryggisstofnunin vekja máls á frávikinu í samræmi við 21L.B.21.

21L.B.63 Skráning yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar

Flugöryggisstofnunin skal skrá yfirlýsingu um að hönnunarkröfur loftfars séu uppfylltar að því tilskildu:

- a) að skýrslugjafinn hafi lýst því yfir að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við a-lið 21L.A.43,
- b) að skýrslugjafinn hafi látið Flugöryggisstofnuninni í té þau skjöl sem krafist er í samræmi við c-lið 21L.A.43,
- c) að skýrslugjafinn hafi skuldbundið sig til að uppfylla skyldurnar í samræmi við 21L.A.47,
- d) að engin óleyst frávik séu eftir úr ástandsskoðun og mati á fyrsta hlut/búnaði loftfarsins í endanlegri útfærslu sem fór fram í samræmi við b-lið 21L.B.62,

21L.B.64 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir gagnvart kröfum viðeigandi ítarlegra tækniforskrifta eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd, skal hún vekja máls á frávikinu í samræmi við 21L.B.21 eða gefa út lofthæfifyrirmæli samkvæmt skilyrðum 21L.B.23.

D-KAFLI — BREYTINGAR Á TEGUNDARVOTTORÐUM

21L.B.81 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um gildandi umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

- a) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða tegundarvottunargrunninn fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði og tilkynna umsækjanda um það.
- b) Þegar um er að ræða meiri háttar breytingu á tegundarvottorði og þeim sviðum sem breytingin hefur áhrif á skal tegundarvottunargrunnurinn samanstanda af vottunarforskriftunum, sem vísað er til í tegundarvottorðinu, nema:
1. Flugöryggisstofnunin telji að í vottunarforskriftunum, sem vísað er til í tegundarvottorðinu, séu ekki gerðar fullnægjandi kröfur, að því er varðar fyrirhuguðu breytinguna, og því skuli breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, einnig fullnægja hvers konar sérstökum skilyrðum og breytingum á þeim sérstöku skilyrðum, sem Flugöryggisstofnunin mælir fyrir um í samræmi við 21L.B.44, til að veita öryggi sem er sambærilegt því sem ákvarðað er í vottunarforskriftunum sem eru í gildi þegar sótt er um breytinguna.
 2. umsækjandi velji að fara að vottunarforskrift sem sett er fram í breytingu sem er í gildi á þeim degi sem sótt er um breytinguna.
- c) Flugöryggisstofnunin skal tilgreina viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði í samræmi við 21.B.85 í I. viðauka (21. hluta) og tilkynna umsækjanda um þær.

21L.B.82 Rannsókn og útgáfa samþykkis fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði

- a) Við móttöku umsóknar um samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin samþykkja minni háttar breytinguna þegar:
1. umsækjandinn hefur lagt fram gögn til staðfestingar og rökstuðning og hefur sýnt fram á og lýst því yfir að breytingin uppfylli kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd eða vottunarforskriftanna sem valdar eru í samræmi við 21L.A.67,
 2. Flugöryggisstofnunin, með sannprófun á að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar, að teknu tilliti til hönnunareinkenna hönnunar eða tækni, hversu flókin hún er og hversu þýðingarmikil hún er, og að teknu tilliti til fyrri reynslu af hönnunarstarfsemi með umsækjandanum, hefur ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd eða vottunarforskriftunum sem valdar voru,
 - ii. einkenni eða eiginleika á breytingunni sem gætu gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.
- b) Samþykki fyrir minni háttar breytingu á tegundarvottorði skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21L.B.83 Rannsókn á meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

Við móttöku umsóknar um meiri háttar breytingu á tegundarvottorði samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin:

- a) framkvæma endurskoðun á upphaflegu áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og öllum síðari uppfærslum, sem umsækjandi hefur lagt fram til að staðfesta heilleika áætlunarinnar og hvort fyrirhugaðar aðferðir og leiðir til að sýna fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem ákvarðaðar og tilgreindar eru í samræmi við 21L.B.81, séu uppfylltar, og ef áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar er ófullnægjandi eða aðferðirnar og leiðirnar henta ekki til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjanda um það og fara fram á breytingu á áætluninni,

- b) þegar hún hefur gengið úr skugga um að áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sé viðeigandi þannig að umsækjandi geti sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar, samþykkja áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og einnig allar síðari uppfærslur á áætluninni,
- c) ákvarða líkur á ótilgreindri vanefnd meiri háttar breytingar gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd og hugsanleg áhrif af völdum slíkrar vanefndar gagnvart kröfum á öryggi eða samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfið og ákvarða á þeim grundvelli hvort nauðsynlegt sé að framkvæma ástandsskoðun og -mat á fyrsta hlut/búnaði framleiðsluvörunnar í endanlegu breyttu útfærslunni til að sannprófa að framleiðsluvaran uppfylli kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, með hliðsjón af þýðingarmiklu hönnunarúttektinni ef slík úttekt er framkvæmd í samræmi við 3. lið a-liðar 21L.B.242 og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um það áður en þessi skoðun og mat fer fram,
- d) ef hún ákvarðar, við ákvörðun tegundarvottunargrunnsins, við tilgreiningu viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd eða við endurskoðun áætlunarinnar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar, að hönnun meiri háttar viðgerðarinnar innihaldi þætti þar sem ótilgreind vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd kunni að hafa neikvæð áhrif á öryggi eða samrýmanleika breyttu framleiðsluvörunnar við umhverfið, skal Flugöryggisstofnunin ákvarða hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar, til viðbótar við þær rannsóknir sem lýst er í c-lið, til að sannprófa að farið sé að áætluninni til að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um allar viðbótarannsóknir og hvaða þættir hönnunarinnar myndu falla undir rannsókn.

21L.B.84 Útgáfa samþykkis fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði

- a) Flugöryggisstofnunin skal samþykkja meiri háttar breytingu þegar:
1. umsækjandinn hefur sýnt fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilgreint í samræmi við 21L.B.81,
 2. umsækjandinn hefur sýnt fram á og lýst yfir að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við f-lið 21L.A.66,
 3. Flugöryggisstofnunin hefur, með sannprófun sinni á því að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar, ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd,
 - ii. einkenni eða eiginleika á breytingunni sem gætu gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.
- b) Samþykki fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21L.B.85 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi breyttra framleiðsluvara sem hafa fengið útgefið tegundarvottorð

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd fyrir framleiðsluvöru þar sem breyting á tegundarvottorði hefur verið samþykkt, skal hún vekja máls á fráviki í samræmi við 21L.B.21 eða gefa út lofthæfifyrirmæli samkvæmt skilyrðum 21L.B.23.

E-KAFLI — VIÐBÓTARTEGUNDARVOTTORÐ

21L.B.101 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um gildandi umhverfisvernd fyrir viðbótartegundarvottorð

- a) Flugöryggisstofnunin skal ákvarða tegundarvottunargrunninn fyrir viðbótartegundarvottorð og tilkynna umsækjanda um það.

- b) Þegar um er að ræða meiri háttar breytingar á tegundarvottorði í formi viðbórtategundarvottorðs skal tegundarvottunargrunnurinn fyrir þau svið, sem breytingin hefur áhrif á, vera sá sem er felldur inn í tegundarvottorðið með tilvísun, nema:
1. Flugöryggisstofnunin telji að í vottunarforskriftunum, sem vísað er til í tegundarvottorðinu, séu ekki gerðar fullnægjandi kröfur, að því er varðar fyrirhuguðu breytinguna, og því skuli breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, einnig fullnægja hvers konar sérstökum skilyrðum og breytingum á þeim sérstöku skilyrðum, sem Flugöryggisstofnunin mælir fyrir um í samræmi við 21L.B.44, til að veita öryggi sem er sambærilegt því sem ákvarðað er í vottunarforskriftunum sem eru í gildi þegar sótt er um breytinguna.
 2. umsækjandi velji að fara að vottunarforskrift sem sett er fram í breytingu sem er í gildi á þeim degi sem sótt er um breytinguna.
- c) Flugöryggisstofnunin skal tilgreina viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd fyrir meiri háttar breytingu á tegundarvottorði í samræmi við 21.A.85 í I. viðauka (21. hluta) og tilkynna umsækjanda um þær.

21L.B.102 Rannsókn

Við móttöku umsóknar um viðbórtategundarvottorð samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin:

- a) framkvæma endurskoðun á upphaflegu áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og öllum síðari uppfærslum, sem umsækjandi hefur lagt fram til að staðfesta heilleika áætlunarinnar og hvort fyrirhugaðar aðferðir og leiðir til að sýna fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem ákvarðaðar og tilgreindar eru í samræmi við 21L.B.101, séu uppfylltar, og ef áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar er ófullnægjandi eða aðferðirnar og leiðirnar henta ekki til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjanda um það og fara fram á breytingu á áætluninni,
- b) þegar hún hefur gengið úr skugga um að áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sé viðeigandi þannig að umsækjandi geti sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar, samþykka áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og allar síðari uppfærslur á áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- c) ákvarða líkur á ótilgreindri vanefnd meiri háttar breytingar gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd og hugsanleg áhrif af völdum slíkrar vanefndar gagnvart kröfum á öryggi eða samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfið og ákvarða á þeim grundvelli hvort nauðsynlegt sé að framkvæma ástandsskoðun og -mat á fyrsta hlut/búnaði framleiðsluvörunnar í endanlegu breyttu útfærslunni til að sannprófa að framleiðsluvaran uppfylli kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, með hliðsjón af þýðingarmiklu hönnunarúttektinni ef slík úttekt er framkvæmd í samræmi við a-lið 21L.B.242 og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um það áður en þessi skoðun og mat fer fram,
- d) ef hún ákvarðar, við ákvörðun tegundarvottunargrunnsins, við tilgreiningu viðeigandi krafna varðandi umhverfisvernd eða við endurskoðun áætlunarinnar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar, að meiri háttar breytingin á hönnuninni innihaldi þætti þar sem ótilgreind vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd kunni að hafa neikvæð áhrif á öryggi eða samrýmanleika breyttu framleiðsluvörunnar við umhverfið, skal Flugöryggisstofnunin ákvarða hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar, til viðbótar við þær rannsóknir sem lýst er í c-lið, til að sannprófa að farið sé að áætluninni til að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um allar viðbóttarrannsóknir og hvaða þættir hönnunarinnar myndu falla undir þessar rannsóknir.

21L.B.103 Útgáfa viðbórtategundarvottorðs

- a) Við móttöku umsóknar um viðbórtategundarvottorð samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin gefa út viðbórtategundarvottorð, að því tilskildu að:
 1. umsækjandinn hafi sýnt fram á að breytingin og sviðin, sem breytingin hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað og tilgreint í samræmi við 21L.B.101,

2. umsækjandinn hafi sýnt fram á og lýst yfir að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við f-lið 21L.A.85,
 3. eigandi tegundarvottorðsgagna, ef umsækjandi hefur tilgreint í samræmi við 2. lið b-liðar 21L.A.84 að vottunargögnin hafi verið lögð fram á grundvelli samkomulags við eiganda tegundarvottorðsgagnanna, hafi:
 - i. engin tæknileg andmæli gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 2. lið a-liðar 21L.B.103 og
 - ii. samþykkt að starfa með handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar til að inna af hendi allar skuldbindingar varðandi áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar með hönnun viðgerðarinnar með því að uppfylla ákvæði 21L.A.88,
 4. að Flugöryggisstofnunin hafi, með sannpröfun sinni á því að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar, ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd,
 - ii. einkenni eða eiginleika á breytingunni sem gætu gert breyttu framleiðsluvöruna ótrygga eða þannig að hún samrýmist ekki umhverfissjónarmiðum fyrir þá notkun sem óskað er eftir vottun fyrir.
- b) Viðbórtategundarvottorð skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast tilheyrandi meiri háttar breytingunni.

21L.B.104 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara sem hafa fengið útgefið viðbórtategundarvottorð

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd framleiðsluvöru sem hefur fengið útgefið viðbórtategundarvottorð, skal hún vekja máls á frávikinum í samræmi við 21L.B.21 eða gefa út lofthæfifyrirmæli samkvæmt skilyrðum 21L.B.23.

F-KAFLI – BREYTINGAR Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.B.121 Fyrsta eftirlitsrannsókn á yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingu á hönnun loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

- a) Við móttöku yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingu á hönnun loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, skal Flugöryggisstofnunin sannreyna að breytingin heyri undir gildissviði 21L.A.101 og að í yfirlýsingunni komi fram allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 21L.A.107. Flugöryggisstofnunin skal staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar, þ.m.t. úthlutun sérstaks tilvísunarnúmers fyrir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, við skýrslugjafann.
- b) Flugöryggisstofnunin skal meta, á grundvelli áhættu á vanefnd gagnvart kröfum sem leiðir til hönnunar sem er ekki örugg til flugs eða ósamrýmanleg umhverfinu, hvort þörf sé á ástandsskoðun og mati á breyttu framleiðsluvörunni og síðan tilkynna skýrslugjafanum um það ef svo er. Þetta áhættumat skal taka tillit til:
 1. hversu flókin meiri háttar breytingin er og hver heildaráhrif á burðarvirki loftfars, flugeiginleika og kerfi eru,
 2. fyrri reynslu af ástandsskoðunum á loftförum og meiri háttar breytingum sem skýrslugjafi hefur hannað,
 3. viðbragða skýrslugjafans við öllum fyrri frávikum vegna vanefnda gagnvart kröfum varðandi tiltekið loftfar eða svipað loftfar, sem skýrslugjafi hannaði sem einnig heyrði undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar,

- c) Ef Flugöryggisstofnunin finnur sönnunargögn í yfirlýsingunni eða með ástandsskoðunni og matinu, ef slíkt er framkvæmt í samræmi við b-lið 21L.B.121, sem gefa til kynna að breytta loftfarið gæti verið ófært um að stunda öruggt flug eða gæti verið ósamrýmanlegt við umhverfisákvæði meðan á starfrækslu stendur, skal Flugöryggisstofnunin vekja máls á frávikinum í samræmi við 21L.B.21.

21L.B.122 Skráning yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingar á hönnun loftfars

- a) Flugöryggisstofnunin skal skrá yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar meiri háttar breytingar á hönnun loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, að því tilskildu að:
1. skýrslugjafinn hafi lýst því yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við a-lið 21L.A.107,
 2. skýrslugjafinn hafi afhent Flugöryggisstofnuninni skjölin sem krafist er í samræmi við d-lið 21L.A.107,
 3. skýrslugjafinn hafi skuldbundið sig til að uppfylla einnig skyldurnar í samræmi við 21L.A.47 að því er varðar breytta hönnun loftfarsins,
 4. engin óleyst atriði séu eftir úr ástandsskoðuninni, ef hún er framkvæmd í samræmi við b-lið 21L.B.121.
- b) Flugöryggisstofnunin skal aðeins skrá yfirlýsingu um meiri háttar breytingu á hönnun loftfars, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, ef hún takmarkast við tiltekna útfærslu eða útfærslur í skráðu yfirlýsingunni um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem tengjast breytingunni.

21L.B.123 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi breytts loftfars sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir gagnvart viðeigandi, ítarlegum tækniforskriftum eða gagnvart viðeigandi umhverfisverndarkröfum breytingar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, skal hún bregðast við í samræmi við lið 21L.B.64.

G-KAFLI — YFIRLÝST FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKI

(frátekið)

H-KAFLI — LOFTHÆFIVOTTORÐ OG TAKMÖRKUÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ

(frátekið)

I-KAFLI — HLJÓÐSTIGSVOTTORÐ

(frátekið)

J-KAFLI — YFIRLÝST HÖNNUNARFYRIRTÆKI

21L.B.181 Fyrsta eftirlitsrannsókn

- a) Við móttöku yfirlýsingar frá fyrirtæki um hönnunargetu skal Flugöryggisstofnunin ganga úr skugga um:
1. að skýrslugjafi teljist hæfur til gefa út yfirlýsingu um hönnunargetu sína í samræmi við 21L.A.172,
 2. að yfirlýsingin innihaldi allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í c-lið 21L.A.173 og
 3. að yfirlýsingin innihaldi ekki upplýsingar sem gefa til kynna að ekki sé farið að kröfum J-kafla A-þáttar þessa viðauka.
- b) Flugöryggisstofnunin skal staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar, þ.m.t. úthlutun sérstaks tilvísunarnúmers fyrir yfirlýsta hönnunarfyrirtækið, við skýrslugjafann.

21L.B.182 Skráning yfirlýsingar um hönnunargetu

Lögbært yfirvald skal skrá yfirlýsingu um hönnunargetu í viðeigandi gagnagrunn, þ.m.t. yfirlýst verksvið, að því tilskildu að:

- a) skýrslugjafi hafi gefið út yfirlýsingu um getu sína í samræmi við 21L.A.173,
- b) skýrslugjafinn hafi skuldbundið sig til að uppfylla skyldurnar í samræmi við 21L.A.177,
- c) engin óleyst atriði séu eftir í samræmi við 21L.B.181.

21L.B.183 Eftirlit

- a) Flugöryggisstofnunin skal hafa eftirlit með yfirlýsta hönnunarfyrirtækinu til að sannprófa að fyrirtækið uppfylli áfram viðeigandi kröfur A-þáttar.
- b) Eftirlitið skal fela í sér þýðingarmikla hönnunarúttekt eða ástandsskoðun á framleiðsluvörunni og skoðun á fyrsta hlut/búnaði fyrir hverja nýja hönnun yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins.

21L.B.184 Eftirlitsáætlun

- a) Flugöryggisstofnunin skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun til að fara að lið 21L.B.183. Eftirlitsáætlunin skal taka tillit til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er og niðurstaðna úr fyrri vottunar- og/eða eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:

1. mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. eftir því sem við á:

- i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,
- ii. úttektir á viðeigandi úrtaki af hönnuninni og vottun framleiðsluvara og hluta sem falla undir verksvið fyrirtækisins,
- iii. úrtakskönnun á framkvæmdum verki,
- iv. fyrirvaralausar eftirlitsúttektir,

2. fundi sem boðaðir eru á milli stjórnanda hönnunarfyrirtækisins og Flugöryggisstofnunarinnar til að tryggja að báðir séu upplýstir um öll mikilvæg atriði.

- b) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir þær dagsetningar sem mat, úttektir, skoðanir og fundir eiga að fara fram á og hvenær slíkt mat, úttektir, skoðanir og fundir fóru í raun fram.

- c) Nota skal eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.

- d) Þrátt fyrir c-lið má framlengja eftirlitslotuna að hámarki í 36 mánuði ef Flugöryggisstofnunin hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:

- 1. að fyrirtækið hafi sýnt fram á að það geti með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,
- 2. að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á að það uppfylli ákvæði 21L.A.178 og að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum á hönnunarstjórnunarkerfinu,
- 3. að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,
- 4. að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt eða framlengt, eins og skilgreint er í 21L.B.21.

- e) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotu aftur að hámarki í 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í d-lið, komið á fót skilvirku kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs og Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt þetta kerfi.

- f) Stytta má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.
- g) Við lok hvernar eftirlitslotu skal Flugöryggisstofnunin gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á starfsemi yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins á grundvelli yfirlýsingar þess um hönnunargetu sína.

21L.B.185 Eftirlitsstarfsemi

- a) Þegar Flugöryggisstofnunin sannprófar að yfirlýst framleiðslufyrirtæki uppfylli kröfur í samræmi við 21L.B.183 og eftirlitsáætlunina, sem komið er á fót í samræmi við 21L.B.184, skal hún:
1. leiðbeina starfsfólki sem ber ábyrgð á eftirliti um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
 2. framkvæma mat, úttektir, skoðanir og ef þörf er á, fyrirvaralausar skoðanir,
 3. afla nauðsynlegra sönnunargagna ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í 21L.B.21 og 21L.B.22,
 4. upplýsa yfirlýsta hönnunarfyrirtækið um niðurstöður úr eftirlitsstarfseminni.
- b) Flugöryggisstofnunin skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framkvæma eftirlit.
- c) Ef Flugöryggisstofnunin uppgötvar vanefndir yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins gagnvart viðeigandi kröfum í A-þætti, verklagsreglum eða handbókum sem krafist er í A-þætti eða gagnvart yfirlýsingunni, sem lögð hefur verið fram, skal Flugöryggisstofnunin fara að ákvæðum 21L.B.21 og 21L.B.22.

21L.B.186 Breytingar á yfirlýsingum

- a) Við móttöku tilkynningar um breytingar í samræmi við 21L.A.178 skal Flugöryggisstofnunin sannreyna að tilkynningin sé fullnægjandi í samræmi við 21L.B.181.
- b) Flugöryggisstofnunin skal uppfæra eftirlitsáætlun sína, sem komið er á fót skv. 21L.B.184, og kanna hvort nauðsynlegt sé að ákvarða skilyrðin sem fyrirtækinu er heimilt að starfa eftir við breytinguna.
- c) Flugöryggisstofnunin skal uppfæra skrána þegar breytingarnar hafa áhrif á einhvern þátt yfirlýsingarinnar sem er skráð í samræmi við 21L.B.182.
- d) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur lokið þeim aðgerðum, sem krafist er samkvæmt a- til c-lið, skal hún senda staðfestingu um móttöku tilkynningarinnar til yfirlýsta hönnunarfyrirtækisins.

K-KAFLI – HLUTAR

(Frátekið til notkunar síðar)

M-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á TEGUNDARVOTTUÐUM FRAMLEIÐSLUVÖRUM

21L.B.201 Tegundarvottunargrunnur og kröfur um gildandi umhverfisvernd fyrir samþykki á hönnun viðgerðar

Flugöryggisstofnunin skal ákvarða hvers konar breytingar á tegundarvottunargrunninum og viðeigandi umhverfiskröfum, sem eru felldar inn með tilvísun, eftir því sem við á, í tegundarvottorðinu eða viðbórtategundarvottorðinu, sem hún telur nauðsynlegar til að viðhalda því öryggi og samrýmanleika við umhverfið sem jafngildir því sem áður hafði verið ákvarðað og tilkynna umsækjandanum þar um.

21L.B.202 Rannsókn og útgáfa samþykkis fyrir hönnun minni háttar viðgerðar

- a) Við móttöku umsóknar um samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin samþykkja hönnun minni háttar viðgerðarinnar þegar:
1. umsækjandinn hefur lagt fram gögn til staðfestingar og rökstuðning og hefur sýnt fram á og lýst því yfir að hönnun viðgerðarinnar uppfylli kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd sem kveðið er á um í samræmi við 21L.B.201,
 2. Flugöryggisstofnunin, með sannprófun á að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar, að teknu tilliti til hönnunareinkenna hönnunar viðgerðarinnar, hversu flókin hún er og hversu þýðingarmikil hönnun viðgerðarinnar er og að teknu tilliti til fyrri reynslu af hönnunarstarfsemi með umsækjandanum, hefur ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd,
 - ii. einkenni eða eiginleika á hönnun viðgerðarinnar sem gætu gert framleiðsluvöruna með hönnun viðgerðarinnar ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.
- b) Samþykki fyrir hönnun minni háttar viðgerðar skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21L.B.203 Rannsókn á umsókn um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

Við móttöku umsóknar um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin:

- a) framkvæma endurskoðun á upphaflegu áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og öllum síðari uppfærslum, sem umsækjandi hefur lagt fram til að staðfesta heilleika áætlunarinnar og hvort fyrirhugaðar aðferðir og leiðir til að sýna fram á að kröfur tegundarvottunargrunnsins og viðeigandi kröfur varðandi umhverfisvernd, sem ákvarðaðar og tilgreindar eru í samræmi við 21L.B.201, séu uppfylltar, og ef áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar er ófullnægjandi eða aðferðirnar og leiðirnar henta ekki til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjanda um það og fara fram á breytingu á áætluninni,
- b) þegar hún hefur gengið úr skugga um að áætlunin til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar sé viðeigandi þannig að umsækjandi geti sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar, samþykkja áætlunina til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar og allar síðari uppfærslur á áætluninni til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar,
- c) ákvarða líkur á ótilgreindri vanefnd hönnunar meiri háttar viðgerðar gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd og hugsanleg áhrif af völdum slíkrar vanefndar gagnvart kröfum á öryggi eða samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfið og ákvarða á þeim grundvelli hvort nauðsynlegt sé að framkvæma ástandsskoðun og -mat á fyrsta hlut/búnaði framleiðsluvörunnar í endanlegu breyttu útfærslunni til að sannprófa að framleiðsluvaran uppfylli kröfur viðeigandi tegundarvottunargrunns og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um það áður en þessi skoðun og mat fer fram,
- d) ef hún ákvarðar, við endurskoðun áætlunarinnar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar, að hönnun meiri háttar viðgerðar innihaldi þætti þar sem ótilgreind vanefnd gagnvart kröfum tegundarvottunargrunnsins eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd kunni að hafa neikvæð áhrif á öryggi eða samrýmanleika framleiðsluvörunnar við umhverfið, skal Flugöryggisstofnunin ákveða hvaða rannsóknir eru nauðsynlegar, til viðbótar við þær rannsóknir sem lýst er í c-lið, til að sannprófa að farið sé að áætluninni til að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar og skal Flugöryggisstofnunin tilkynna umsækjandanum um allar viðbótarannsóknir og hvaða þættir hönnunarinnar myndu falla undir þessar rannsóknir.

21L.B.204 Útgáfa samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar

- a) Við móttöku umsóknar um samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar á tegundarvottaðri framleiðsluvöru samkvæmt þessum viðauka skal Flugöryggisstofnunin samþykkja hönnun meiri háttar viðgerðar þegar:
1. umsækjandinn hefur sýnt fram á að hönnun viðgerðar og sviðin, sem hönnun viðgerðarinnar hefur áhrif á, uppfylli kröfur tegundarvottunargrunnsins og gildandi kröfur um umhverfisvernd, eins og Flugöryggisstofnunin hefur ákvarðað í samræmi við 21L.B.201 og

2. umsækjandinn hafi sýnt fram á og lýst yfir að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við 21L.A.208,
 3. eigandi tegundarvottorðsgagna, ef umsækjandi hefur tilgreint í samræmi við 5. lið b-liðar 21L.A.205 að hann hafi lagt fram vottunargögnin á grundvelli samkomulags við eiganda tegundarvottorðsgagnanna, hafi:
 - i. engin tæknileg andmæli gegn upplýsingunum sem lagðar voru fram skv. 2. lið a-liðar 21L.B.204 og
 - ii. samþykkt að starfa með handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar til að inna af hendi allar skuldbindingar varðandi áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvörunnar með hönnun viðgerðarinnar með því að uppfylla ákvæði 21L.A.210,
 4. að Flugöryggisstofnunin hefur, með sannprófun sinni á því að sýnt sé fram á að kröfur séu uppfylltar, ekki fundið:
 - i. vanefndir gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða, eftir atvikum, gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd,
 - ii. einkenni eða eiginleika á hönnun breytingarinnar sem gætu gert framleiðsluvöruna með hönnun viðgerðarinnar ótrygga til þeirrar notkunar sem óskað er eftir vottun fyrir.
- b) Samþykki fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar skal takmarkast við þá tilteknu útfærslu eða útfærslur í tegundarvottorðinu sem tengjast breytingunni.

21L.B.205 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi framleiðsluvara sem hönnun viðgerðar hefur verið samþykkt fyrir

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir framleiðsluvöru, sem hönnun viðgerðar hefur verið samþykkt fyrir, gagnvart kröfum tegundarvottunargrunna eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd, skal hún vekja máls á fráviki í samræmi við 21L.B.21 eða gefa út lofthæfifyrirmæli samkvæmt skilyrðum 21L.B.23.

21L.B.206 Óviðgerðar skemmdir

Þegar ekki er gert við skemmda framleiðsluvöru, sem heyrir ekki undir áður samþykkt gögn, skal Flugöryggisstofnunin framkvæma mat á afleiðingunum að því er varðar lofthæfi. Flugöryggisstofnunin skal setja allar takmarkanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öruggt flug með skemmdu framleiðsluvörunni.

N-KAFLI – HÖNNUN VIÐGERÐA Á LOFTFÖRUM SEM LÝST HEFUR VERIÐ YFIR AÐ UPPFYLLI HÖNNUNARKRÖFUR

21L.B.221 Fyrsta eftirlitsrannsókn yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

- a) Við móttöku yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar að því er varðar hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, skal Flugöryggisstofnunin sannreyna að hönnun viðgerðarinnar heyri undir gildissvið 21L.A.221 og að í yfirlýsingunni komi fram allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 21L.A.226. Flugöryggisstofnunin skal staðfesta móttöku yfirlýsingarinnar, þ.m.t. úthlutun sérstaks tilvísunarnúmers fyrir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, við skýrslugjafann.
- b) Flugöryggisstofnunin skal meta, á grundvelli áhættu á vanefnd gagnvart kröfum sem leiðir til hönnunar sem er ekki örugg til flugs eða ósamrýmanleg umhverfinu, hvort þörf sé á ástandsskoðun og mati á loftfarinu með hönnun meiri háttar viðgerðar og síðan tilkynna skýrslugjafanum um það ef svo er. Þetta áhættumat skal taka tillit til:

1. hversu flókin hönnun meiri háttar viðgerðar er og hver heildaráhrif á burðarvirki loftfars, flugeiginleika og kerfi eru,

2. fyrri reynslu af ástandsskoðunum á loftförum og hönnun meiri háttar viðgerða og breytingum sem skýrslugjafi hefur tilgreint,
 3. viðbragða skýrslugjafans við öllum fyrri frávikum vegna vanefnda gagnvart kröfum varðandi tiltekið loftfar eða svipað loftfar, sem skýrslugjafi hannaði sem einnig heyrði undir yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar,
- c) Ef Flugöryggisstofnunin finnur sönnunargögn í yfirlýsingunni eða með ástandsskoðuninni og matinu, ef slíkt er framkvæmt í samræmi við b-lið 21L.B.221, sem gefa til kynna að loftfarið með hönnun meiri háttar viðgerðar gæti verið ófært um að stunda öruggt flug eða gæti verið ósamrýmanlegt við umhverfisákvæði meðan á starfrækslu stendur, skal Flugöryggisstofnunin vekja máls á frávikinu í samræmi við 21L.B.21.

21L.B.222 Skráning yfirlýsingar um hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

- a) Flugöryggisstofnunin skal skrá yfirlýsingu um hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur að því tilskildu að:
1. skýrslugjafinn hafi lýst því yfir að hönnunarkröfur séu uppfylltar í samræmi við a-lið 21L.A.226,
 2. skýrslugjafinn hafi afhent Flugöryggisstofnuninni skjölin sem krafist er í samræmi við d-lið 21L.A.226,
 3. skýrslugjafinn hafi skuldbundið sig til að uppfylla skyldurnar í samræmi við 21L.A.228,
 4. engin óleyst atriði séu eftir úr ástandsskoðuninni, ef hún er framkvæmd í samræmi við b-lið 21L.B.221.
- b) Flugöryggisstofnunin skal aðeins skrá yfirlýsingu um hönnun meiri háttar viðgerðar á loftfari, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, ef hún takmarkast við tiltekna útfærslu eða útfærslur í skráðu yfirlýsingunni um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sem tengjast hönnun meiri háttar viðgerðarinnar.

21L.B.223 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi hönnunar viðgerðar sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur

Verði Flugöryggisstofnunin vör við með eftirliti sínu með áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. með tilkynningum sem henni berast í samræmi við 21L.A.3, eða með öðrum hætti, vanefndir hönnunar viðgerðar, sem lýst hefur verið yfir að uppfylli hönnunarkröfur, gagnvart kröfum tegundarvottunargrunns eða gagnvart viðeigandi kröfum varðandi umhverfisvernd, skal hún vekja máls á frávikinu í samræmi við 21L.B.21 eða gefa út lofthæfifyrirmæli samkvæmt skilyrðum 21L.B.23.

O-KAFLI — EVRÓPSKAR TÆKNIFORSKRIFTARHEIMILDIR

(Frátekið til notkunar síðar)

P-KAFLI — FLUGLEYFI

(frátekið)

Q-KAFLI — AUÐKENNING FRAMLEIÐSLUVARA OG HLUTA

R-KAFLI – SAMRÆMISYFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR OG OPINBERT VIÐHALDSVOTTORÐ (EASA-EYÐUBLAÐ NR. 1) FYRIR HREYFLA OG LOFTSKRÚFUR OG HLUTA ÞEIRRA SEM SAMRÆMAST YFIRLÝSINGU UM AÐ HÖNNUNARKRÖFUR SÉU UPPFYLTLAR

Viðbætur við I. viðauka b (21. hluta Light)

EASA-EYÐUBLÖÐ

Þegar eyðublöð þessa viðauka eru gefin út á öðru tungumáli en ensku skal þeim fylgja ensk þýðing

Á EASA-eyðublöðunum, sem um getur í viðbæturnum við þennan hluta, skulu koma fram eftirfarandi skyldubundnar upplýsingar. Aðildarríki skulu tryggja að EASA-eyðublöðin, sem þau gefa út, séu þekkjanleg sem slík og skulu bera ábyrgð á prentun þessara eyðublaða.

- I. viðbætur EASA-eyðublað nr. 24B Takmarkað lofthæfivottorð
- II. viðbætur EASA-eyðublað nr. 45B Takmarkað hljóðstigsvottorð
- III. viðbætur EASA-eyðublað nr. 52B Samræmisýfirlýsing fyrir loftfar
- IV. viðbætur EASA-eyðublað nr. 53B Viðhaldsvottorð

I. viðbætur

Takmarkað lofthæfivottorð – EASA-eyðublað nr. 24B

Kennimerki lögbærs yfirvalds

TAKMARKAÐ LOFTHÆFIVOTTORÐ (YFIRLÝST)

(⁴)	[Skráningaraðildarríki] [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS]	4
1. Ríkisfang og skráningarmerki	2. Framleiðandi og tákun framleiðanda loftfars	3. Raðnúmer loftfars
4. Flokkar		
5. Þetta takmarkaða lofthæfivottorð er gefið út skv. a-lið 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1139 að því er varðar framangreint loftfar sem telst lofthæft þegar því er viðhaldið og það er starfrækt í samræmi við fyrrgreind og viðeigandi starfrækslumörk. Auk framangreinds skal eftirfarandi takmörkun gilda: Þetta takmarkaða lofthæfivottorð er gefið út á grundvelli yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar, sem gerð er í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og er í gildi og viðurkennt í öllum aðildarríkjum ESB án frekari krafna eða mats. Þetta vottorð uppfyllir ekki allar viðeigandi kröfur í 8. viðauka Chicago-samningsins um alþjóðlegt almenningflug og gildir því hugsanlega ekki fyrir alþjóðlega flugleiðsögu í ríkjum utan ESB nema það sé samþykkt af ríkinu eða ríkjunum sem flogið er yfir.		
Útgáfudagur:		Undirskrift:
6. Þetta takmarkaða lofthæfivottorð heldur gildi sínu nema lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins afturkalli það. Festa skal gilt lofthæfistaðfestingarvottorð við þetta vottorð.		

EASA-eyðublað nr. 24B – 1. útgáfa

Þetta vottorð skal ætíð vera um borð meðan á flugi stendur.

⁽⁴⁾ *Útfyllist af skráningaraðildarríki.

II. viðbætur

Takmarkað hljóðstigsvottorð — EASA-eyðublað nr. 45B

Útfyllist af skráningaraðildarríki	1. Skráningaraðildarríki	3. Skjalnr.:
2. TAKMARKAÐ HLJÓÐSTIGSVOTTOÐ (YFIRLÝST)		
4. Skrásetningarmerki:	5. Framleiðandi og táknun loftfars:	6. Raðnúmer loftfars:
7. Táknun hreyfils:	8. Táknun loftskrúfu:	
9. Hámarksflugtaksmassi (kg)		
10. Aðrar breytingar sem gerðar hafa verið til að uppfylla ákvæði viðeigandi hljóðstigsvottunarstaðla:		
11. Hljóðstigsvottunarstaðall:	12. Hljóðstig í flugtaki:	
Athugasemdir		
13. Þetta takmarkaða hljóðstigsvottorð er gefið út skv. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 að því er varðar framangreint loftfar, sem skýrslugjafi hefur lýst yfir að uppfylli hönnunarkröfur í samræmi við I. viðauka b (21. hluta Light) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 til að uppfylla tilgreindan hljóðstyrksstaðal þegar því er viðhaldið og það er starfrækt í samræmi við viðeigandi kröfur og starfrækslumörk.		
14. Útgáfudagur 15. Undirskrift		

EASA-eyðublað nr. 45B – 1. útgáfa

III. viðbætur

Samræmisýfirlýsing fyrir loftfar – EASA-eyðublað nr. 52B

SAMRÆMISÝFIRLÝSING FYRIR LOFTFAR		
1. Framleiðsluríki	2. [AÐILDARRÍKI] Aðildarríki Evrópusambandsins	3. Tilvísunarnúmer yfirlýsingar:
4. Fyrirtæki		
5. Tegund loftfars	6. Tilvísunarnúmer tegundarvottorðs/yfirlýsingar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar:	
7. Skráning eða merki loftfars	8. Auðkenninúmer framleiðanda	
9. Nákvæmar upplýsingar um hreyfil/loftskrófu ⁽⁵⁾		
10. Breytingar og/eða þjónustuleiðbeiningar ¹		
11. Loftþæfifyrirmæli		
12. Sérleyfi		
13. Undanþágur, eftirgjöf eða frávík frá reglum ¹		
14. Athugasemdir		
15. Takmarkað loftþæfivottorð/loftþæfivottorð		
16. Viðbótarkröfur		
17. Samræmisýfirlýsing Hér með vottast að loftfarið er í fullu samræmi við: ☐ tegundarvottaða hönnun eða ☐ yfirlýst hönnunargögn og við atriðin hér að ofan í reitum 9, 10, 11, 12 og 13. Loftfarið er í öruggu rekstrarástandi. Loftfarið hefur staðist flugprófun.		
18. Undirskrift	19. Nafn	20. Dagsetning (dagur/mánuður/ár)
21. Tilvísunarnúmer yfirlýsts eða samþykkt framleiðslufyrirtækis (ef við á)		

EASA-eyðublað nr. 52B – 1. útgáfa

⁽⁵⁾ Stríkið yfir þar sem við á.

Notkunarleiðbeiningar fyrir „Samræmisýfirlýsingu fyrir loftfar, EASA-eyðublað nr. 52B“**1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ**

- 1.1. Tilgangurinn með samræmisýfirlýsingu loftfars (EASA-eyðublað nr. 52B), sem gefin er út samkvæmt G-kafla eða R-kafla A-þáttar í I. viðauka b (21. hluta Light) eða samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (21. hluta), er að gera framleiðslufyrirtækinu kleift að sækja um sérstakt lofthæfivottorð fyrir loftfar eða takmarkað lofthæfivottorð hjá lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins.

2. ALMENNT

- 2.1. Form samræmisýfirlýsingarinnar skal vera í samræmi við fyrirmyndina, þ.m.t. númer reitanna og staðsetning hvers reits. Þó má breyta stærð hvers reits eftir því sem hentar fyrir viðkomandi umsókn en ekki að því marki að samræmisýfirlýsingin verði óþekktanleg. Hafa skal samráð við lögbæra yfirvaldið í vafatilvikum.

- 2.2. Samræmisýfirlýsing skal annaðhvort vera forprentuð eða tölvugerð en hvort heldur er skal prentun lína og stafa vera skýr og læsileg. Leyfilegt er að forprenta texta í samræmi við meðfylgjandi fyrirmynd en engar aðrar vottunaryfirlýsingar eru leyfðar.

- 2.3. Fylla má yfirlýsinguna út með því að prenta hana í vél eða tölvu eða handskrifa hana með hástöfum til að auðvelt sé að lesa hana. Nota má ensku og, eftir því sem við á, eitt eða fleiri opinber tungumál útgáfuaðildarríkisins.

- 2.4. Samþykkt framleiðslufyrirtækið skal varðveita afrit af yfirlýsingunni og öllum fylgiskjöllum sem vísað er til.

3. HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR SAMRÆMISÝFIRLÝSINGU BER AÐ FYLLA HANA ÚT

- 3.1. Hver reitur skal fylltur út til að skjalið verði gilt sem yfirlýsing.

- 3.2. Samræmisýfirlýsingu má ekki gefa út til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkis nema hönnun loftfarsins og framleiðsluvaranna, sem settar eru í það, hafi verið samþykkt eða yfirlýsing um að hönnunarkröfur séu uppfylltar sé skráð hjá Flugöryggisstofnuninni.

- 3.3. Upplýsingarnar, sem krafist er í 9., 10., 11., 12., 13. og 14. reit, mega vera í formi tilvísana í sérstök, auðkennd skjöl, sem framleiðslufyrirtækið varðveitir, nema lögbæra yfirvaldið samþykki annað.

- 3.4. Þessari samræmisýfirlýsingu er ekki ætlað að ná yfir þær einingar búnaðar sem kann að vera krafist að sé settur í til að fullnægja viðeigandi rekstrarreglum. Hins vegar er heimilt að færa sumar þessara eininga í 10. reit eða í samþykkt tegundarhönnun eða yfirlýsta hönnun loftfars. Flugrekendur eru því minntir á að þeir bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að viðeigandi rekstrarreglum að því er varðar þeirra eigin rekstur.

1. reitur Hér skal færa heiti framleiðsluríkis.

2. reitur Lögbæra yfirvaldið sem veitir heimild til að gefa samræmisýfirlýsinguna út.

3. reitur Í þessum reit skal vera einkvæmt, forprentað raðnúmer vegna eftirlits og rekjanleika yfirlýsingarinnar. Sé um tölvugert skjal að ræða þarf númerið þó ekki að vera forprentað ef tölvan er forrituð til að mynda og prenta einkvæmt númer.

4. reitur Fullt heiti og heimilisfang fyrirtækisins sem gefur út yfirlýsinguna. Þessi reitur má vera forprentaður. Kennimerki o.s.frv. er leyft ef kennimerkið rúmast innan reitsins.

5. reitur Fullt tegundarheiti loftfars eins og það er tilgreint í tegundarvottorðinu og tilheyrandi gagnablaði eða yfirlýstri hönnun loftfarsins sem Flugöryggisstofnunin hefur skráð.
6. reitur Tilvísunarnúmer og útgáfa tegundarvottorðs fyrir loftfarið sem um er að ræða eða skráningar-númer yfirlýsingarinnar um að hönnunarkröfur séu uppfylltar.
7. reitur Ef loftfarið er skráð er þetta merki skrásetningarmarkið. Ef loftfarið er ekki skráð skal þetta vera merki sem lögbært yfirvald aðildarríkisins viðurkennir og, ef við á, lögbært yfirvald þriðja lands.
8. reitur Kenninúmer sem framleiðslufyrirtæki gefur vegna eftirlits og rekjanleika og vörubjónustu. Þetta númer er stundum kallað „raðnúmer framleiðslufyrirtækis“ eða „númer þess sem annast smíðina“.
9. reitur Fullt tegundarheiti hreyfils og loftskrófu eins og það er tilgreint á viðeigandi tegundarvottorði eða í tilheyrandi yfirlýsingu um að hönnunarkröfur séu uppfylltar. Kenninúmer/tilvísunarnúmer framleiðslufyrirtækis og heimilisfang skal einnig koma fram.
10. reitur Samþykktar eða yfirlýstar breytingar á hönnun loftfars
11. reitur Skrá yfir öll viðeigandi lofthæfifyrirmæli (eða jafngildi þeirra) og yfirlýsingu um að kröfur lofthæfifyrirmæla séu uppfylltar ásamt lýsingu á aðferðinni við að uppfylla kröfur að því er varðar loftfarið sem um er að ræða, þ.m.t. framleiðsluvörur, ísettir hlutar, búnaður og tæki. Tilgreina skal allar framtíðardagsetningar til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar.
12. reitur Samþykkt eða yfirlýst, óviljandi frávik frá samþykkttri tegundarhönnun eða yfirlýstri hönnun, stundum kölluð „sérleyfi“, „frávik“ eða „atriði sem samræmast ekki reglum“.
13. reitur Hér mega aðeins koma fram samþykktar eða yfirlýstar undanþágur, eftirgjöf eða frávik frá reglum.
14. reitur Athugasemdir. Allar yfirlýsingar, upplýsingar, tiltekin gögn eða takmarkanir sem kunna að hafa áhrif á lofthæfi loftfarsins sem um er að ræða. Ef engar slíkar upplýsingar eða gögn eru gefin skal skrifa „EKKERT“.
15. reitur Hér skal færa „lofthæfivottorð“ eða „takmarkað lofthæfivottorð“ sem það lofthæfivottorð sem óskað er eftir.
16. reitur Aðrar kröfur, eins og þær sem innflutningsland leggur fram, skulu færðar í þennan reit.
17. reitur Gildi samræmis yfirlýsingarinnar veltur á því að allir reitir eyðublaðsins séu útfylltir. Framleiðslu-fyrirtæki skal geyma afrit af flugprófunarskýrslu, ásamt skráðum bilunum og upplýsingum um lagfæringar. Viðeigandi viðhaldsvottar og flugliði, t.d. reynsluflugmaður eða flugvélstjóri reynsluflugsins, skulu skrifa undir að skýrslan sé fullnægjandi.

Flugprófanirnar, sem eru framkvæmdar, eru þær sem skilgreindar eru undir eftirliti gæðastjórnun-arþáttar framleiðslukerfisins, eins og ákvarðað er annað hvort í:

1. b-lið í 21L.A.124 eða
2. f-lið 21L.A.273,

til að tryggja að loftfar samræmist viðeigandi hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi.

Framleiðslufyrirtækið skal geyma á skrá yfirlit yfir einingarnar sem látnar eru í té (eða gerðar tiltækar) til að uppfylla rekstraröryggisþætti þessarar yfirlýsingar.

18. reitur Samræmisýfirlýsingin getur verið undirrituð af einstaklingi, sem framleiðslufyrirtækið hefur veitt heimild til þess í samræmi við d-lið 21L.A.125 eða b-lið 21L.A.273. Undirritun með stimpli er ekki heimil.
19. reitur *Nafn einstaklingsins, sem undirritar yfirlýsinguna, skal vera vélritað eða prentað á læsilegan hátt.*
20. reitur Hér skal koma fram undirritunardagur samræmisýfirlýsingarinnar.
21. reitur Hér skal tilgreina tilvísunarnúmer samþykkis lögbæra yfirvaldsins.

IV. viðbætur

VIÐHALDSVOTTORÐ – EASA-eyðublað nr. 53B

VIÐHALDSVOTTORÐ
[HEITI FRAMLEIÐSLUFYRIRTÆKIS]
Tilvísunarnúmer fyrir framleiðslufyrirtæki:
Viðhaldsvottorð í samræmi við e-lið 21L.A.126 eða 8. lið 21L.A.273 í I. viðauka b (21. hluta Light) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 (strikið út þar sem við á).
Loftfar:Gerð:Númer þess sem annaðist smíðina/skráninguna:
hefur verið viðhaldið eins og tilgreint er í verkbeiðni:
Stutt lýsing á verkinu sem unnið var:
Hér með vottast að verkið sem tilgreint er hefur verið innt af hendi í samræmi við e-lið 21L.A.126 eða 8. lið 21L.A.273 í I. viðauka b (21. hluta Light) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 (strikið út það sem við á) og hægt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið og það er því í öruggu rekstrarástandi.
Viðhaldsvottar (nafn):
(undirskrift):
Staðsetning:
Dagsetning: (dagur/mán./ár)

EASA-eyðublað nr. 53B – 1. útgáfa

LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU

Í reitnum STUTT LÝSING Á VERKINU SEM UNNIÐ VAR á EASA-eyðublaði nr. 53B skal vera tilvísun í samþykkt gögn sem notuð voru til að vinna verkið.

Í reitnum STAÐSETNING á EASA-eyðublaði nr. 53B skal tilgreina staðinn þar sem viðhaldið var framkvæmt, ekki aðsetur fyrirtækisins (ef það er annað).“
